

Gerðir kirkjuþings 2013

50. kirkjuþing,

haldið í Grensáskirkju 10.-15. nóvember 2013,

í Seljakirkju 1.-2. mars 2014

Efnisyfirlit

Setningarræða forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar.....	5
Ávarp innanríkisráðherra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur.....	10
Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur	14
Kosningar í upphafi kirkjuþings 2013	17
1. mál. Skýrsla kirkjuráðs	19
2. mál. Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar	50
3. mál. Skýrslur nefnda og starfshópa.....	64
4. mál. Þingsályktun um skipan prestsþjónustunnar	66
5. mál. Þingsályktun um sameiningu prestakalla	92
6. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007	93
7. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007	94
8. mál. Þingsályktun um tillögu að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007	95
9. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007	96
10. mál. Þingsályktun um tillögu að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007	97
11. mál. Þingsályktun um tillögu að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009	100
12. mál. Þingsályktun um frumvarp til breytinga á þjóðkirkjulögum	102
13. mál. Þingsályktun um frumvarp til þjóðkirkjulaga	104
14. mál. Þingsályktun um endurskoðun starfsreglna nr. 1109/2011 um val og veitingu prestsembætta	113
15. mál. Þingsályktun um fræðslustefnu þjóðkirkjunnar	114
16. mál. Þingsályktun um samkirkjunefnd	123
17. mál. Þingsályktun um kyrrðarstarf	124
18. mál. Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna	125
19. mál. Tillaga til þingsályktunar um miðaldadómkirkju í Skálholti	127
20. mál. Tillaga að starfsreglum um brotfall starfsreglna um þjóðmálanefnd nr. 1028/2007	128
21. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009.....	129

22. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009.....	130
23. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins nr. 952/2009	131
24. mál. Þingsályktun um breytingu á siðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar.....	133
25 mál. Þingsályktun um prestsþjónustu fyrir Íslendinga í Danmörku og Svíþjóð	134
26. mál. Tillaga til þingsályktunar um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa	135
27. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um presta nr. 1110/2011..	136
28. mál. Þingsályktun um auglýsingar prestsembætta	137
29. mál. Þingsályktun um skipun starfshóps til að vinna að stefnumótun um stjórnslu þjóðkirkjunnar	138
30. mál. Þingsályktun um skipan nefndar til að vinna tillögur um fjármál og rekstur.....	139
31. mál. Þingsályktun um mótun gæðastefnu þjóðkirkjunnar	140
32. mál. Þingsályktun um viðaukasamning við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997	141
33. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007	143
34. mál. Þingsályktun um sölu fasteignar í eigu kirkjumálasjóðs.....	144
Kjör í nefndir í lok kirkjuþings 2013	145

Setningarræða forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar

Kirkjuþing 2013 er sett, 50. kirkjuþing hinnar íslensku þjóðkirkju. Verið öll hjartanlega velkomin hingað í dag, kirkjuþingsfulltrúar og góðir gestir.

Í dag heilsum við sérstaklega nýjum innanríkisráðherra, frú Hönnu Birnu Kristjánsdóttur. Við væntum árangursríks samstarfs og góðra samskipta við ráðherra og bjóðum hana innilega velkomna á kirkjuþing.

Nú fer í hönd síðasta reglulega kirkjuþing á þessu kjörtímabili. Eðlilega hljótum við þingfulltrúar að velta því fyrir okkur hvort við höfum komið þeim málum í farveg sem e.t.v. brunnu á okkur þegar við gáfum kost á okkur til þessara starfa. Sjálfsagt sýnist sitt hverjum í þeim efnum en það er ljóst að nokkur veigamikil mál hafa haft meiri fyrirferð en önnur á þessu kjörtímabili.

Í upphafi kjörtímabilsins bar einna hæst skipun rannsóknarnefndar kirkjuþings, en tillaga um það var samþykkt við aðra umræðu 14. nóvember 2010. Viðbrögð við niðurstöðu rannsóknarnefndarinnar voru svo rædd á aukakirkjuþingi í júní 2011 og svo á reglulegum þingum 2011 og 2012.

Á kjörtímabilinu hafa orðið óvenjulega miklar mannabreytingar í helstu embættum þjóðkirkjunnar. Nýr biskup var kjörinn sem og nýir vígslubiskupar. Einnig sagði forseti kirkjuþings af sér af heilsufarsástæðum. Svo miklar breytingar á stuttum tíma hafa auðvitað áhrif.

Niðurskurður á samningsbundnum greiðslum til kirkjunnar sem og stórfelldur niðurskurður á sóknargjöldum hefur auðvitað litað flest mál sem hafa verið tekin fyrir á undanförunum kirkjuþingum. Sá fjárhagsvandi sem sóknir hafa þurft að glíma við sem og verulega skertar tekjur kirkjumálasjóðs hafa valdið öllu kirkjuþingsfólki miklum áhyggjum og auðvitað hafa umræður um þá stöðu verið afar fyrirferðamiklar, og því miður er sú erfíða staða ekki að baki.

Það eru mörg stór mál sem við í þjóðkirkjunni þurfum að takast á við.

Nefna má:

Fækkun fólks í kirkjunni.

Þunga fjárhagsstöðu.

Viðfangsefni er varða viðhorf og traust kirkjunnar.

Samskipti við ríkisvaldið.

Eðlilega veltir fólk því fyrir sér hverju við kirkjuþingsfulltrúar höfum komið í verk og þá kannski sérstaklega því sem t.d. varðar þessar stóru áskoranir sem ég nefndi hér á undan sem og ýmsar aðrar. Mörg mál eru viðkvæm og oft er sársaukafullt að takast á við slík verkefni. Spurningin er hinsvegar hvenær er góður tími til þess að glíma við þau?

Það er staðreynd að fólki hefur fækkað í þjóðkirkjunni sé litið til hlutfalls landsmanna sem skráðir eru í hana. Samkvæmt mínum heimildum eru rúmlega 245 þúsund manns skráðir í þjóðkirkjuna af tæplega 322 þúsund landsmönnum. Það eru rúm 76% landsmanna. Árið 1998 voru um 500 færri skráðir í þjóðkirkjuna en það voru þá 89.9% landsmanna. Er þarna ekki verkefni sem kirkjan þarf að takast á við? Ef svarið er já, hvenær er þá góður tími til að bregðast við þessari fækkun?

Frá hrúni hefur þjóðkirkjan ekki haft nægar tekjur fyrir árlegum útgjöldum. Það hefur því þurft að selja eignir og taka fé úr sjóðum s.s jöfnunarsjóði sókna til að standa undir rekstri kirkjunnar, einkum launagreiðslum. Margir segja að svona sé ekki hægt að reka stofnunina áfram. Gjöld mega ekki vera meiri en þær tekjur sem kirkjan hefur til ráðstöfunar. Ef fólk er sammála því hvenær er þá góður tími til að bregðast við þessum fjárhagshalla?

Það er fagnaðarefni að í ár segjast 34% treysta þjóðkirkjunni samkvæmt þjóðarpúlsinum hjá Capacent. Það er aukning úr 28% frá fyrra ári. Er það nógu gott að þriðjungur þjóðarinnar beri mikið traust til þjóðkirkjunnar? Erum við sátt við það? Eigum við að, og getum við, einhvern veginn staðið undir auknu trausti? Ef svarið við þeirri spurningu er já hvenær er þá góður tími til að gera eitthvað í því.

Samskipti við ríkisvaldið hafa verið erfið undanfarin ár. Við auðvitað vonum að þau aukist, styrkist og batni. Það hefur komið fram að það standi til að efna til viðræðna um þau samskipti, einkum fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju. Hver verða okkar markmið í slíkum viðræðum? Skiptir máli að undirbúa slíkar viðræður vel? Ef svarið við því er já þá má spyrja hvenær er góður tími til að gera það?

Það eru margar stofnanir, félög, fyrirtæki og fjölskyldur sem hafa þurft að bregðast við breyttum aðstæðum undanfarin ár. Margir hafa lent í erfiðleikum. Aðstæður breytast. Viðhorf breytast. Umhverfið breytist. Fólk sem hefur unnið við rekstrarráðgjöf orðar það stundum þannig að þeir sem hafi lent í erfiðri stöðu eigi það oft sameiginlegt að gera of lítið of seint til að bregðast við því.

Staðreyndin er sú að það er aldrei þægilegur tími að bregðast við í erfiðum málum og kannski er tíminn til þess aldrei góður. Tíminn til þess verður samt sjaldan betri þó málum sé frestað.

Það reynir á alla á erfiðum tímum. Það á líka við um okkur sem störfum fyrir þjóðkirkjuna!

Þegar minna fé er til skiptanna í mörg þörf verkefni verður oft ágreiningur um hvað skuli gera og hverju skuli sleppt. Þetta þekkjum við. Stundum getur vandinn orðið það stór að ekki nægi ár eftir ár að ræða um hvernig eigi að skipta síminnkandi köku þegar hugur þeirra sem vilja ræða skiptinguna er bundin einhverju stærra kökuformi. Að því kemur að lögun og stærð formsins þurfi að hugsa upp á nýtt.

Í grunninn er skipulag í okkar kirkju byggt á sveitakirkjunni sem var flutt í bæinn. Sóknin er eining sem er mjög sjálfstæð. Þó stutt sé í næstu sókn og næstu kirkju er samstarf og samnot oft lítið. Það má velta því fyrir sér að ef okkur væri falið að skipuleggja nýja

Þjóðkirkju frá grunni hvort við leggjum upp með það skipulag sem við höfum í dag? Myndum við kannski komast að þeirri niðurstöðu að aðstæður í þéttbýli séu allt aðrar en í dreifbýli? Á sama skipulagið að gilda á öllu landinu eða gæti verið farsælt að skoða skipulag sem gæti hentað mismunandi aðstæðum? Er ekki nauðsynlegt að opna fyrir umræðu um hvort eitthvert annað fyrirkomulag geti tryggt fleira fólki betri þjónustu af hálfu kirkjunnar? Það hlýtur að vera markmið okkar að tryggja sem flestum sem besta þjónustu fyrir þau gæði sem við höfum til ráðstöfunar.

Ég hef velt því fyrir mér hver raunveruleg staða leikmanna sé í ábyrgðarstörfum kirkjunnar.

Hefur kirkjan þörf fyrir leikmenn í slíkum embættum? Er lýðræðið mikilvægt kirkjunni?

Það er margt sem við nefnum á sparidögum. Þá er oft talað um þáttökukirkju. Rætt um kirkjuþing sem æðstu stofnun þjóðkirkjunnar á Íslandi og stundum látið fylgja að þar séu leikmenn í meirihluta. En eftir því hefur verið tekið að á stórum stundum í kirkjunni er ekkert sérstaklega munað eftir þessum kirkjuþingsleikmönnum sem svo eru nefndir til aðgreiningar.

Það hefur ekki farið fram hjá þeim sem eru í þeim hópi hvaða sess þeim er búinn við biskupsvígslur og á sérstökum kirkjuhátíðum. Þetta er ekki nefnt hér til að pirrast út í einn eða annan eða til að kalla eftir eftir einhverjum forgangi þessa hóps. Þetta er bara enn eitt atriðið sem undirstrikar þá aðgreiningu sem er á fólki innan kirkjunnar. Jafnvel þeirra sem eru í helstu ábyrgðarhlutverkum innan hennar. Það er of mikið af þið og við.

Ég tel þetta ekki vera heppilegt. Allir þurfa að stuðla að því að fólk vinni meira saman og að við sé meira notað orð en þið. Það mundi hjálpa til ef hlutverk hinna óvígðu trúnaðarmanna kirkjunnar væri skilgreint og í framhaldinu jafnvel viðurkennt.

Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að meiri almenn þátttaka óvígðra í starfsemi þjóðkirkjunnar og trúnaðarstörfum innan hennar verði til blessunar og að framtíðar hagsmunir kirkjunnar séu m.a. fólgnir í því að vel takist til í þeim efnum. Það má líta til Þýskalands og læra af því hvernig þau hjá EKD hafa brugðist við fækkun í kirkjunni og minni fjárráðum. Meðal annars með því að fá aukin fjölda sjálfbodaliða til starfa fyrir kirkjuna. Benda má þeim sem áhuga hafa á þessu á ágæta skýrslu um þáttökukirkjuna sem dreift var á kirkjuþingi 2010. Það er t.d. mjög áhugavert sem þar er sagt varðandi skilgreiningu á andlagi kirkjunnar á móti sjálfbodinni þjónustu.

Þorsteinn Pálsson fyrrverandi forsætisráðherra og kirkjumálaráðherra kom og ræddi við okkur á stuttum málfundi sem við höldum í tengslum við kirkjuþingsfundir í mars fyrr á árinu. Þorsteinn hvatti til þess að kirkjan gætti vel að baklandi sínu. Ræktaði það, sinnti og byggði upp. Það sem hann sagði var auðvitað hárrétt. Kirkjan þarf virkilega að gæta að baklandi sínu.

Þessi brýning Þorsteins kemur oft upp í hugann í tengslum við ýmis samskiptamál kirkjunnar. Það verður að segjast eins og er að við hljótum að geta gert betur í þeim efnum. Einhvern vegin er það svo að mál sem manni finnst ekki stór geta farið á versta veg fyrir

Þjóðkirkjuna. Skýringin getur ekki alltaf verið sú að einhverjir séu svo andsnúnir kirkjunni að þess vegna fari hún illa út úr umræðunni. Oft þannig að kirkjan hrökklist undan á flóttu í málum þar sem í raun engu hefur verið klúðrað, nema kannski umræðunni. Stundum fara jafnvel starfsmenn kirkjunnar mikinn á slíkum stundum. Á þessu þurfum við að taka fulla ábyrgð og í þessum efnum þurfum við að gera miklu betur. Málstaður kirkjunnar er oftast góður og það er auðvitað einlægur vilji þeirra sem innan hennar starfa að gera vel og gera rétt. Við þurfum hins vegar einhverjar leiðbeiningar um með hvaða hætti við komum því á framfæri. Þurfum að læra hvernig kirkjan og einstakir fulltrúar fyrir hennar hönd eiga í samskiptum við fólk í gegnum allar tegundir fjölmiðla sem og manna á meðal. Þjóðkirkjan, stærsta fjöldahreyfing landsins á ekki og í raun má ekki vera svona oft á flóttu í umræðunni.

Betri samskipti eru aðeins einn liður af mörgum sem þarf að huga vel að þegar kemur að því að rækta bakland kirkjunnar. Margt fleira þarf að koma til. Það er ákaflega mikilvægt að þessi mál verði sett á dagskrá af fullri alvöru og það strax. Það er einnig á okkar ábyrgð, góðir kirkjuþingsfulltrúar, að gera okkar í þessum efnum. Við þurfum að taka þátt í þessum ræktunarstörfum sem Þorsteinn Pálsson brýndi okkur til.

Á síðasta kirkjuþingi var samþykkt ákvæði til bráðabirgða um að fresta mætti þingfundum um allt að 6 mánuði. Kirkjuþing 2012 kom saman í þremur lotum. Fundurinn í desember það ár var þó sérstaklega boðaður til að ræða mál sem snéri að gerð samkomulags við ríkisvaldið, en annars voru þingfundir í nóvember og mars.

Fosætisnefnd leggur á þessu þingi til að þingsköpum verði breytt svo þetta verði áfram heimilt.

Nú þegar við göngum til þingstarfa á þessu síðasta þingi kjörtímabilsins eru 31 mál á dagskrá. Sum hver stór og þýðingamikil fyrir kirkjuna s.s. tillaga að nýjum þjóðkirkjulögum. Það er mál sem lengi hefur verið unnið að á vettvangi kirkjuþings. Svo stórt mál þarfnast vandaðrar umræðu bæði á þingfundum, í nefndum og eins utan kirkjuþings. Ábyrgð okkar kirkjuþingsfulltrúa er mikil í því máli.

Þá eru auðvitað mál á dagskrá sem búast má við að kalli á mikla umræðu og að um þau geti verið mjög skiptar skoðanir.

Verkefni okkar er koma öllum málum í farsælan farveg og leitast við að ná eins góðri niðurstöðu og unnt er. Það er mikilvægt að við höfum heildarhagsmuni kirkjunnar í huga í hverju máli og gleymum ekki að það skiptir miklu að ná góðri sátt um niðurstöður. Því þó skoðanir fólks séu skiptar og stundum sé tekist á í umræðum þá minni ég á að án efa eru allir kirkjuþingsfulltrúar hér til að vinna að hagsmunum þjóðkirkjunnar af fullum heilindum.

Dagskrá þessa þings verður nokkuð þéttari en stundum hefur verið áður. Einhverjir hafa gert athugasemdir við forseta um það að dagskráin sé stíf aðrir fagnað því að dagarnir séu nýttir til fulls. Við munum leitast við að halda þá dagskrá sem hefur verið kynnt en

til að koma til móts við öll sjónarmið þá má auðvitað hnippa í forseta ef mönnum finnst vinnuálagið vera farið að hafa áhrif á gæði starfa kirkjuþingsins.

Kæru kirkjuþingsfulltrúar. Þau þrjú ár sem við höfum setið saman hér á kirkjuþingi hafa verið viðburðarrík en þau hafa líka verið þjóðkirkjunni erfið. Stundum hættir manni til að einblína um of á þungu málin og vera upptekin af erfiðleikunum. Mikilvægt er að staldra við og líta til þess sem vel hefur heppnast og á allt það góða starf sem er innan vébanda hinnar íslensku þjóðkirkju. Málstaðurinn er góður. Erindið mikilvægt og tilgangur þeirra þjónustu sem veitt er fagur. Það gleymist oft í umræðunni af hverju kirkjan er til og hvaða þjónusta er veitt innan hennar.

Við sem sitjum á kirkjuþingi berum mikla ábyrgð og talsverðar væntingar eru um að niðurstaðan af okkar starfi hér verði góð. Kæru vinir öxlum þá ábyrgð og stöndum undir þeim væntingum.

Ávarp innanríkisráðherra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur

Heiðruðu fulltrúar á kirkjuþingi –

Biskup Íslands, góðir gestir.

Það er mikil ánægja fyrir mig að fá tækifæri til að ávarpa kirkjuþing og vera hér með ykkur við setningu þess.

Nú er tæpt hálf tveggja ár síðan ég settist í stól innanríkisráðherra og tók þar með við kirkjumálum í stjórnarráðinu. Ég hef á þessum tíma átt góð, upplýsandi og uppbyggileg samskipti við fulltrúa þjóðkirkjunnar og vænti áframhaldandi góðs samstarfs um mikilvæg mál fyrir íslenskt samfélag.

Við sem hér erum – fulltrúar ríkisvalds og fulltrúar kirkjunnar – eigum samleið á svo mörgum sviðum. Þess vegna er mikilvægt að við vinnum vel saman til að virkja samtakamátt þjóðarinnar – byggja upp traust, velvilja og von. Þar gegnir kristin trú og kærleiksboðskapur kirkjunnar miklu hlutverki og getur verið ljós í því myrkri sem mætt hefur of mörgum í okkar annars góða samfélagi.

Kæru þingfulltrúar.

Þær breytingar sem við höfum öll upplifað á undanförunum árum – hafa tekið sinn toll. Sóknin hefur þurft að víkja fyrir vörninni hjá of mörgum einstaklingum og það sama er að segja um þjóðfélagið allt – sem þurft hefur að skilgreina flestar forsendur og forgangsöröðun upp á nýtt.

En þó við vitum og séum reglulega minnt á það að mótvindurinn sé ekki frá – þá stefnum við á betri tíma og þangað stefnum við meðal annars með trúna að vopni.

Nokkur umræða hefur verið í samfélaginu á liðnum misserum um gildi og hlutverk kristinnar trúar. Það er ekkert nema eðlilegt að við sem samfélag skiptumst á skoðunum um slík grunngildi – en sum sveitarfélög og sumir stjórnáamenn hafa talið það forgangsverkefni á þeim tímum sem við nú lifum – að finna leiðir til að færa trúna, boðskap hennar og áherslur eins langt frá æsku þessa lands og mögulegt er. Á tímum þar sem eðlilega er mikið rætt um vísýni, umburðarlyndi og fjölbreytni er þannig markvisst unnið að því að halda öllu sem skilgreina má sem trúarlegt frá skólabörnum.

Ég er ekki sammála þeirri stefnu og það segi ég ekki bara sem stjórnáamamaður – heldur miklu frekar sem móðir tveggja barna á grunnskólaaldri. Á sama tíma og börnin okkar kynnast flestu ef ekki öllu sem gerist í samfélaginu; heimsækja reglulega á vegum skólans fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök, fá í heimsókn boðbera ólíkra sjónarmiða í skólana sína, að því ógleymsdu að dvelja flest óáreitt langdvölum í netheimum – er Gídeonfélagið hins vegar sett á bannlista samhliða því sem af alvöru er rætt um að heimsóknir barna í kirkjur landsins, einstaka Faðir vor eða jólasálmar geti skaðað æsku þessa lands. Á ögurstundum í lífi þessarar þjóðar getur það varla verið forgangsmál að forða börnunum

okkar frá boðskap um kristni og kærleika – enda hlýtur skólustarf nútímans að eiga að einkennast af fjölbreytni, vali og trú á því að einstaklingarnir sjálfir fái með fræðslu og upplýsingu tækifæri til að móta sínar lífsskoðanir, trú og sannfæringu.

Það er oft talað um að eiga sér barnatrú. Sú trú er að mínu mati mikilvægari en flest annað. Þannig má aldrei vanmeta þær minningar og tilfinningarnar sem tengjast því að eiga trú sem barn og eiga að fylgja okkur alla ævi. Kærleikurinn er kjarninn í kristinni trú og með kærleikann að leiðarljósi stígum við mörg skref í átt að betra samfélagi.

Kæru þingfulltrúar.

Mig langar að nota þetta tækifæri til að segja ykkur örstutt frá því þegar ég sem ung kona átti þess kost, ásamt vinahópi mínum, að eiga stund með sr. Sigurbirni Einarssyni biskup og ræða við hann um sýn hans og sjónarmið. Ég hafði auðvitað alist upp við það sem barn að hlýða með athygli á orð hans, ljóð og ræður og á okkur krakkana var iðullega sussað þegar Sigurbjörn talaði til þjóðarinnar í gegnum útvarp eða sjónvarp þess tíma.

Í Skálholti fyrir um það bil 15 árum nutum við nokkur þess að eiga við hann upplýsandi samtál. Hann kom til fundar við okkur ásamt eiginkonu sinni og gaf sér góðan tíma til að ræða málin. Ein úr hópnum spurði í lokin hvort hann gæti í stuttu máli sagt okkur hvað Guð væri fyrir honum. Hann svaraði að bragði: Guð er allt hið góða sem birtist í gjörðum Jesú Krists. Svo einfalt og svo skýrt. Þessi kjarnyrta lýsing hans hafði áhrif á okkur öll og þegar við hjónin eignuðumst yngri dóttur okkar færði þessi vinkona okkur sérhannað koddaver þar sem þessi orð sr. Sigurbjörns voru letruð á.

Þessi stutta tilvitnun segir svo margt. Ég hjó sérstaklega eftir því að hann talaði um gjörðir frelsarans en ekki orð. Það færir okkur aftur að umræðunni um kærleikann og setur um leið ákveðna ábyrgð á herðar okkar sem okkur er ætlað að axla. Líf okkar á að vera vitnisburður um kærleika. Að við sýnum góðvild og kærleika í verki.

Það er á þessum grunni sem við treystum kirkjunni fyrir okkar stærstu stundum í lífinu. Ég þarf auðvitað ekki að segja ykkur að kirkjustarf snýst ekki um hús eða byggingar, heldur fólkið sem hana sækir. Á þeim grundvelli þarf kirkjan að verða aukinn hluti af okkar daglega lífi, og þá ekki bara á stóru stundunum. Kirkjan á Íslandi hefur stigið stór skref í því að bjóða alla velkomna og þannig sett kærleikann í öndvegi. Hún hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu og mig langar til að biðja ykkur sem hér sitjið um að gleyma því aldrei. Ég veit að reglulega hittast leiðtogar kristinna trúfélaga á Íslandi til að biðja fyrir landi og þjóð og af því er gott að vita. Það gefur okkur sem störfum í stjórnámálum aukinn styrk en umfram allt þá gefur það þjóðinni einnig aukinn styrk.

Kæru þingfulltrúar.

Undanfarið hafa komið til mín mætir einstaklingar, bæði frá kirkjunni og einstaka sóknum, til að ræða um sóknargjöldin og gert mér rækilega grein fyrir skerðingum á þeim umfram aðrar stofnanir. Þessi ríkisstjórn ber ekki ábyrgð á þeim aðgerðum – því ójafnræði í niðurskurði – en það er engu að síður vilji minn að nota komandi misseri til að ná sátt við þjóðkirkjuna og önnur trúfélög um þau mál.

Það er ekki sanngjarnt að gera þá kröfu til núverandi ríkisstjórnar að hún leiðrétti þessa umframskerðingu í einu skrefi og það strax. Við þurfum öll sem hér erum að skilja þá erfiðu stöðu sem enn er til staðar í fjármálum ríkisins. Eins og áður hefur verið greint frá má gera ráð fyrir því að ríkissjóður verði rekinn með um 30 milljarða króna halla á þessu ári. Það er sú staða sem blasir við nýrri ríkisstjórn en við stefnum hins vegar á hallalaus fjárlög á næsta ári og frá því mikilvæga markmiði verður ekki hvikað.

Eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi næsta árs munu sóknargjöldin hækka um rúmar 65 milljónir króna á næsta ári umfram verðlag. Það er ekki sjálfgefið í núverandi árferði en við fjármálaráðherra komumst að þeirri niðurstöðu að leggja þetta til. Þetta er mikilvægt fyrsta skref og eins og ég sagði vil ég gjarnan að við stöndum upp frá þessu verkefni á næstu misserum sátt við þá niðurstöðu sem þá liggur fyrir.

Kæru þingfulltrúar.

Ég átti góðan fund með Biskupi Íslands á mínum fyrstu dögum sem ráðherra í sumar. Á fundinum gerði biskup mér grein fyrir fjárhagslegum málum þjóðkirkjunnar og afhenti mér minnisblað kirkjuráðs um þau mál. Í framhaldi af þeim fundi ákvað ég að skipa starfshóp sem fjalla á um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju.

Það er mér sönn ánægja að tilkynna hér í dag að ég hef beðið Sigríði Önnu Þórðardóttur, fv. ráðherra, að leiða þann starfshóp. Ég treysti henni einstaklega vel til að komast að góðri, sanngjarnri og uppbyggilegri niðurstöðu um framtíðarfyrirkomulag þessara samskipta – og treysti því að þið í þessum hópi gerið það einnig.

Vinna hópsins verður í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar byggist hún á endurskoðunarákvæði í 4. gr. kirkjujarðasamkomulagsins svokallaða og hins vegar á lögum um sóknargjöld. Þetta er mikilvægur starfshópur og ég bind miklar vonir við að í framhaldi af vinnu hans náum við að móta stefnu til framtíðar sem tryggir sjálfbærni í fjármálum kirkjunnar.

Ég vil í þessu samhengi víkja stuttlega að viðræðum sem stóðu nýlega yfir við Prestafélagið um nýja gjaldskrá fyrir aukaverk presta. Ég veit að ekki voru allir í sáttir við niðurstöðu mína í því máli, en ég var ekki tilbúin til að fallast á tillögu presta um mikla hækkun á gjaldskránni, þó svo að ég skilji þau sjónarmið sem þar komu fram og rökstuðninginn fyrir þeim. Ég hef þó í framhaldinu óskað eftir viðræðum um breytt fyrirkomulag, enda tel ég ekki eðlilegt að ráðherra ákveði slíka gjaldskrá. Í mínum huga kemur til greina að afnema lögin sem um þetta gilda, enda hefur margt breyst frá því að þau voru samþykkt fyrir rúmum 80 árum. Ég veit að þetta er til umræðu hér á þessu þingi núna um helgina og ég vonast til þess að við komumst að farsælli niðurstöðu um þau mál.

Kæru þingfulltrúar.

Þrátt fyrir að undanfarin ár hafi um margt verið umbrotatími í starfi íslenskrar kirkju – hefur kirkjan sýnt kærleikann í verki með ýmsum hætti. Fyrst og fremst hefur það verið gert með því að viðurkenna ákveðinn fortíðarvanda og þá þætti í kirkjustarfi sem betur hafa mátt fara til framtíðar.

Samhliða því hefur kirkjan lagt sig fram um aukinn skilning, umburðarlyndi og virðingu fyrir því að samfélag okkar tekur stöðugum breytingum sem mikilvægt er að fylgja – þrátt fyrir að grunnildi kristinnar trúar séu óbreytt. Kirkjan steig einnig stórt skref sem afdráttarlaus þátttakandi í brýnustu úrlausnarefnum þjóðarbúsins með því að hefja söfnun fyrir tækjakaupum á Landspítalann og fyrir það er þjóðin þakklát. Og risaskref var svo stigið í átt til aukins jafnréttis kynjanna innan kirkjunnar og í samfélaginu almennt með þegar kirkjan valdi sér konu sem biskup – fyrir það eigum við öll að vera þakklát.

Ég vil að lokum hvetja okkur öll til að muna það alltaf að við erum að þjóna fólkinu í landinu. Við erum að leggja grunn að betra samfélagi og á þeirri vegferð megum við aldrei víkja frá gildum okkar.

Kirkjan á Íslandi hefur tækifæri til að byggja enn frekar á þeim sterka grunni sem hún hefur þegar reist í þjóðarsálinni. Sá grunnur er ekki reistur á sambandi ríkis og kirkju heldur á sambandi kirkjunnar við þjóðina. Sambandi kirkjunnar við kærleikann – það sem æðra er og betra og ekki síst sambandi kirkjunnar við þá sátt, samstöðu og samtakamátt sem á og verður að ríkja í okkar góða samfélagi.

Ég hvet kirkjuna til að gera allt sem í hennar valdi stendur til að eiga áfram öfluga samleið með íslenskri þjóð og langar að enda þá hvatningu mína til ykkar – með upphafsorðum ljóðs sem ég hef miklar mætur á eftir sr. Sigurbjörn Einarsson biskup:

*Fræ í frosti sefur
fönnin ei grandar því.
Drottins vald á vori
vekur það upp á ný.*

Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur

Innanríkisráðherra, forseti kirkjuþings, kirkjuþingsfulltrúar, vígslubiskupar, góðir gestir.

Lífsins Guð, leiddu okkur til réttlætis og friðar. Þessi setning heyrðist æði oft á 10. heimsþingi Alkirkjuráðsins, sem haldið var í Busan í Suður-Kóreu í síðustu og þar síðustu viku. Hún var yfirskrift þingsins, bæn þeirra þúsunda sem sóttu það, vakti von í brjóstum þeirra sem búa við óréttlæti og ófrið og leiddi hugann að aðstæðum í eigin landi og kirkju. Alkirkjuráðið var stofnað eftir síðari heimsstyrjöldina, árið 1948 og voru kirkjudeildirnar í upphafi 147 talsins. Nú eru þær 345 og telja um hálfan milljarð manna. Þjóðkirkjan er aðili að þessum samkirkjulegu samtökum, sem og Lúterska heimssambandinu og kirknasambandi Evrópu, sem vinnur að einingu á milli hinna mismunandi kirkjudeilda í Evrópu eins og Alkirkjuráðið á heimsvísu.

Það sem tengir kristna menn úr hinum ýmsu kirkjudeildum er trúin á Jesú Krist. Það er dýrmætt að geta sameinast um hana þó við deilum ekki sama skilningi hvað kenningu og túlkun varðar. Við biskupsritari, sem sóttum áður nefnt heimsþing Alkirkjuráðsins nýverið fundum það glöggt hve gefandi og nauðsynlegt er að fá að taka þátt í samfélagi kristins fólks víðs vegar að úr heiminum og úr mörgum kirkjudeildum. Við deildum sameiginlegri trú og kærleika til þess Guðs er Jesús birti okkur og boðaði. Samkirkjulegt starf hefur verið hér á landi um áratuga skeið og hefur það leitt til þess að hinar ýmsu kristnu kirkjudeildir hafa getað sameinast um bænadaga og helgihald. Eining kristninnar er það mikilvæga atriði sem fær okkur til að taka þátt í samkirkjulegu starfi þó vissulega greini okkur á um ýmsa þætti í kenningunni.

Lífsins Guð, leiddu okkur til réttlætis og friðar. Öll þráum við frið og gerum okkur grein fyrir því að friður, jafnvægi, næst ekki nema réttlæti ríki. Við búum ekki við ófrið af því tagi er margir sögðu frá á heimsþinginu í Busan. Þjóð okkar er ekki klofin í tvennt og helmingnum haldið fönngnum eins og Kóreanar búa við. Kirkjur okkar eru ekki brenndar og prestar drepnir, eins og Egyptar búa við. Landið okkar er ekki hertekið. Samt er þörf fyrir bæn til Guðs lífsins um réttlæti og frið. Það er ófriður í landi okkar, það er ófriður í kirkju okkar. Ófriður í þeirri merkingu að margir upplifa óréttlæti, þvinganir, afskiptaleysi, ósjálfstæði, ójafnrétti, kvíða, reiði. Þjóðkirkjan eins og aðrar stofnanir og heimili þjóðfélagsins hafa fundið fyrir efnahagshruninu og þurft hefur að fara í sársaukafullar aðgerðir til að mæta niðurskurði. Fjármál sóknanna eru erfið og komin á alvarlegt stig hjá sumum. Merkja má aukningu í sálgæsluviðtöl og fleiri taka þátt í ört vaxandi framboði starfs í kirkjunum. Þjóðkirkjan er stærstu samtök fólks hér á landi og þrátt fyrir prósentufækkun hefur einstaklingum fjölgað í henni síðustu ár.

Hvert er erindi kirkjunnar? Það er sístæð spurning, sem við verðum alltaf að vera með í huga. Auðvitað er erindi kirkjunnar alltaf það sama, það er að boða Jesú Krist. Segja frá honum, læra af honum, líkja eftir honum, biðja til hans, lifa í trú á hann. Spurningin er þá hvernig komum við því erindi til skila og hvar á það erindi helst við. Á þinginu í

Busan talaði biskup frá Sri Lanca. Hann talaði um guðfræði fórnarlambins og dró fram í dagsljósið reynslu hinna þjáðu og lagði áherslu á að hlustað væri á reynsla þeirra sem eru á jaðrinum. Rödd þeirra þarf að heyrast í kirkjunni sagði hann því kirkjan á að vera vettvangur sannleikans, réttlætis, kærleika, sáttargjörðar, endurreisnar, upprisu og friðar. Hann sagði að hin spámannlega rödd kirkjunnar þyrfti að heyrast. Ræða hans leiddi huga minn til minnar kirkju og þjóðar og sannfærði mig enn frekar um það að rödd kirkjunnar þarf að heyrast betur og hún á að tala máli þeirra sem ekki geta látið í sér heyra eða fá ekki áheyrn. Rödd kirkjunnar heyrast ekki aðeins innan fjögurra veggja kirkjuhúsanna heldur í þjóðfélaginu, enda á hún að vera boðberi kærleikans og friðarins. Hún á að vinna að réttlæti og friði. Kirkjan á að standa með þeim sem minna mega sín. Sér þjónusta kirkjunnar er nauðsynleg. Kirkjan á að vera stolt af þeirri þjónustu sem sérþjónustuprestarnir veita. Þá þjónustu má ekki skerða. Stöndum vörð um hana.

Fólk hefur væntingar til kirkjunnar. Merki þess eru e.t.v. frekar á landsbyggðinni, þar sem fólksfækkun hefur víða orðið og þjónusta minnkað. Þar hefur kirkjan mikilvægu hlutverki að gegna. Hún er samnefnari samfélagsins, jafnvel einnig í augum þeirra sem ekki tilheyra henni. Hún stendur með fólki í gleði og sorg og er öllum opin. Ekki hvað síst kemur það í ljós þegar á bjátar.

Hver er sjálfsskilningur okkar? Hver er sjálfsskilningur kirkjunnar? Hluti af vanda kirkjunnar á hverjum tíma er að við deilum ekki sameiginlegri sýn á kirkjuna og hlutverk hennar. Stundum ber líka á því að spenna ríki milli vígðra og óvígðra. En það er næsta víst að kirkjan er okkur öllum mikils virði, enda værum við ekki saman komin hér í dag ef við vildum ekki vinna henni gagn. Við spyrjum ekki hvað getur kirkjan gert fyrir mig, heldur hvað get ég gert fyrir kirkjuna.

Lífsins Guð, leiddu okkur til réttlætis og friðar. Á heimsþinginu í Busan var athyglisvert að sjá hve vel þess var gætt að jafnrétti ríkti í hvívetna. Þar var jöfn skipting kynja, fólk var á öllum aldri og fatlaðir voru fullgildir þátttakendur. Þáttakendur voru hið minnsta 5000 og sjálfboðaliðar, ungt fólk, kom frá 90 löndum.

Þjóðkirkjan státar af jafnréttisstefnu, sem fara ber eftir. Réttlæti mun aldrei verða náð nema jafnrétti sé virt. Í skýrslu jafnréttisnefndar kirkjunnar sem eru í gögnum kirkjuþings kemur fram að upplýsingum hafi verið safnað „um laun starfsfólks kirkjunnar, annars vegar á prófastsdæmisvísu hvað varðar starfsfólk safnaða og hins vegar á landsvísu hvað varðar presta og starfsfólk Biskupsstofu og stofnana kirkjunnar, sbr. kafla 3 í framkvæmdaáætlun. Einnig voru teknar saman tölulegar upplýsingar um starfsfólk kirkjunnar, þær greindar út frá kyni og teknar voru saman upplýsingar um kynjahlutöll í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum kirkjunnar. Helstu niðurstöður eru að hlutfall launaðs starfsfólks hefur minnkað og þá hjá báðum kynjum. Kynin bæði virðast öflug í sjálboðnu starfi og varla er þar marktækur munur á milli kynja. Mun fleiri karlar en konur eru organistar og flestir þeirra eru á verktakagreiðslum. Konur og karlar gegna nokkuð jafnt kirkjuvörslu en karlar virðast vera að fá meira greitt fyrir þau störf en konur. Sama má segja um meðhjálparastarfið þó eru þar fleiri karlar og þiggja þeir flestir verktakagreiðslur. Konurnar taka að sér

ræstingarstörfin með örfáum undantekningum og fá oftast málamynda greiðslu fyrir en þær sinna oft en ekki kirkjuvörslu einnig og jafnvel meðhjálparastarfi líka“.

Segja má að niðurstöður gefi til kynna nokkuð góða mynd af jafnrétti innan kirkjunnar miðað við það sem almennt gerist, þó má ekki sofna á verðinum. Markmið jafnréttisstefnunnar er „að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla í þjóðkirkjunni og jöfnum möguleikum kynjanna til starfa, áhrifa og þjónustu“.

Lífsins Guð, leiddu okkur til réttlætis og friðar. Ég hef orðið vör við sársauka í kirkju okkar. Mörgum finnst þau ekki fá áheyrn, eru óörugg með stöðu sína eða finnst á þeim brotið. Það er nauðsynlegt að hlúa að kirkjunnar fólki, sem hefur það hlutverk að hlúa að öðrum. T.d. hafa heyrst raddir um að embættisskipti færu ekki fram á réttlátan hátt og kallað hefur verið eftir reglum um þau. Ákveðið hefur verið að setja á blað reglur, en binda þær ekki í starfsreglur. Reglurnar felast í því að hafi prestur áhuga á því að skipta tímabundið um starfsvettvang geri hann biskupi óskir sínar kunnar skriflega, þannig að öll embættisskipti fari í gegnum biskupsembættið en ekki í gegnum persónuleg samskipti. Reglurnar verða kynntar nánar síðar á þessu ári. Sóknarnefndarfólk hefur þurft að glíma við fjárhagsvanda og eru margir orðnir þreyttir og vonsviknir enda virðist vandinn engan endi ætla að taka.

Hlutverk kirkjuþings er að setja kirkjustarfinu umgjörð sem styður það starf og þá þjónustusem kirkjan sinnir. Það er að sönnu vandasamt einkum þegar fjármagn er af skornum skammti. Það fylgir því líka viss vandi að vera fámenn þjóð í stóru landi. Þjóðkirkjan hefur skuldbundið sig til að hafa þjónustu í nærsamfélaginu um allt land. Kirkjuþing 2013 fær það verkefni að skoða tillögur um skipan þjónustunnar um land allt, ekki í fyrsta skipti, enda eru skipulagsmál sístætt verkefni.

Í landi okkar ríkir spenna milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Það á einnig við í kirkjunni. Sú spenna er tengd þjónustuþörfinni og þjónustubyrðinni. Ef til vill þurfum við að setta okkur við það að við getum ekki látið það sama yfir allt landið ganga. Í reglum verður að taka tillit til aðstæðna. Skilningur og sanngirni þurfa að vera í fyrirrúmi, sem og viljinn til að kynna sér raunverulegar aðstæður og vanda. Sem kirkja erum við hluti af líkama Kristis. Ef einn hluti þjáist, þjáist allur líkaminn. Ekki má gleyma samkenndinni.

Kirkjan er fólk á ferð. Hún er ekki stöðnuð stofnun heldur lifandi samfélag þeirra er trú á Jesú Krist. Kirkjan gengur inn í heiminn og biður þess að kraftur Guðs, megi hafa áhrif, lækna, græða, gera heilt. Framgöngum í anda hans, sem er fyrirmynd okkar og frelsari. Við þörfumst Guðs og við þörfumst hvers annars. Við þjónum Guði og hvert öðru.

Ég vil nota tækifærið og þakka þeim er undirbúið hafa kirkjuþingið, starfsfólki Biskupsstofu, forsætisnefnd og þingfulltrúum. Einnig þeim er flytja okkur ljúfa tóna hér í dag. Einnig þakka ég sóknarpresti og sóknarnefnd Grensáskirkju fyrir afnotin af kirkju og safnaðarheimili.

Lífsins Guð, leiddu okkur til réttlætis og friðar.

Kosningar í upphafi kirkjuþings 2013

Kosning 1. varaforseta

Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir

Kosning 2. varaforseta

Stefán Magnússon

Kosning fastra þingnefnda Kirkjuþings

Löggjafarnefnd

Arna Grétarsdóttir

Ásbjörn Jónsson,

Birgir Rafn Styrmisson

Dagný Halla Tómasdóttir, formaður

Leifur Ragnar Jónsson

Magnús Björn Björnsson, varaformaður

Margrét Björnsdóttir

Óskar Ingi Ingason

Steindór R. Haraldsson

Fjárhagsnefnd

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir

Bjarni Kr. Grímsson, varaformaður

Brynhildur Óladóttir

Egill H. Gíslason

Gunnlaugur Stefánsson

Skúli Sigurður Ólafsson

Svana Helen Björnsdóttir, formaður

Svavar Stefánsson

Allsherjarnefnd

Baldur Kristjánsson

Birna Guðrún Konráðsdóttir

Elínborg Gísladóttir, formaður

Georg Friðrik Kemp Halldórsson

Gísli Gunnarsson

Margrét Jónsdóttir

Marinó Bjarnason,

Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir, varaformaður

Sigurður Árni Þórðarson

Stefán Magnússon

Þórunn Júlíusdóttir

Kosning formanna fastra þingnefnda

Löggjafarnefnd

Dagný Halla Tómasdóttir

Fjárhagsnefnd

Svana Helen Björnsdóttir

Allsherjarnefnd

Elínborg Gísladóttir

Kosning varaformanna fastra þingnefnda

Löggjafarnefnd

Magnús B. Björnsson

Fjárhagsnefnd

Bjarni Kr. Grímsson

Allsherjarnefnd

Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir

Þingskrifrarar

Birgir Rafn Styrmisson

Egill Heiðar Gíslason

Þingforseti er Magnús E. Kristjánsson

1. mál kirkjuþings 2013
Flutt af kirkjuráði

Skýrsla kirkjuráðs

Inngangur

Kirkjuráð var kjörið til fjögurra ára á kirkjuþingi 2010, en kosið var til kirkjuþings á því ári. Í kirkjuráði sitja auk biskups Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, sem er forseti kirkjuráðs lögum samkvæmt, kirkjuþingsfulltrúarnir Ásbjörn Jónsson, sr. Gísli Gunnarsson, sr. Gunnlaugur Stefánsson, og Katrín Ásgrímsdóttir. Varamenn eru kirkjuþingsfulltrúarnir Birna G. Konráðsdóttir, sr. Sigurður Árni Þórðarson, sr. Elínborg Gísladóttir og Svana Helen Björnsdóttir.

Skipulag Kirkjuráðs

Störf kirkjuráðs byggjast á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 svo og starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000. Þar er kveðið á um verkefni kirkjuráðs sem fer með framkvæmd þeirra sameiginlegu verkefna þjóðkirkjunnar sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess, m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtaka leikmanna, Alþingis og ráðherra. Kirkjuráð undirbýr kirkjuþing í samráði við forseta þingsins og forsætisnefnd. Þá undirbýr ráðið þingmál sín, kynnir þau á þingmálafundum og veitir kirkjuþingsfulltrúum sem þess óska aðstoð við framsetningu þingmála. Kirkjuráð annast almennt framkvæmd ákvarðana þingsins ef annað er ekki ákveðið af kirkjuþingi. Kirkjuráð hefur yfirumsjón með fjármálum og fasteignamálum þjóðkirkjunnar og fer með stjórn Jöfnunarsjóðs sókna og kirkjumálasjóðs og úthlutar úr sjóðunum á grundvelli umsókna og fjárhagsáætlana stofnana. Í fjármálaumsýslunni felst m.a. að gera fjárhagsáætlanir og fjárlagatillögur og árita ársreikninga þeirra sjóða sem ráðið stýrir og leggur fram á kirkjuþingi. Kirkjuráð veitir sóknum margháttaða ráðgjöf um stjórnslu og fjármál.

Kirkjuráðsfundir

Kirkjuráð heldur fundi að jafnaði einu sinni í mánuði á Biskupsstofu og á þessu starfsári hefur ráðið haldið 18 fundi, þar af þrjá stutta fundi á meðan kirkjuþing 2012 stóð yfir. Fundur kirkjuráðs þann 12. júní 2013 fór að hluta fram í Selvogi við Strandarkirkju. Fundur kirkjuráðs þann 15. október 2013 fór fram í kirkjumíðstöðinni á Eiðum á Héraði. Auk kirkjuráðsmanna og framkvæmdastjóra, sitja að jafnaði fundi ráðsins skrifstofustjóri Biskupsstofu, fjármálastjóri Biskupsstofu og biskupsritari sem ritar fundargerðir. Forseti kirkjuþings hefur setið fundi kirkjuráðs þegar málefni kirkjuþings eru til umfjöllunar. Forsætisnefnd og formenn nefnda kirkjuþings sátu kirkjuráðsfund þann 7. janúar sl. þegar ræddar voru ályktanir og samþykktir kirkjuþings 2012 og jafnframt sat forseti kirkjuþings kirkjuráðsfund þann 9. október 2013, þegar rætt var um undirbúning kirkjuþings 2013. Víglubiskupar sitja fundi ráðsins þegar málefni biskupsstólanna eru til umfjöllunar.

Starfshópar kirkjuráðs

Starfshópar kirkjuráðs eiga sér samsvörun í föstum þingnefndum kirkjuþings og eru skipaðir formanni viðkomandi þingnefndar, fulltrúa úr kirkjuráði og fulltrúa biskups Íslands.

Starfsfólk kirkjuráðs

Starfsmenn kirkjuráðs eru: Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðrún Finnbjarnardóttir fulltrúi, Arnór Skúlason, arkitekt, verkefnastjóri viðhaldsmála á fasteignasviði en Kristín Mjöll Kristinsdóttir, innanhúsarkitekt, sem gegnt hafði því starfi áður, lét af störfum 31. mars sl. Einnig starfaði fyrir kirkjuráð Kristín Björg Albertsdóttir, verkefnastjóri lögfræði- og stjórnsýslumála á fasteignasviði, en hún sagði starfi sínu lausu frá 1. september sl. Ekki hefur verið ráðinn lögfræðingur í hennar stað. Þá starfar Ólína Hulda Guðmundsdóttir fulltrúi á fasteignasviði í hlutastarfi. Verkefnastjóri á sviði fjármála sókna er Magnhildur Sigurbjörnsdóttir. Á sviði upplýsingatæknimála starfar Örvar Kárasón verkefnisstjóri.

Framkvæmdastjóra kirkjuráðs hefur verið veitt launalaust leyfi frá störfum í eitt ár að eigin ósk frá næstu áramótum og mun hann fara til starfa á fasteignasviði í leyfi sínu. Fjármálastjóri Biskupsstofu, Sigríður Dögg Geirsdóttir, mun leysa hann af í leyfinu. Ragnhildur Benediksdóttir, skrifstofustjóri Biskupsstofu lét af störfum 31. maí sl. Nýr skrifstofustjóri er Sveinbjörg Pálsdóttir, guðfræðingur og stjórnsýslufræðingur.

Verkefni kirkjuráðs á starfsárinu

Reglulegt kirkjuþing, 49. kirkjuþing 2012, hófst í Grensáskirkju þann 11. nóvember 2012. Það var frábrugðið fyrri þingum því það kom saman í þremur lotum, í nóvember, í desember og í mars en á kirkjuþingi í nóvember 2012 var samþykkt bráðabirgðaákvæði við starfsreglur um þingsköp kirkjuþing nr. 949/2009, að fresta mætti þinginu í allt að sex mánuði. Þingfundir voru haldnir frá 11. nóvember til fimmtudagsins 15. nóvember, laugardaginn 15. desember s.á og 1. og 2. mars 2013. Tveir seinni þingfundir voru haldnir í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu.

Á þinginu voru lögð fram 46 mál þar af voru 31 þingmannamál, kirkjuráð flutti sjö mál, biskup Íslands fjögur, millipinganefnd flutti eitt mál og innanríkisráðherra tvö mál. Eitt mál var flutt af fulltrúa kirkjuþings unga fólksins. Alls voru 32 mál afgreidd á 49. kirkjuþingi. Gerðir kirkjuþings eru gefnar út og þeim dreift til þingfulltrúa, presta, formanna sóknarnefnda o. fl. Þar er finna breytingar á starfsreglum, nýjar starfsreglur og ályktanir og samþykktir kirkjuþings. Kirkjuráð hefur unnið að framkvæmd og kynningu þeirra mála sem kirkjuþing fól ráðinu að sinna. Jafnframt hafa samþykktar starfsreglur verið birtar í Stjórnartíðindum. Skal nú gerð grein fyrir störfum kirkjuráðs við framkvæmd samþykta kirkjuþings.

Ályktanir og samþykktir 49. kirkjuþings 2012 og viðbrögð kirkjuráðs við þeim

1. mál. Skýrsla kirkjuráðs – Ályktun kirkjuþings

„Kirkjuþing 2012 lýsir ánægju sinni með vinnu úrbótanefndar kirkjuþings varðandi viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar vegna ásakana um kynferðisbrot, einelti og annað ofbeldi innan hennar og felur kirkjuráði að vinna eftir ábendingum nefndarinnar.“

Biskup mun flytja endurskoðaða fræðslustefnu á þessu þingi þar sem sem m.a. er fjallað um forvarnir og fræðslu um viðbrögð við einelti og ofbeldi.

„Kirkjuþing 2012 telur skýrslu starfshóps um tónlistarmál áhugaverða, en óskar eftir ítarlegri greinargerð um faglega þætti málsins. Kirkjuþing leggur áherslu á að ekki megi slá af kröfum í menntun organista og tónlistarfólks kirkjunnar. Þá er bent á nauðsyn þess að aðilum máls séu kynntar tillögurnar áður en lengra er haldið.“

Biskup og kirkjuráð hafa haft til athugunar tónlistarmál kirkjunnar sbr. skýrslu starfshóps um tónlistarmál sem kynnt var snemma á síðasta ári. (Sjá umfjöllum um Tónskóla þjóðkirkjunnar síðar í skýrslunni).

„Kirkjuþing 2012 hefur fjallað um málefni Skálholts og hvetur til þess að treystur verði rekstrargrundvöllur staðarins og nýjar leiðir skoðaðar, bæði í rekstri og yfirstjórn.“

Sjá umfjöllum um Skálholt síðar í skýrslunni.

2. mál. Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar – Ályktun kirkjuþings

„Kirkjuþing 2012 afgreiðir ársreikninga þjóðkirkjunnar fyrir árið 2011 um einstaka sjóði, stofnanir og viðfangsefni þjóðkirkjunnar athugasemdalaust. Farið hefur verið yfir fyrirbyggjandi endurskoðunarskýrslu til kirkjuþings frá Ríkisendurskoðun. Kirkjuþing staðfestir að reikningshald kirkjulegra embætta, stofnana og sjóða fyrir árið 2011 hafi hlotið fullnægjandi endurskoðun.

Undanfarin fjögur ár hefur þjóðkirkjan tekið á sig umtalsverða tekjuskerðingu þar sem greiðslur ríkisins til kirkjunnar hafa minnkað ár frá ári. Annars vegar er þar um að ræða lögbundin sóknargjöld, félagsgjöld, sem ríkið innheimtir og hins vegar samningsbundnar greiðslur ríkisins vegna kirkjueigna sem ríkinu voru afhentar með sérstöku samkomulagi frá 1997. Kirkjujarðasamkomulagið fjallar um afhendingu kirkjujarða til ríkisins á móti skuldbindingu um að greiða laun presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Þjóðkirkjan hefur ekki vikist undan ábyrgð og fallist á skerðingu á kirkjujarðasamkomulaginu undanfarin ár. Nú liggur fyrir tillaga ríkisvaldsins að enn verði skert um 1,2% til viðbótar. Sóknargjöldin eru lögbundin félagsgjöld sem ganga til reksturs safnaðanna. Óumdeilt er að sóknir þjóðkirkjunnar hafa orðið fyrir mun meiri skerðingu en stofnanir innanríkisráðuneytisins. Frá fjárlögum ársins 2008 til 2011 hafa sóknargjöld lækkað sem nemur 25% umfram fjárveitingar til stofnana innanríkisráðuneytisins, samanber skýrslu nefndar innanríkisráðherra til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar. Ríkið hefur nú viðurkennt þetta misræmi og hyggst bæta skerðingu sóknargjalda undanfarinna ára að hluta með tímabundnu viðbótarframlagi. Engu að síður vantar mikið uppá að sóknargjöldin séu í samræmi við lög nr. 91/1987 og veldur

það kirkjuþingi vonbrigðum. Framundan eru viðræður þjóðkirkjunnar og ríkisins um fjárhagsleg samskipti. Markmið þeirra viðræðna er m.a. leiðrétting á sóknargjöldunum, að gerður verði skriflegur samningur um sóknargjöldin og að skerðingar undanfarinna ára á kirkjujarðasamkomulaginu gangi til baka.“

Fjárhagsnefnd kirkjuþings 2012 beinir því til kirkjuráðs og biskups Íslands að áfram verði unnið að eftirfarandi atriðum:

- a. Að gerður verði formlegur samningur við ríkið um framtíðarskipan og innheimtu sóknargjalda.
Málið hefur verið til umfjöllunar á fundum Kirkjuráðs og viðræður hafa einnig verið við fulltrúa ríkisvaldsins og fulltrúar kirkjuráðs fóru á fund fjármála- og efnahagsráðherra í septembermánuði 2013, sjá umfjöllun síðar í skýrslunni. Innanríkisráðherra óskaði eftir því að kirkjuráð tilnefndi tvo menn í starfshóp til að ræða annars vegar endurskoðunarákvæði í 4. gr. kirkjujarðasamkomulagsins frá 10. janúar 1997 og hins vegar um endurskoðun sóknargjalda.
- b. Að farið verði að tilmælum Ríkisendurskoðunar um að sjóðakerfi kirkjunnar verði einfaldað og gert gegnsærra.
Kirkjuráð telur ljóst að til að unnt sé að mæta þessum tilmælum verði að breyta lögum um sjóði kirkjunnar sjá umfjöllun síðar í skýrslunni.
- c. Að leitað verði leiða til að efla fjárhagslegt eftirlit og ráðgjöf til sókna þjóðkirkjunnar. Kirkjuráð tekur undir nauðsyn þess að fjárhagsleg ráðgjöf til sókna sé til staðar (sjá umfjöllun síðar í skýrslunni).
- d. Að fjárhagsáætlun verði gerð til næstu þriggja ára með það að markmiði að jafnvægi ríki í fjármálum kirkjunnar. Áætlun taki mið af þeim skipulagsbreytingum sem unnið er að. Ekki hefur verið unnt að vinna áætlun til næstu þriggja ára vegna óvissu um tekjur sjóða kirkjunnar í framtíðinni. Kirkjuráð vonast til að niðurstöður samningaviðræðna, sbr. lið a) auðveldi slíka áætlunargerð.
- e. Að leitað verði leiða til þess að sóknir og/eða prófastsdæmi sameinist um verkefni eins og aðstæður leyfa til hagræðis og sparnaðar t.d. í reikningshaldi, sameiginlegum útboðum og innkaupum. Biskup kynnti málið á prófastafundi 2013 og jafnframt var samþykkt þingsins send sóknarnefndum og héraðsnefndum.

5. mál. Þingsályktun um sameiningu prófastsdæma

„Kirkjuþing 2012 ályktar að afla umsagna sókna, presta og héraðsfunda í Reykjavík- prófastsdæmi vestra Reykjavíkurprófastsdæmi eystra og Kjalarnesprófastsdæmi um eftirfarandi tillögu að skipan prófastsdæma á höfuðborgarsvæðinu:

Reykjavíkprófastsdæmi.

Seltjarnarnesprestakall Seltjarnarnessókn

Nesprestakall Nessókn

Ásprestakall Ássókn

Bústaðaprestakall Bústaðasókn
Dómkirkjuprestakall Dómkirkjusókn
Grensásprestakall Grensássókn
Hallgrímsprestakall Hallgrímssókn
Háteigsprestakall Háteigssókn
Langholtsprestakall Langholtssókn
Laugarnesprestakall Laugarnessókn
Breiðholtsprestakall Breiðholtssókn
Seljaprestakall Seljasókn
Fellaprestakall Fellasókn
Hólabrekkuprestakall Hólabrekkusókn
Árbæjarprestakall Árbæjarsókn
Grafarholtsprestakall Grafarholtssókn
Grafarvogsprestakall Grafarvogssókn
Mosfellsprestakall Lágafellssókn
Reynivallaprestakall Brautarholts- og Reynivallasóknir

Reykjanesprófastsdæmi

Digranesprestakall Digranessókn
Hjallaprestakall Hjallasókn
Kársnesprestakall Kársnessókn
Lindaprestakall Lindasókn
Garðaprestakall Bessastaða- og Garðasóknir
Hafnarfjarðarprestakall Hafnarfjarðarsókn
Víðistaðaprestakall Víðistaðasókn
Tjarnaprestakall Ástjarnar- og Kálfatjarnarsóknir
Grindavíkurprestakall Grindavíkursókn
Keflavíkurprestakall Keflavíkursókn
Njarðvíkurprestakall Kirkjuvogs-, Njarðvíkur- og Ytri-Njarðvíkursóknir
Útskálaprestakall Hvalsness- og Útskálasóknir“

6. mál. Þingsályktun um framtíðarskipan sókna

„Kirkjuþing 2012 samþykkir að vísa til kirkjuráðs tillögum nefndar um framtíðarskipan sókna, prestakalla og prófastsdæma á suðvesturhorninu til gaumgæfilegrar athugunar.“
Biskup fékk 5. og 6. mál til umfjöllunar. Með hliðsjón af því að kirkjuþing kaus nefnd (8. mál kirkjuþings 2012) sem geri tillögur um skipan prestsþjónustunnar fyrir kirkjuþing haustið 2013, taldi biskup ekki rétt að gera tillögur að breytingum að svo stöddu.

9. mál. Þingsályktun um breytingar á ýmsum starfsreglum (prófastsdæmaskipan landsins).

„Kirkjuþing 2012 ályktar að beina því til kirkjuráðs að gerð verði úttekt á því hvernig þær breytingar hafi reynst sem gerðar hafa verið á prófastsdæmaskipan landsins.“
Könnuð voru viðhorf héraðsnefnda í flestum þeim prófastsdæmum sem urðu til við

sameiningar þær sem samþykktar voru á kirkjuþingi 2009. Um er að ræða Suður-, Húnavatns- og Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Þingeyjar- og Austurlandsprófastsdæmi. Meginniðurstaðan er sú að héraðsnefndir hafa unnið samkvæmt nýju skipulagi og hefur það gengið vel. Fram kom hins vegar að sakir lengri vegalengda innan hinna sameinuðu prófastsdæma séu fjarlægðir meiri og meiri kostnaður fyrir leikmenn og vígða þjóna að sækja héraðsfundi og aðra fundi á vegum prófastsdæmanna og jafnframt að vitund manna um að vera saman innan skipulagsheildar til samstarfs og uppbyggingar hefur aðeins minnkað vegna meiri fjarlægða. Einnig komu fram nokkrar áhyggjur af versnandi fjárhag héraðssjóðanna þrátt fyrir sameiningar prófastsdæmanna.

11. mál. Þingsályktun um frumvarp til þjóðkirkjulaga.

Kirkjuþing 2012 samþykkti að skipa fimm manna nefnd kjörinna kirkjuþingsfulltrúa sem fer yfir frumvarp að þjóðkirkjulögum og skilar tillögum að frumvarpi til þjóðkirkjulaga til kirkjuþings að hausti 2013. Í nefndina voru kjörin Ásbjörn Jónsson, formaður, Egill Heiðar Gíslason, Inga Rún Ólafsdóttir, Ingileif Malmberg og Skúli Sigurður Ólafsson. 15. mál. Þingsályktun um félagatal þjóðkirkjunnar „Kirkjuþing 2012 ályktaði eftirfarandi:

- Þjóðkirkjan taki upp eigið félagsmannatal er fylgi trúfélagsskráningu í þjóðskrá.
- Eyðublað fyrir starfsskýrslur presta verði endurskoðað.
- Útbúin verði starfsskýrsla fyrir sérþjónustupresta.
- Messugjörðarskýrsla sóknarpresta verði endurskoðuð.
- Starfsskýrslur djákna verði endurskoðaðar.
- Tekin verði upp miðlæg rafræn skráning helstu prestsverka.

Kirkjuráð sjái um framkvæmd þingsályktunartillögunnar.“

Starfshópur biskups vinnur nú að þessum málum. Í honum sitja sr. Þorvaldur Viðisson, biskupsritari, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri, Ragnhildur Ásgeirsdóttir, djákni og Örvar Kárasons, sviðsstjóri á upplýsingasviði. Stefnt er að því að vinnu þessari verið lokið fyrir áramót og þá verði m.a. endurskoðað skýrsluform tekið upp.

13. mál. Starfsreglur um kjör til kirkjuþings.

Tillagan var samþykkt á þinginu með smávægilegum breytingum.

Starfsreglurnar hafa verið birtar í Stjórnartíðindum og verður kosið eftir þeim til kirkjuþings árið 2014.

16. mál. Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna

Kirkjuþing 2012 heimilaði sölu ýmissa fasteigna Kirkjumálasjóðs og eru þær taldar upp í gerðum Kirkjuþings. Heimildarákvæði um sölu fasteigna gilda fram að kirkjuþingi 2013. Gerð er grein fyrir sölu fasteigna síðar í þessari skýrslu við umfjöllum um tillögu til þingsályktunar um kaup og sölu fasteigna á kirkjuþingi 2013.

18. mál. Þingsályktun um upplýsingar varðandi hlunnindi af kirkjujörðum

Kirkjuþing 2012 ályktaði að fela kirkjuráði að láta vinna skýrslu þar sem öll hlunnindi og aðrar tekjur af prestssetrum og öðrum jörðum sem kirkjumálasjóður er skráður eigandi að koma fram.

Skýrslan er lögð fram á þessu þingi með skýrslu kirkjuráðs.

19. mál. Þingsályktun um skipan í nefndir stjórnir og ráð á vegum þjóðkirkjunnar

„Kirkjuþing 2012 ályktar að við skipan í ráð, stjórnir og nefndir á vegum þjóðkirkjunnar og undirstofnana hennar, verði valddreifing, lýðræði og meðalhóf haft að leiðarljósi. Sérstaklega verði hugað að jafnréttisáætlun og eðlilegu jafnvægi milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis.“

Kirkjuráð hefur haft samþykkt kirkjuþings að leiðarljósi þegar skipað er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum kirkjunnar.

31. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000 Ný 19. gr. starfsreglnanna hljóði svo: Varamenn í kirkjuráð fái send öll opinber gögn af fundum kirkjuráðs.

Þessu hefur verið hrint í framkvæmd og hafa starfsreglurnar verið birtar í Stjórnartíðindum.

32. mál. Þingsályktun um að kannaður verði áhugi sóknarnefnda á að stofnað verði Sónnasamband Íslands

Kirkjuþing ályktar að beina því til sókna innan samstarfssvæðanna að mynda með sér formlegan samstarfsvettvang.

Kirkjuráð hefur sent sóknarnefndum ályktun kirkjuþings.

33. - 35. mál. Þingsályktun um fjármögnun kirkjustarfs o.fl.

„Kirkjuþing 2012 ályktaði að fela kirkjuráði að setja þróun verkefna er varða öflun sjálfsaflafjár í forgang. Það gera á eftirfarandi hátt:

- Prófastsdæmin og Biskupsstofa vinni að því í sameiningu að miðla þekkingu, veita stuðning og móta leiðbeiningar til þeirra safnaða sem vilja fara slíkar leiðir til fjármögnunar. Haldin verði námskeið sem standi starfsmönnum, sjálfbodaliðum og prestum til boða en þar verði einkum kynnt úrræði á þessu sviði og gerð umsókna. Einnig verði boðið upp á fræðslu um fjáröflun m.a. með sölu og aðgangseyri.
- Kannað verði hvort setja eigi á stofn stöðugildi til slíkra verkefna, sem verði safnaðarstarfi þjóðkirkjunnar til framdráttar og sá kostnaður sem af því hlytist kynni að skila sér margfalt til baka.

Loks beinir kirkjuþing því til kirkjuráðs að vinna sérstaklega að því verkefni sem orðað er í lokamálgrein 35. máls, en hún hljóðar svo:

„Þá telur kirkjuþing að nauðsynlegt sé að skrá og meta það sjálfbodastarf sem fer fram innan sóknanna vítt um landið.“

Kirkjuráð vísaði málinu til biskups Íslands.

36. mál. Þingsályktun um kirkjulega viðurkenningu.

Kirkjuráði var falið að búa málið til kynningar.

Málið er í vinnslu.

37. mál. Þingsályktun um miðaldadómkirkju – ályktun kirkjuþings „Kirkjuþing 2012 ályktar að ekki verði horfið frá þeirri deiliskipulagsvinnu í Skálholti sem hafin er og telur að ekki beri að setja þeirri vinnu nein takmörk. Hins vegar brýnir kirkjuþing kirkjuráð og vígslubiskup Skálhóltsstiftis að skoða vel allar hliðar þessa máls og skuldbinda kirkjuna

ekki með nokkrum hætti, nema eftir viðtæka kynningu og umræðu og blessun kirkjuþings. Kirkjuþing telur brýnt að rekstur Skálholtsstaðar komist í viðunandi horf og skoðað verði ýtarlega hvort bygging miðaldadómkirkju/safnahúss geti orðið liður í þeirri viðleitni, án þess að Skálholt sem helgistaður bíði hnekki. Kirkjuþing leggur áherslu á að staðsetning og fyrirkomulag, verði af áformum, verði með þeim hætti að ásýnd staðarins og andblær haldist og að rekstrarlegur ávinningur staðarins sé tryggður“.

Sjá umfjöllun um Miðaldadómirkju síðar í skýrslu þessari.

41. mál. Þingsályktun um sameiningu prestakalla.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga: „Kirkjuþing 2012 ályktar að við sameiningu prestakalla skuli þau lögð niður, nýtt prestakall stofnað og auglýst laust til umsóknar.

Breytt framkvæmd gildi um tillögur um sameiningu prestakalla sem kunna að verða lagðar til frá ársbyrjun 2014.“

Kirkjuráði var falið að búa málið til kynningar og umfjöllunar á prestastefnu og í héruðum landsins og hefur það verið framkvæmt.

Flutt er sérstakt mál um þetta á kirkjuþingi 2013 og vísast til þess.

45. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og vegna prófastsstarfa.

Um var að ræða leiðréttingu ferðakostnaðar héraðspresta í sameinuðum prófastsdæmum og hefur breytingunni verið hrint í framkvæmd.

Starfsreglurnar hafa verið birtar í Stjórnartíðindum.

46. mál. Starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.

Kirkjuþing 2012 samþykkti að sameining Möðruvalla- og Hríseyjarprestakalla, sem áður hafði verið samþykkt á kirkjuþingi 2009 og sem öðlaðist gildi 1. september 2012, skyldi ganga til baka. Sameining framangreindra prestakalla öðlast gildi við starfslok núverandi sóknarprests Hríseyjarprestakalls.

Starfsreglurnar hafa verið birtar í Stjórnartíðindum.

Lagðar voru fram í kirkjuráði skýrslur nefnda og starfshópa í 3. máli kirkjuþings 2012 og er vísað til Gerða kirkjuþings 2012 um þær.

Mál lögð fram á kirkjuþingi 2013

1. mál. 2013. Skýrsla kirkjuráðs ásamt skýrslum og öðrum fylgigögnum.

Að venju leggur kirkjuráð fram skýrslu um störf sín á kirkjuþingsárinu.

2. mál. 2013. Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar.

Fjármál þjóðkirkjunnar eru lögð fram á kirkjuþingi. Reikningar stofnana og sjóða vegna ársins 2012 eru aðgengilegir öllum kirkjuþingsfulltrúum. Ríkisendurskoðun skilar endurskoðunarskýrslu vegna sjóða og stofnana kirkjunnar fyrir árið 2012.

11. mál 2013. Tillaga til þingsályktunar um frumvarp til breytinga á lögum um stöðu,

stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 (lagt er til að ákvæði um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd falli brott úr lögnum og að fjárstjórnarvald færist til kirkjuþings).

15. mál 2013. Tillaga til þingsályktunar um kaup og sölu fasteigna.

Lagt er til að kirkjuþing veiti heimild til sölu tiltekinna fasteigna í eigu kirkjumálasjóðs. Er að mestu leyti um sömu fasteignir að ræða og kirkjuþing 2012 samþykkti að seldar yrðu að frátöldum þeim sem þegar hafa verið seldar.

16. mál 2013. Tillaga til þingsályktunar um miðaldadómkirkju í Skálholti.

Í samræmi við samþykkt kirkjuþings árið 2012 í máli, hugðist kirkjuráð flytja tillögu þessa. Forsvarsmenn verkefnisins um miðaldadómkirkju (tilgátuhús) í Skálholti tilkynntu kirkjuráði þann 27. október 2013 að þeir hefðu hætt við áform sín. Af því leiðir að kirkjuráð ákvað á fundi sínum þann 31. október 2013 að draga málið til baka.

17. mál 2013. Tillaga að starfsreglum um samkirkjulegum málum þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð flytur tillögur að nýjum starfsreglum um samkirkjuleg mál þjóðkirkjunnar. Lagt er til að kirkjuþing taki forystu í málaflokknum og móti formlega stefnu þjóðkirkjunnar á sviði samkirkjulegra mála, en kirkjuráð annist framkvæmdina. Í nágildandi reglum hefur biskup Íslands að mestu leyti borið ábyrgð á samkirkjulegum málum og framkvæmd þeirra.

Svið kirkjuráðs

Fasteignasvið

Um fasteignanefnd

Samkvæmt 5. gr. starfsreglna um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, skipar kirkjuráð þriggja manna fasteignanefnd þjóðkirkjunnar til fjögurra ára og þrjá varamenn til sama tíma. Í nefndinni eru kirkjuþingsfulltrúarnir Bjarni Kr. Grímsson, formaður, Margrét Jónsdóttir og sr. Svavar Stefánsson. Kirkjuráð hefur sett nefndinni erindisbréf en verkefni hennar eru tiltekin nokkuð nákvæmlega í starfsreglum.

Um störf fasteignasviðs

Fasteignasvið Biskupsstofu hefur með höndum umsýslu og rekstur fasteigna kirkjumálasjóðs og fylgir eftir ákvörðunum fasteignanefndar.

Fasteignir kirkjumálasjóðs eru um 100 talsins, þar af 59 prestssetur og 3 biskupssetur. Fasteignasvið sinnir almennum daglegum rekstri og umsýslu fasteigna undir stjórn fasteignanefndar og sviðsstjóra. Hlutverk kirkjuráðs hvað varðar fasteignir er einkum, nýbyggingar fasteigna, kaup og sala fasteigna, staðfesting langtímasamninga o.fl. Helstu verkefni sem kirkjuráð hefur unnið að varðandi fasteignir eru sem hér segir:

Kálfafellsstaður, Hornafirði.

Jörðin hefur verið seld.

Tröð, Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Jörðin hefur verið seld.

Borgarhóll, Akrahreppi, Skagafirði.

Jörðin hefur verið seld.

Efsta-Kot (við Holt undir Eyjafjöllum).

Unnið hefur verið að undirbúningi sölu á fasteigninni.

Fjármálasvið

Biskup Íslands hefur hitt fjármála- og efnahagsráðherra, Bjarna Benediktssyni, ásamt sr. Gísla Gunnarssyni kirkjuráðsmanni svo og framkvæmdastjóra kirkjuráðs og var kirkjuráði kynntar niðurstöður fundarins.

Af þessu tilefni samþykkti kirkjuráð eftirfarandi bókun:

„Undanfarin ár hefur þjóðkirkjan tekið á sig umtalsverða tekjuskerðingu þar sem greiðslur ríkisins til kirkjunnar hafa minnkað ár frá ári. Annars vegar er þar um að ræða lögbundin sóknargjöld, félagsgjöld, sem ríkið innheimtir og hins vegar samningsbundnar greiðslur ríkisins vegna kirkjueigna sem ríkinu voru afhentar með sérstöku samkomulagi frá 1997. Kirkjujarðasamkomulagið fjallar um afhendingu kirkjujarða til ríkisins á móti skuldbindingu um að greiða laun presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Þjóðkirkjan hefur ekki vikist undan ábyrgð og fallist á skerðingu á kirkjujarðasamkomulaginu undanfarin ár. Sóknargjöldin eru lögbundin félagsgjöld sem ganga til reksturs safnaðanna. Óumdeilt er að sóknir þjóðkirkjunnar hafa orðið fyrir mun meiri skerðingu en stofnanir innanríkisráðuneytisins. Frá fjárlögum ársins 2008 til 2011 hafa sóknargjöld lækkað sem nemur 25% umfram fjárveitingar til stofnana innanríkisráðuneytisins, samanber skýrslu nefndar innanríkisráðherra til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar.

Ríkið hefur nú viðurkennt þetta misræmi og hyggst bæta skerðingu sóknargjalda undanfarinna ára að hluta með tímabundnu viðbótarframlagi. Engu að síður vantar mikið uppá að sóknargjöldin séu í samræmi við lög nr. 91/1987.

Framundan eru viðræður þjóðkirkjunnar og ríkisins um fjárhagsleg samskipti. Markmið þeirra viðræðna er m.a. leiðrétting á sóknargjöldunum, að gerður verði skriflegur samningur um innheimtu og skil sóknargjalda og að skerðingar undanfarinna ára á kirkjujarðasamkomulaginu gangi til baka.

Kirkjuráð leggur þunga áherslu á að ríkið standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningum ríkis og kirkju.“

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra kirkjuráðs að koma bókuninni á framfæri við innanríkisráðherra, forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra.

Fjármálakreppa sem skall á í lok septembermánaðar 2008 hefur enn veruleg áhrif á störf kirkjuráðs og hefur verið unnið að því á undanförunum árum að draga úr útgjöldum og auka tekjur. Í fjárlögum árið 2012 var gerð 37,2 m.kr. hagræðingarkrafa á Biskupsstofu og árið 2013 gerði ríkið 16,5 m.kr. hagræðingarkröfu, en launa- og verðlagsbætur koma á móti bæði árin. Greiðslur í Kristnisjóð lækkuðu samkvæmt fjárlögum á árinu 2012 sem nemur 2,3 m.kr. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sókna lækkuðu samkvæmt fjárlögum 2012 um 2,5 m.kr. og greiðslur til kirkjumálasjóðs lækkuðu nemur 1,8 m.kr. miðað við fjárlög árið 2011. Árið 2012 hækkaði sóknargjaldið úr 698 kr. fyrir hvern gjaldanda í

þjóðkirkjunni í 701 kr. og greiðslur í Jöfnunarsjóð sókna og Kirkjumálasjóð í hátt við það eða innan við 0,5%. Skerðing sóknargjalda miðað við árin 2008 til 2012 nemur tæplega 20%. Við úthlutanir úr Jöfnunarsjóði sókna og kirkjumálasjóði fyrir árið 2013 voru flestir útgjaldaliðir lækkaðir. Prestsembætti voru lögð niður, starfsmönnum á Biskupsstofu fækkað, rekstrar- og aksturskostnaðar presta lækkaður o.fl.

Fjárhagsáætlun 2014

Kirkjuráð hefur gengið frá fjárhagsáætlun fyrir biskup Íslands (einkum 138 prestsembætti, skv. samningi ríkis og kirkju), Jöfnunarsjóð sókna og kirkjumálasjóð vegna ársins 2014. Tekjur byggjast einkum á samningum og lögum en einnig er um að ræða sértekjur t.d. vegna húsaleigu. Umsókn um framlög vegna úthlutunar ber að skila fyrir 15. júní ár hvert sem og fjárhagsáætlunum stofnana. Almennt voru styrkir lækkaðir í samræmi við skerðingu á tekjum sjóðanna og jafnframt endurskoðað hvaða verkefni skyldu styrkt og þeim fækkað. Fjárlagafrumvarp var lagt fram 1. október 2013 og þá varð ljóst hver fjárhagsstaða sjóðanna var árið 2013. Fyrri umræða um fjárhagsáætlanir sjóðanna fyrir árið 2013 fór fram á kirkjuráðsfundi í októbermánuði 2013. Áætlanirnar fyrir 2014 verða kynntar á kirkjuþingi 2013 og þær ræddar þar. Gengið er frá endanlegum fjárhagsáætlunum að jafnaði á desemberfundi kirkjuráðs, eftir kirkjuþing.

Ráðgert er að spara sem nemur um 3,2 prestsembættum árið 2014. Prestsembætti verða þannig 124,3 samkvæmt rekstraráætlun 2014 í stað 127,6 árið 2013. Helstu breytingar vegna prestsembættanna eru eftirfarandi:

- Sóknarprestur í Mosfellsprestakalli, Grímsnesi sagði lausu frá 1. júlí 2013 og var þá prestakallið lagt niður.
- Sóknarprestur í Seljaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra lætur af störfum 1. ágúst 2014 og verður frestað að auglýsa.
- Lausu embætti prests í Grafarvogsókn verður þjónað samkvæmt ákvörðun biskups Íslands í samráði við prófast og sóknarnefnd.
- Lausu embætti prests í Háteigssókn verður þjónað samkvæmt ákvörðun biskups Íslands í samráði við prófast og sóknarnefnd.
- Sérþjónustuprestur á Biskupsstofu lætur af störfum 2014.

Fjárlagafrumvarp 2014

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2014 hefur verið lagt fram. Gert er ráð fyrir 0.75% niðurskurði á á fjárlagalið 06-701 þjóðkirkjunnar eða um 14.1 m.kr. en launa- og verðlagsbætur koma móti. Ekki er gert ráð fyrir niðurskurði hjá Kristnisjóði og engar verðlagsbætur koma þar á móti. Sóknargjöld og greiðslur í Jöfnunarsjóð sókna og kirkjumálasjóð breytast sem nemur 3% verðlagshækkun. Ekki er gerð hagræðingarkrafa á þessa liði. Miðað er við að sóknargjöld ársins 2014 hækki um 3% og verður sóknargjald um 750 kr. á hvern gjaldanda. Unnin hafa verið drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 og fyrri umræða kirkjuráðs um úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna og um fjárhagsáætlun kirkjumálasjóðs 2014 hefur farið fram og verður yfirfarin og samþykkt á desemberfundi kirkjuráðs.

Auka þarf gagnsæi í fjármálum þjóðkirkjunnar

Ríkisendurskoðun og kirkjuþing hafa óskað eftir því að kirkjan einfaldi fjármál kirkjunnar og að fjármál þjóðkirkjunnar verði að vera gagnsærri en nú er. Þannig sé t.d. æskilegt að helstu sjóðir kirkjunnar, þ.e. Kirkjumálasjóður, Kristnisjóður, Jöfnunarsjóður sókna og Hinn almenni kirkjusjóður verði sameinaðir í einn Kirkjusjóð. Að auki þurfi að vinna skýrar verklagsreglur um styrkveitingar á vegum kirkjunnar, þar sem m.a. komi fram með hvaða hætti umsóknir eru metnar og hvernig eftirfylgni með nýtingu fjárlags sé háttáð.

Fjárhagssamskipti ríkis og kirkju:

Kirkjuráð hefur unnið að eftirfarandi markmiðum kirkjunnar vegna fjárhagssamskipta ríkis og kirkju:

Þjóðkirkjan hefur leitast við að einfalda fjármálaumsýslu sína. Ríkisendurskoðun og Innanríkisráðuneytið hafa beint þeim tilmælum til þjóðkirkjunnar að fara í slíka endurskoðun. Í meginatriðum felast tillögur kirkjuráðs í því að laun presta og starfsmanna Biskupsstofu greiðist af fjárlagalið 06 - 701 Þjóðkirkjan, en að öðru leyti fari allur rekstur fram í gegnum 06 - 705 kirkjumálasjóð. Þannig verði eigin fé og tekjum Jöfnunarsjóðs sókna ráðstafað til kirkjumálasjóðs á sama hátt og Kristnisjóði, en síðarnefndi sjóðurinn hefur runnið til kirkjumálasjóðs frá og með árinu 2006. Þess verður gætt að skýrt verði hvernig fjármunum Jöfnunarsjóðs sókna og Kristnisjóðs verði ráðstafað í samræmi við lögbundinn tilgang hvors sjóðs um sig, með aðgreiningu á viðfangsefnum sjóðanna. Áfram verði Skálholt, Strandarkirkja og Tónskóli þjóðkirkjunnar aðgreindar stofnanir ásamt ýmsum vörslusjóðum sem biskup Íslands varðveitir. Ef kirkjuþing samþykkir þessar breytingar yrði stefnt að því að þær tækju gildi umnæstu áramót. Þá verði fjárhagsáætlanir og bókhald fært til samræmis við framangreindar breytingar. Tillögurnar hafa verið kynntar Ríkisendurskoðun.

Upplýsingatæknisvið

Lokið var við innleiðingu nýs skjalavistunarkerfis og fyrstu mánuðir ársins fóru í leiðbeiningu og þjálfun starfsfólks á nýja kerfinu. Nýja kerfið er fullgilt stafrænt skjalavistunarkerfi og málakerfi svo ekki er lengur þörf á að prenta út og vista rafræn erindi í skjalageymslum. Hefur kostnaður vegna útrentunar minnkað í kjölfarið.

Nokkrir nýir sóknarvefir bættust við á árinu og einnig var settur upp vefur fyrir biskup Ísland, biskup.is. Nokkrir vefir fóru þó úr hýsingu þar sem þarfir þeirra rúmuðust ekki lengur innan stöðluðu lausnarinnar sem Biskupsstofa bíður upp á. Sóknir geta nýtt þennan kost til að feta sín fyrstu skref á vefnum og einnig til að lækka vefhýsingarkostnað sinn. Í dag hýsir Biskupsstofa rúmlega sextíu slíka vefi. Þjónustuvefur kirkjunnar var uppfærður og útliti hans var breytt. Breytingarnar miðuðu að því að gera hann notadrýgri í farsímum og spjaldtölvum. Unnið var að því að flytja upplýsinga- og gagnamiðlun til starfsmanna kirkjunnar í auknum mæli inn á þjónustuvefinn.

Félagatal þjóðkirkjunnar var útbúið (skv. 15. máli kirkjuþings 2012). Fylgir það daglegum breytingum á þjóðskrá. Opnað fyrir leit starfsmanna sókna og sóknarnefndarmanna í félagsmannatali inni á þjónustuvefnum. Útbúið var skýrsluform fyrir skírtnir á þjónustuvefnum og er það í prófun. Aukið álag var á árinu vegna nýrra starfsmanna og

nauðsynlegrar endurnýjunar tölvukosts Biskupsstofu. Netþjónar eru einnig teknir að eldast og var nokkuð um bilanir á árinu vegna þess.

Þjónusta sem veitt er að hálfu kirkjuráðs og Biskupsstofu til sókna.

Ráðgjafi um fjármál sókna o.fl. starfar á Biskupsstofu. Ráðgjöfin felst m.a. í greiningu og mati á fjárhagsstöðu sókna. Ráðgjafinn aðstoðar við gerð ársreikninga sókna ef óskað er og veitir sóknum upplýsingar þar að lútandi. Einnig er sóknum veittar upplýsingar og ráðgjöf á sviði starfsmannamála s.s. um ráðningasamninga, kjarasamninga og laun. Fjármálahópur kirkjuráðs hefur fjalað um fjárhagsvanda ýmissa sókna og fundað með fjölmörgum sóknarnefndum um fjármál þeirra. Hefur það í mörgum tilvikum skilað þeim bættri fjárhagsstöðu.

Sóknarnefndarfólk fær einnig lögfræðilega ráðgjöf s.s. varðandi margvíslega túlkun laga og starfsreglna kirkjunnar og framkvæmd þeirra. Biskupsstofa sinnir einnig sóknarnefndarnámskeiðum um land allt sé þess óskað en þar er farið yfir lög og starfsreglur er varða stöðu og hlutverk sóknarnefnda svo og störf sóknarnefnda er varða fjármál og starfsmannamál. Einnig er farið yfir innra starf sóknarnefnda. Eins og fram kom í umfjöllun um upplýsingatækisvið fá sóknir aðstoð við að setja upp vefi og eru þeir hýstir í vefkerfi Biskupsstofu.

Kirkjuþing unga fólksins

Kirkjuþing unga fólksins 2012

Kirkjuþing unga fólksins kemur saman árlega. Hlutverk þess er að ræða stöðu og hlutverk ungs fólks í þjóðkirkjunni og í samfélagi kirkna um heim allan. Þar eiga sæti fulltrúar prófastsdæma Þjóðkirkjunnar og fulltrúar frá KFUM og KFUK með málfrelsi, tillögurétti og atkvæðisrétti. Fulltrúarnir skulu vera á aldrinum 14 til 30 ára og skráðir í þjóðkirkjuna. Kirkjuþing unga fólksins er vettvangur ungs fólks til að hafa áhrif á starfsemi kirkjunnar.

Ályktanir kirkjuþings unga fólksins 2012.

Kirkjuþingi unga fólksins 2012 var haldið í Grensáskirkju föstudaginn 9. nóvember 2012. Forseti þess var Jónína Sif Eypórsdóttir. Þar voru samþykktar eftirfarandi ályktanir:

„1. mál. Ályktun um afstöðu gegn einelti

Kirkjuþing unga fólksins 2012 tekur afgerandi afstöðu gegn einelti og hvetur til þess að kirkjan leggi sitt af mörkum í vinnu gegn einelti og upprætingu þess. Kirkjan móti verkferla til að takast á við einelti komi það upp í starfi kirkjunnar og styðji og styrki þolendur og gerendur eineltis og aðstandendur þeirra með virkum uppbyggilegum hætti og móti eineltisáætlun. Að kirkjan láti ekki sitt eftir liggja í baráttunni gegn einelti og taki upp aðgerðaráætlun gegn einelti í samræmi við það sem önnur æskulýðsfélög og skólar hafa verið að gera. Kirkjuþing unga fólksins skorar því á kirkjuna að eftirfarandi hlutir verði að minnsta kosti gerðir: Að kirkjan komi á fót fagraði um einelti sem sé stuðningsnet við starfsfólk kirkjunnar þegar erfið eineltismál koma upp. Að kirkjan tryggi að starfsmenn og leiðtogar kirkjunnar sækji námskeið þar sem veitt er fræðsla um einelti. Að á því námskeiði öðlist starfsmenn og leiðtogar kirkjunnar þá færni sem þeir þurfi til að taka eftir einelti, færni til að grípa inn í þegar einelti á sér stað og þekkingu til að takast á við einelti. Að

slík námskeið verði skylda fyrir alla þá sem starfi í æskulýðsstarfi innan kirkjunnar og jafnframt skuli þeir sækja endurmenntunarnámskeið á tveggja til þriggja ára fresti. Að eineltisfræðsla verði hluti af farskóla leiðtoga, öðrum leiðtogaskólum á vegum kirkjunnar og endurmenntun eldri leiðtoga. Að kirkjan gefi út fræðslubækling um einelti sem hægt er að nota á æskulýðsfundum. Að gefinn verði út fræðslubæklingur fyrir leiðtoga og foreldra þátttakanda í æskulýðsstarfi þar sem aðgerðaráætlun kirkjunnar er kynnt. Að kirkjan tryggi að gerendum standi til boða sama aðstoð og þolendum eineltis. Að starfsfólk kirkjunnar sé meðvitað um það að gerendur eigi einnig erfitt og þurfi á hjálp að halda. Kirkjuþing unga fólksins skorar á kirkjuna að koma aðgerðaráætlun sinni í gang strax í upphafi næsta árs, eigi síðar en 1. mars 2013.“

2. mál. Ályktun um mikilvægi kirkjuþings unga fólksins

Við erum þau sem munum taka við. Breytingarnar hafa áhrif á okkur.

1. gr. Hugmynd að þingið sé lengt í 2-3 daga (yfir helgi). Ítreka það að þingið á að vera á vori því þá er hægt að fara yfir það sem betur mátti fara á liðnu ári og mál hafi þá möguleika að komast á stóra þingið sama ár.
4. gr. Ábyrgðarmaður æskulýðsstarfs, prestar og prófastar verði ábyrgir að vali fulltrúa, jafnframt ættu áhugasamir að bjóða sig fram. Bæta inn í starfsreglur að fulltrúar sitji í tvö ár, með varafulltrúa ef forföll verða. Jafnframt finnst okkur vera mikilvægt að skipta út fólki, þó ekki öllum á sama tíma. – hugmyndin er að um helmingur hætti og helmingur sitji áfram.
5. gr. Helgistund í meira hæfi unga fólksins, mögulega fá unga fólkið til að hjálpa við helgistundina. 6. gr. Útskýra hlutverk áður en kosið er, verður að vera reynsla hjá forseta.
7. gr. Málin skulu hafa borist þingfulltrúum a.m.k. viku fyrir þing. Í þremur þingnefndum mega mest vera 6. 1 ábyrgðarmaður og ekki fleiri en 5 í viðbót. Formaður nefndar á að vera kosinn og svo er kosinn ritari innan nefndarinnar. Formaður þarf ekki endilega að tala og formenn bjóða sig fram svo fleiri fái hlutverk.
8. gr. Þrjár fulltrúar kirkjuþings unga fólksins inn á almenna kirkjuþingið, lýðræðislega kosnir og fá atkvæðisrétt innan þingsins. Sá sem útskýrir þingið þarf að vera með stutta og hnitmiðaða útskýringu, segir einnig stuttlega frá síðasta þingi. (Forseti KUF) Síðan þarf kannski farandsæskulýðsfulltrúa til að vekja landsbyggðina í frekara unglingsstarf. Þeir sem bera ábyrgð, fulltrúar sem eru kosnir af KUF til að fara á kirkjuþing fylgja því svo lengra ef þörf er á. Efni þarf að vera aðgengilegt sem talað er um á þinginu.

3. mál. Ályktun um mikilvægi skimunar starfsfólks í kristilegu æskulýðsstarfi og um mikilvægi þess að farið sé eftir siðareglum í kristilegu barna- og unglingsstarfi

Kirkjuþing unga fólksins krefst þess að undantekning um 217 gr. almennra hegningarlaga verði tekin úr samþykki fyrir öflun upplýsinga úr sakaskrá. Ef horft er til KFUM&K, ÍTR, og fleiri stofnana er skimun þeirra er ítarlegri og er þar beðið um leyfi til upplýsingaöflunar úr Sakaskrá ríkisins en ekki er horft til brota á ákveðnum lagagreinum. Þjóðkirkjan er eina stofnunin sem starfar á æskulýðsvettvangi sem gerir slíka undantekningu og þykir okkur það vera mikil skömm að slíkt skuli líðast hjá stofnun sem við teljum að ætti að vera fordæmi

fyrir aðra sem starfa á þessum vettvangi. Það er aðeins tímaspursmál hvenær þetta mál kemst í fjölmiðla og hefur kirkjan ekki efni á því að fá fleiri neikvæð mál á sig sem tengjast þessum efnum. Kirkjan hefur nú þegar neikvætt orðspor gangvart lagabrotum, sem hefur leitt til úrskráninga úr þjóðkirkjunni. Ef svona mál kæmi upp væri líklegt að foreldrar myndu líta öðruvísi á starf kirkjunnar og líklegt væri að aðsókn í æskulýðsstörf myndi minnka verulega og þá er hættu á því að það geti lagst niður. Samkvæmt íslenskum rétti er óheimilt að fá upplýsingar frá einstaklingi undir 18 ára aldri um að skoða sakaskrá nema með leyfi foreldra, það er gert hjá KFUM&K og kirkjuþing unga fólksins krefst þess einnig að þetta verði gert fyrir ungleiðtoga sem starfa á vettvangi þjóðkirkjunnar. Það sem viljum einnig vekja athygli á er að margir sem hafa unnið í kirkjunni hafa minnstu hugmynd um að þetta sé eitthvað sem þarf að gera til þess að starfa með börnum og unglingum. Krefjumst við að það yrði sett inn í ábyrgð t.d. Formanns ÆSKP, eða starfsmanni á biskupstofu, að fylgja því eftir að þetta verði gert og enn fremur að þetta sé endurnýjað á tveggja ára fresti. Börnin eiga að njóta vafans.

Framangreindar samþykktir eru til umfjöllunar hjá kirkjustarfshópi kirkjuráðs.

4. mál. Ályktun gegn áframhaldandi niðurskurði á sóknargjöldum kirkjunnar

Kirkjuþing unga fólksins skorar á stjórnvöld að leiðrétta þann niðurskurð sem átt hefur sér stað á sóknargjöldum til kirkjunnar þar sem grunnstoðir í starfsemi safnaða þjóðkirkjunnar séu að hruni komnar vegna fjárhagsvanda. Sem dæmi bendir kirkjuþing unga fólksins á að fjöldi æskulýðsfulltrúa innan kirkjunnar hefur fækkað verulega og á höfuðborgarsvæðinu einu hefur þeim fækkað úr 10 fagmenntuðum aðilum í fullu starfi og 3 í hluta starfi árið 2006 í 1 í fullu starfi og 5 í hlutastarfi árið 2012. Er þetta gífurlega slæm þróun þegar kemur að faglega menntuðum einstaklingum í æskulýðsstarfi kirkjunnar. Kirkjuþing unga fólksins skorar á kirkjuna að berjast gegn frekari niðurskurði og leita allra leiða til að leiðrétta þann niðurskurð sem hefur átt sér stað frá árinu 2009. Kirkjuþing unga fólksins skorar á að kirkjan tryggi að niðurskurður á sóknargjöldum bitni ekki á æskulýðsstarfi kirkjunnar enda um að ræða eitt mikilvægasta starf kirkjunnar. Æskulýðsstarf kirkjunnar hefur fyrir löngu síðan sannað forvarnar- og uppeldisgildi sitt. Þar sem æskulýðsstarf hefur blómstrar hefur áfengis- og vímunefnaneysla ungmenna dregist umtalsvert saman. Mikilvægt er að kirkjan haldi áfram að bjóða upp á ókeypis æskulýðsstarf enda fá önnur slík æskulýðsstörf í boði.

Vísad er til umfjöllunar Kirkjuþings 2012 um málið.

5. mál. Ályktun um innflytjendamál

Við viljum að það verði gerð könnun til þess að sjá hvar er verið að koma til móts við innflytjendur. Hvernig er þetta auglýst – þarf að bæta það? Það þarf markvissari auglýsingu einhverskonar öðruvísi auglýsingar.

Láta orðið berast, til dæmis að biðja alla um að taka einn vin með sér. Eineltisdagur, hví er ekki fordómadagur líka. Gera svipað verkefni, Toshiki tekur þátt í baráttu gegn kynþáttafordómum en við þurfum fleiri. Meira út á landsbyggðina. Gott væri ef Æskulýðsfélög tækju sig saman um að vinna markvíst gegn fordómum um leið og þau opna greiðari leið fyrir innflytjendur í kirkjuna. Þetta væri hægt með því að hvetja kirkjur til að taka meiri þátt í dag gegn fordómum. Tala við Samráðsnefnd kristna trúfélaga. –

Það var talað um að reyna samstarf milli lútersku kirkjunnar og kaþólsku kirkjunnar fyrir hrun, en það var ekki gert egna peningaörðuleika. Við ættum að athuga hvort þessi staða hafi breyst eitthvað í dag. Getum við unnið að meira samstarfi á milli lútersku og kaþólsku kirkjunnar, hvernig væri að bjóða þeim á viðburði s.s. landsmót, febrúarmót og alla viðburði innan ÆSKP! Fræðsla fyrir leiðtoga gegn fordómum!

Framangreindar samþykkt er til umfjöllunar hjá kirkjustarfshópi kirkjuráðs.

6. mál. Ályktun um umhverfisstefnu Þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing unga fólksins vill það að unnið verði í því að framfylgja umhverfisstefnu Þjóðkirkjunnar sem samþykkt var á Kirkjuþingi 2009.

- Kirkjuþing unga fólksins ályktar að ekki sé nóg að setja fram umhverfisstefnu Þjóðkirkjunnar og bjóða kirkjum upp á það að fara eftir henni eða ekki, það þurfi að skilda kirkjur landsins til að fara eftir stefnunni, svo að eitthvað verði að gert.
- Árið 2009 var samþykkt umhverfisstefna Þjóðkirkjunnar á kirkjuþingi og áætlað var umhverfisstarf í söfnuðum og stofnunum kirkjunnar. Í þeim málum sem Þjóðkirkjan sagðist ætla að leggja sitt af mörkum viljum við sjá að þeim verði í raun framfylgt og skilyrði uppfyllt.
- Að staðið verði fyrir námskeiðum fyrir starfsfólk kirkjunnar um umhverfismál, svo að starfsfólkið geti staðið fyrir samskonar námskeiði í sínum söfnuði.
- Til þess að framfylgja þessari stefnu kemur fram að Biskupsstofa muni leita samstarfs við presta og söfnuði, stofnanir og félagasamtök um ákveðin verkefni og viljum við sjá að unnið sé að þeim, svo að umhverfisstefna Þjóðkirkjunnar nái árangri. Þessi verkefni eru meðal annars -útgáfa glöggra og einfaldra leiðbeininga um orkunotkun, sorp flokkun, endurvinnslu o.þ.h á vettvangi sókna og stofnana kirkjunnar.
- útgáfa „Ljósaskrefsins“ - handbók kirkjunnar fyrir umhverfisstarf
- umhverfisfræðsla í söfnuðum og kirkjumíðstöðvum
- þátttaka í almennu umhverfisstarfi í samfélaginu- umhverfisdagatal - að nýta Fair trade vörur þar sem þess er kostur
- Kirkjuþing unga fólksins 2012 krefst þess að Biskupsstofa og yfirstjórn kirkjunnar taki upp þráðinn í þessum málum, sýni viljann í verki, og hefjist handa, tafarlaust. Framangreind samþykkt er til umfjöllunar hjá kirkjustarfshópi kirkjuráðs.

Kirkjuþing unga fólksins 2013

Kirkjuþing unga fólksins kom saman á Biskupsstofu 25. maí 2013, en samkvæmt starfsreglum um þingið ber að kalla það saman að vori. Tuttugu ungmenni sem eru virk í kirkjustarfi um allt land tóku þátt í þinginu. Þóra Björg Sigurðardóttir, sem er æskulýðsfulltrúi Grafarvogskirkju, var kjörin forseti kirkjuþings unga fólksins. Samþykktar voru fimm ályktanir:

„1. mál. Ályktun um breytingu á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins nr. 952/2009.

2. mgr. 1.gr. hljóði svo:

Þingið skal haldið á laugardegi á hverju vori.

Þingmál skulu hafa borist þingfulltrúum a.m.k. 5 virkum dögum fyrir þingdag.

3. gr. hljóði svo:

Biskupsstofa annast undirbúning kirkjuþings unga fólksins í samvinnu við stjórn ÆSKP sem kys verkefnisstjóra til að annast framkvæmd þingsins.

4. gr hljóði svo:

Fulltrúarnir skulu vera á fjórtánda ári og allt upp í 30 ára og skráðir í þjóðkirkjuna. Prófastar beri ábyrgð á tilnefningum og vali fulltrúa á kirkjuþing í samvinnu við sóknarpresta, presta, djákna, æskulýðsfulltrúa og aðra sem bera ábyrgð á kirkjustarfi í hverju prófastdæmi. Hafa allir fyrrnefndir aðilar rétt til að tilnefna fulltrúa á kirkjuþing og því ber að senda öllum þessum bréf frá biskupi þegar boðað er til Kirkjuþings unga fólksins til að allir aðilar séu upplýstir um stöðuna. Það er í höndum prófasts að velja úr tilnefndum ungmennum og tilkynna valda fulltrúa til verkefnastjóra KUF. Komi ekki tilnefningar úr héraði a.m.k sex vikum fyrir þingdag frá próföstum skal vísa því til verkefnisstjóra kirkjuþings að tilnefna ungmenni úr héraði. Skulu fulltrúar KUF vera valdir til tveggja ára. Geti fulltrúi ekki komist á kirkjuþing af einhverjum orsökum verður nýr fulltrúi valinn í hans stað sem situr þá til tveggja ára. Boða skal til kirkjuþings í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir upphaf kirkjuþingsins. Verkefnisstjóra KUF ber að tilkynna völdum þingfulltrúum um rétt sinn til setu á kirkjuþingi unga fólksins 4 vikum fyrir þingdag.

7. gr. hljóði svo:

Fulltrúum ber að skila inn þingmálum til verkefnisstjóra KUF og Biskupsstofu a.m.k. 10 dögum fyrir þingdag. Þessum aðilum ber að koma málum fullnum til þingmanna í síðasta lagi fimm dögum fyrir þingdag.

10. gr hljóði svo:

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2014.“

Málið er til umfjöllunar á kirkjuþingi 2013.

„2. mál. Ályktun um kjör ungmenna til setu á hinu almenna kirkjuþingi.

Ungmenni hafa sterk orð innan kirkjunnar, einkum með hinum ýmsu ungmennaráðum sem hefur verið komið á fót. Kirkjuþing unga fólksins vill sjá að þjóðkirkjan taki ungmennalýðræði innan kirkjunnar á annað stig og gefi ungmennum möguleika á að sitja á kirkjuþingi, með málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt. Það er ósk okkar að kirkjan skoði að breyta þessu og leggi málið fyrir hið almenna kirkjuþing haustið 2013 og breyti starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 301/2013 til samræmis við tillögu þessa.

Kirkjuþing unga fólksins skal í lok þingsins kjósa þrjá fulltrúa á kirkjuþing með málfrelsi tillögurétt og atkvæðisrétt og tvo til vara.“

Kirkjuráð telur að ekki skuli fjölga fulltrúum á kirkjuþingi.

„3. mál. Ályktun um réttindi ungleiðtoga.

Kirkjuþing unga fólksins 2013 fer fram á að leiðtogar þjóðkirkjunnar fái trúnaðarmann/menn.“

Málið er í vinnslu á Biskupsstofu.

„4. mál. Ályktun um stöðu þjóðkirkjunnar í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur Stjórnlagaráðs.

Kirkjuþing unga fólksins álitur niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar um tillögur stjórnlagaráðs vera leið til að gefa nýjum biskupi tækifæri til að rétta stöðu kirkjunnar. Við viljum hvetja kirkjuna til að taka þessum niðurstöðum sem ákalli þjóðarinnar um öfluga og trausta þjóðkirkju.

Kirkjuþing unga fólksins vill árétta að niðurskurður í fjármálum kirkjunnar má ekki lenda á æskulýðsstarfinu. Æskulýðsstarfið er oft á tíðum athvarf fyrir börn og unglinga sem finna sig ekki í annarri starfsemi fyrir ungt fólk. Frekari niðurskurður innan æskulýðsstarfs kirkjunnar má ekki eiga sér stað þar sem það tekur allan gæðastimpil af starfseminni. Í hverju prófastsdæmi þyrfti að vera a.m.k. einn fastráðinn starfsmaður sem heldur utan um barna- og æskulýðsstarf.

Kirkjuþing unga fólksins leggur til að skýrð verði betur staða æskulýðsnefndar þjóðkirkjunnar og að henni verði falið sérstaklega að hjálpa æskulýðsfélögum að auka starfsemi sína og bæta hana. Þetta á þá sérstaklega við um þá staði þar sem ekkert æskulýðsfélag er til staðar. Nefndin mundi þá sjá um það að ferðast um landið og heimsækja æskulýðsfélög. Þannig gæti hún gefið álit sitt á því hvað má betur fara og hvernig megi framkvæma það. Að sama skapi væri kjörið að styðja frekar við félög líkt og ÆSKP og undirfélög þar sem þau standa að baki sterkari starfsemi við ungt fólk.

Sýna þarf þeim kirkjum þar sem lítið sem ekkert barna- og æskulýðsstarf er sérstaklega athygli. Starfsfólk þjóðkirkjunnar ætti að reyna eftir fremsta megni að aðstoða þær kirkjur af stað og hjálpa þeim að finna réttu leiðirnar til að halda góðu og gefandi starfi áfram.

Kirkjuþing unga fólksins vill hvetja kirkjuna til að nýta sér þau tækifæri sem eru fyrir hendi í dag. Það má nýta samfélagsmiðla betur, nýta aðgang að styrkjum í meira mæli, sem hægt er nota í erlent samstarf og kynningastarf í skólum til að ná betur til ungs fólks. Við viljum leggja til að heimasíða kirkjunnar verði sett þannig upp að auðveldara verði fyrir ungt fólk að sjá yfirlit yfir þá viðburði sem eru væntanlegir í nágrenni við það. Aukið kynningarstarf kirkjunnar innan menntaskóla gæti sem dæmi átt sér stað í lífsleiknitímum, í þemavikum og opnum dögum. Þar gæti kirkjan kynnt þá starfsemi sem þegar er til staðar og jafnframt fengið fleiri hugmyndir um starfsemi sem ungt fólk myndi vilja sjá framkvæmt. Styðja þarf við alþjóðlegt samstarf því með þátttöku í því er hægt að stuðla að sterkum tengslum sem vara getað lengi jafnframt sem það er sérstaklega þroskandi fyrir ungt fólk að fá stærri heimssýn.

Kirkjuþing unga fólksins leggur jafnframt ríka áherslu á það að bæta þurfi vissulega safnaðarstarf fyrir alla aldurshópa og alla þjóðfélagshópa. Við álitum okkur ekki vera þann hóp sem er hvað best til fallinn til að koma með lausnir á þeim málum en hvetjum samt sem áður til aukinna umbóta í þeirri starfsemi.

Kirkjuþing unga fólksins leggur mikla áherslu á það að aftur verði komið á fót eðlilegu samstarfi á milli kirkju og skóla. Í ljósi þjóðaratkvæðagreiðslunnar má sjá að það er vilji

Þjóðarinnar fyrir því að á Íslandi sé þjóðkirkja og því finnst okkur eðlilegt að samstarf sé til staðar á milli þjóðkirkjunnar og menntastofnana á Íslandi. Börn eiga að fá tækifæri til að kynnastrúnni og eiga ekki að þurfa að líða fyrir það kirkjunni sé meinaður aðgangur að skólunum.

Við viljum jafnframt ítreka mikilvægi þess að þeim fjármunum sem kirkjan hefur til umráða sé reynt eftir fremsta megni að eyða fyrst og fremst í að byggja upp öflugt safnaðarstarf. Að okkar mati væri ráðlegt að setja reglur um það að hverri sókn fyrir sig beri að eyða ákveðinni prósentu af fjármunum sínum í æskulýðs- og safnaðarstarf. Með því er hægt að koma í veg fyrir það að einhver æskulýðsfélög þurfi að líða fyrir það að þau fá minni fjárveitingu en önnur.

Kirkjuþing unga fólksins vill eftir sem áður undirstrika það að niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar beri jafnvel í för með sér það umboð sem kirkjan þurfti til þess að ráðast loks í þessar miklu framkvæmdir sem þurfa að verða til þess að kirkjan megi ávinna sér enn meira traust en hún hefur nú þegar. Við trúum því að með því að standa betur við bak æskulýðsstarfsemi geti kirkjan áunnið sér frekara traust ungs fólks og viðhaldið því til frambúðar.“

Ályktuninni hefur þegar verið komið á framfæri innan kirkju og utan, í tengslum við Kirkjuþing unga fólksins.

„5. mál. Ályktun um launataxta leiðtoga í æskulýðsstarfi þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing unga fólksins vill koma þeirri tillögu á framfæri að samræmdur launataxti sé fyrir alla þá leiðtoga í æskulýðsstarfi þjóðkirkjunnar sem eru launaðir. Tillagan snýr að því að kirkjan hafi samræmdann launataxta fyrir alla launaða leiðtoga æskulýðsstarfsins. Sérstaklega þar sem mikið misræmi er nú í launagreiðslu til leiðtoga sem miðast ekki út frá hæfni, reynslu eða ábyrgð leiðtoga. Taxtinn sé miðaður við vinnutíma, ábyrgð, aldur og reynslu í starfi launþegans.

Leiðtogar séu vel upplýstir af kirkjunni í upphafi starfs um hvort þeir starfi sem sjálboðaliðar eða séu launaðir samkvæmt samræmdum launataxta. Sjálfbóðaliðum sé þá umbunað samkvæmt umbunarkerfi enda sé þeirra starf ekki síður mikilvægt.

Kirkjuþing unga fólksins ályktar að það verði almenn regla að launaðir leiðtogar séu skráðir sem launþegar innan kirkjunnar en ekki sem verktakar.“

Málið er hjá Launanefnd þjóðkirkjunnar.

Biskupsstofa – stefnumótun – skipurit

Á kirkjuþingi 2011 var lögð fram og kynnt skýrsla Ríkisendurskoðunar um Biskupsstofu, sóknir og sjóði kirkjunnar. Þar kom m.a. fram ábending um að vinna þyrfti að heildarstefnumótun um málefni Biskupsstofu. Kirkjuráð taldi rétt að nýkjörinn biskup skyldi leiða þá vinnu. Starfsmenn Biskupsstofu þau Guðmundur Þór Guðmundsson, Þorvaldur Víðisson, Sigríður Dögg Geirsdóttir og Ragnhildur Benediktsdóttir hafa leitt stefnumótunavinnuna en Þorvaldur Karl Helgason og Runólfur Smári Steinþórsson

voru hópnum til ráðuneytis. Hópurinn skilaði drögum að skipuriti og samþykktum Biskupsstofu (kirkjuráð-biskup Íslands) til biskups ásamt lista yfir verkefni Biskupsstofu. Í samþykktunum er greining á verkefnum kirkjuþings, biskups og kirkjuráðs. Sú greining er samantekt á lögum, starfsreglum og öðrum heimildum er fjalla um þjóðkirkjuna og verksvið framangreindra stjórnvalda kirkjunnar. Samkvæmt framangreindri tillögu er Biskupsstofa skilgreind sem skrifstofa biskups Íslands, kirkjuþings og kirkjuráðs, sem mynda yfirstjórn þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð samþykkti tillögurnar að skipuritinu og fylgja þær með skýrslu þessari ásamt samþykktum fyrir Biskupsstofu.

Stofnanir o.fl. verkefni

Stofnanir og nefndir skila skýrslum í Árbók kirkjunnar og er vísað þangað til nánari greinargerða um starfsemi þeirra. Sú umfjöllun sem hér fer á eftir er til fyllingar því eða sérstakrar áréttingar á atriðum sem kirkjuráð vill vekja athygli kirkjuþings á. Samkvæmt 11. gr. starfsreglna um kirkjuráð nr. 817/2000, er meginreglan sú að í nefndum sem kirkjuráð skipar sitji þrír menn og þrír til vara til fjögurra ára og er skipað frá og með 1. júlí árið eftir kirkjuþingskjör.

Árbók kirkjunnar

Sú breyting verður á að Árbók kirkjunnar verður gefin út rafrænt árlega en prentuð útgáfa á fjögurra ára fresti þ.e. kjörtímabil kirkjuþings.

Skálholt

Kirkjuráð ber ábyrgð á Skálholtsstað, sbr. lög nr. 32/1963. Skálholtsskóli og Skálholtsstaður eru rekinn sem ein rekstrareining. Vígslubiskup, sr. Kristján Valur Ingólfsson, fer með daglega yfirstjórn Skálholts og skrifstofustjóri er Hólmfríður Ingólfsdóttir.

Deiliskipulag Skálholts.

Verið er að vinna deiliskipulag í Skálholti og er það unnið í áföngum. Nú er sérstaklega unnið að skipulagi í kringum núverandi byggingar í Skálholti, þ.e. dómkirkjuna, skólahúsið og nánasta umhverfi.

Friðun Skálholtsdómkirkju og Skálholtsskóla.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur friðað Skálholtskirkju, Skálholtsskóla og nánasta umhverfi. Friðunin nær til innra og ytra byrðis Skálholtskirkju, ytra byrðis Skálholtsskóla auk nánasta umhverfis að undanskilinni yfirbyggingu yfir friðlýstar fornleifar Þorlákshúðar. Leitað var álits kirkjuráðs á friðunartillögunni og mælti ráðið gegn henni.

Ábúðarsamningur um Skálholtsjörðina.

Framlengdur hefur verið ábúðarsamningur núverandi ábúenda í Skálholti til tveggja ára, þ.e. til fardaga á vori 2015.

Miðaldadómkirkja í Skálholti

Kirkjuráð hefur haft til umfjöllunar hugmyndir um smíði miðaldadómkirkju í Skálholti.

Samþykkt var að ganga til samstarfs um endurreisn hennar, enda yrði unnt að staðsetja hana þannig að vel færi. Þjóðkirkjan mun ekki taka fjárhagslegan þátt í verkefninu og ekki bera áhættu af því.

Samningaviðræður hafa staðið yfir milli fulltrúa kirkjuráðs annars vegar og forsvarsmanna verkefnis um uppbyggingu tilgátuhúss í formi miðaldadómkirkju í Skálholti hins vegar.

Kirkjuráð samþykkti að ganga til bindandi samninga við hlutaðeigandi um uppbyggingu og rekstur miðaldadómkirkju í Skálholti á grundvelli niðurstaðna verkefnahópsins, með fyrirvörum um fullnaðarfjármögnun, staðfestingu kirkjuþings 2013 og samþykkt deiliskipulag. Kirkjuráð samþykkti að gerast stofnandi að sjálfseignarstofnun sem fari með eignarhald mannvirkisins. Á fundi kirkjuráðs í apríl 2012 samþykkti kirkjuráð eftirfarandi:

- „1. Kirkjuráð gangi til samstarfs um endurreisn miðaldadómkirkju í Skálholti, enda verði unnt að staðsetja hana þannig að vel fari.
2. Unnið verði deiliskipulag fyrir Skálholt þar sem m.a verði gert ráð fyrir miðaldadómkirkju.
3. Gengið verði til samninga við forsvarsmenn verkefnisins um:
Athugun á sameiginlegum rekstri miðaldadómkirkju og veraldlegri starfsemi í Skálholti og tillögur um skipan þeirra mála.
Undirbúningsvinnu vegna staðarvals fyrir miðaldadómkirkju.
Myndun sjálfseignarstofnunar um eignarhald miðaldadómkirkju.
Forsendur rekstrarsamnings við væntanlegt rekstrarfélag.
Samkomulag um framvindu verkefnisins, kynningu og annað er snertir sameiginlega hagsmuni Skálholts og miðaldadómkirkju.
4. Skilyrt verði að vandaðar kostnaðaráætlanir frá fyrirsvarsmönnum verkefnisins liggi fyrir svo og full fjármögnun stofnkostnaðar og rekstrar áður en samþykkt verður að fara í verklegar framkvæmdir.
5. Kirkjan taki ekki fjárhagslega þátt í verkefninu og beri ekki áhættu af því að öðru leyti en því að kosta gerð deiliskipulags.

Samþykkt var að af hálfu kirkjunnar starfi áfram með vígslubiskupi Skálholtsumdæmis og framkvæmdastjóra kirkjuráðs að þessum undirbúningi formaður fasteignanefndar þjóðkirkjunnar Bjarni Kr. Grímsson og Ásbjörn Jónsson, kirkjuráðsmaður.“

Eins og áður er getið um í skýrslu þessari hafa forsvarsmenn verkefnisins um gerð miðaldadómkirkju (tilgátuhús) fallið frá áformum sínum um framangreint samstarf. Á fundi kirkjuráðs þann 31. október var eftirfarandi bókað:

„Þann 27. október 2013, barst kirkjuráði svohljóðandi bréf

„Til framkvæmdastjóra kirkjuráðs, Guðmundar Þórs Guðmundssonar
Sæll Guðmundur,

Í þeirri vinnu sem undanfarið hefur lögð í undirbúning vegna hugmyndar um endurgerð miðaldadómkirkju í Skálholti hefur það verið grundvallarforsenda af hálfu okkar áhugamanna um verkefnið að það sé unnið í náinni samvinnu og sátt við þjóðkirkjuna og

*stjórn Skálholts. Það er nú orðið ljóst að verkefnið er að valda illdeilum og flokkadráttum meðal stofnana þjóðkirkjunnar og forystumanna hennar. Við sem höfum unnið að verkefninu með kirkjuráði og öðrum forystumönnum þjóðkirkjunnar viljum hinsvegar ekki taka þátt í, eða vera valdir að slíkum átökum. Við sjáum okkur ekki fært að halda verkefninu áfram í því andrúmslofti og þeim farvegi sem það er nú í innan kirkjunnar, og leggjum því til að kirkjuráð dragi fyrirhugaða tillögu á kirkjuþingi um málið til baka. Fyrir hönd áhugahóps og Gestaþjónustunnar ehf.
Guðjón Arngrímsson“*

Upphaf málsins má rekja til þess að á fund kirkjuráðs þann 3. ágúst 2011 komu forsvarsmenn verkefnis um byggingu tilgátuhúss í formi miðaldadómkirkju í Skálholti, til að kynna hugmyndina.

Kirkjuráð gerði grein fyrir hugmyndunum í skýrslu til kirkjuþings 2011. Jafnframt buðu forsvarsmenn verkefnisins kirkjuþingsfulltrúum sem það vildu kynningu á hugmyndinni meðan á kirkjuþinginu stóð.

Kirkjuþing 2011 samþykkti eftirfarandi ályktun:

Tilgátu-miðaldakirkja

Kirkjuþingi 2011 hafa verið kynntar hugmyndir áhugahóps fjárfesta um endurgerð miðaldakirkju í Skálholti. Kirkjuþing felur kirkjuráði að kanna, án skuldbindinga, alla þætti í fjármögnun, skipulagi og rekstri varðandi byggingu tilgátukirkju í Skálholti.

Af því tilefni samþykkti Kirkjuráð á fundi sínum í desember 2011 að óska eftir að vígslubiskup í Skálholti undirbyggi fyrir næsta kirkjuráðsfund tillögur að verkferli hvað varðar framangreinda könnun. Í samræmi við þá ákvörðun lagði vígslubiskup fram tillögur um verkferla vegna hugmynda um endurreisn miðaldadómkirkju í Skálholti á fundi kirkjuráðs í janúarmánuði 2012. Ráðið samþykkti að fela vígslubiskupi í Skálholtsumdæmi og framkvæmdastjóra kirkjuráðs að starfa með áhugahópnum um verkefnið.

Málið var að nýju til umfjöllunar á fundi kirkjuráðs í Skálholti í febrúar 2012 og var þá eftirfarandi bókað:

„Biskup greindi frá fundi sínum með framkvæmdastjóra kirkjuráðs og forsvarsmönnum verkefnisins. Kirkjuráð samþykkti að aflað yrði allra nauðsynlegra upplýsinga s.s. um áhrif á Skálholt og umhverfi þar, fjármögnun og rekstur og áhættu sem verkefnið kynni að fela í sér fyrir kirkjuna, svo ráðinu sé unnt að taka afstöðu til málaleitunar forsvarsmanna verkefnisins. Samþykkt var að afhálfa kirkjunnar starfi með vígslubiskupi Skálholtsumdæmis og framkvæmdastjóra kirkjuráðs að þessum undirbúningi formaður fasteignanefndar þjóðkirkjunnar Bjarni Kr. Grímsson og Ásbjörn Jónsson, kirkjuráðsmaður.“

Á fundi kirkjuráðs í aprílmánuði 2012 var síðan eftirfarandi bókað:

„Tillögur vegna Miðaldadómkirkju

Lögð var fram greinargerð framkvæmdastjóra kirkjuráðs, Ásbjörns Jónssonar, kirkjuráðsmanns, Bjarna Kr. Grímssonar, formanns fasteignanefndar þjóðkirkjunnar og

vígslubiskups í Skálholti, um hugmyndir um miðaldadómkirkju í Skálholti, sem upphaflega voru kynntar kirkjuráði þann 3. ágúst 2011. Á fundi kirkjuráðs þann 21. og 22. febrúar 2012 var samþykkt að aflað yrði allra nauðsynlegra upplýsinga s.s. um áhrif á Skálholt og umhverfi þar, fjármögnun og rekstur og áhættu sem verkefnið kynni að fela í sér fyrir kirkjuna, svo ráðinu væri unnt að taka afstöðu til málaleitunar forsvarsmanna verkefnisins.

Kirkjuráð samþykkti eftirfarandi:

1. Kirkjuráð gangi til samstarfs um endurreisn miðaldadómkirkju í Skálholti, enda verði unnt að staðsetja hana þannig að vel fari.
2. Unnið verði deiliskipulag fyrir Skálholt þar sem m.a. verði gert ráð fyrir miðaldadómkirkju.
3. Gengið verði til samninga við forsvarsmenn verkefnisins um:
Athugun á sameiginlegum rekstri miðaldadómkirkju og veraldlegri starfsemi í Skálholti og tillögur um skipan þeirra mála Undirbúningsvinnu vegna staðarvals fyrir miðaldadómkirkju Myndun sjálfseignarstofnunar um eignarhald miðaldadómkirkju Forsendur rekstrarsamnings við væntanlegt rekstrarfélag Samkomulag um framvindu verkefnisins, kynningu og annað er snertir sameiginlega hagsmuni Skálholts og miðaldadómkirkju.
4. Skilyrt verði að vandaðar kostnaðaráætlanir frá fyrirvarsmönnum verkefnisins liggja fyrir svo og full fjármögnun stofnkostnaðar og rekstrar áður en samþykkt verður að fara í verklegar framkvæmdir.
5. Kirkjan taki ekki fjárhagslega þátt í verkefninu og beri ekki áhættu af því að öðru leyti en því að kosta gerð deiliskipulags. Samþykkt var að af hálfu kirkjunnar starfi áfram með vígslubiskupi Skálholtsumdæmis og framkvæmdastjóra kirkjuráðs að þessum undirbúningi formaður fasteignanefndar Þjóðkirkjunnar Bjarni Kr. Grímsson og Ásbjörn Jónsson, kirkjuráðsmaður.“

Á fundi kirkjuráðs í maí 2012 var síðan eftirfarandi bókað:

„Framkvæmdastjóri og vígslubiskup gerðu grein fyrir fundi með forsvarsmönnum verkefnis um Miðaldadómkirkju í Skálholti, sem haldinn var 22. maí 2012.

Lögð var fram á kirkjuráðsfundinum og kynnt verkáætlun vegna næstu skrefa í vinnunni.“

Á fundi kirkjuráðs í september 2012 var lögð fram greinargerð vígslubiskups í Skálholtsumdæmi þar sem farið er yfir stöðu mála og helstu málefni sem taka þarf ákvörðun um. Kirkjuráð samþykkti að vísa málinu til fjármálahóps.

Fjármálahópurinn fjallaði um greinargerðina og var hún rædd á fundi kirkjuráðs í október mánuði 2012 og ákveðið að ræða hana nánar í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir Skálholt fyrir árið 2013. Málið var aftur til umræðu á fundi kirkjuráðs í desember mánuði 2012. Vígslubiskup í Skálholti kynnti þá helstu þætti starfseminnar í Skálholti og lagði fram yfirlit yfir brýnustu verkefni. Farið var yfir stöðu fjármála Skálholtsstaðar 2012 og fjárhagsáætlun 2013.

Á kirkjuþingi 2012 var samþykkt svofelld þingsályktun:

„Kirkjuþing 2012 ályktar að ekki verði horfið frá þeirri deiliskipulagsvinnu í Skálholti sem hafin er og telur að ekki beri að setja þeirri vinnu nein takmörk. Hins vegar brýnir kirkjuþing

kirkjuráð og vígslubiskup Skálholtsstiftis að skoða vel allar hliðar þessa máls og skuldbinda kirkjuna ekki með nokkrum hætti, nema eftir víðtæka kynningu og umræðu og blessun kirkjuþings. Kirkjuþing telur brýnt að rekstur Skálholtsstaðar komist í viðunandi horf og skoðað verði ýtarlega hvort bygging miðaldadómkirkju/safnahúss geti orðið liður í þeirri viðleitni, án þess að Skálholt sem helgistaður bíði hnekki. Kirkjuþing leggur áherslu á að staðsetning og fyrirkomulag, verði af áformum, verði með þeim hætti að ásýnd staðarins og andblær haldist og að rekstrarlegur ávinningur staðarins sé tryggður.“

Málið var þá til umfjöllunar í starfshópi þeim sem að framan greinir, sem skipaður var á fundi kirkjuráðs í febrúar 2012.

Málið var síðan tekið fyrir á fundi kirkjuráðs í mars 2013 og komu þá fulltrúar verkefnahóps um byggingu miðaldadómkirkju í Skálholti á fund ráðsins. Þá var rætt var um stöðu og þróun verkefnisins og forsögu og kom þar m.a. fram að framundan væri vinna við nákvæmari fjárhagsáætlun og jafnframt að gefa verkefninu skýrari línur.

Á fundi kirkjuráðs í apríl 2013 var eftirfarandi bókað:

„Á síðasta fundi kirkjuráðs var til umfjöllunar og kynningar staða mála er varðar miðaldadómkirkju í Skálholti. Kirkjuráð lítur svo á að vígslubiskup í Skálholti, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, formaður fasteignanefndar þjóðkirkjunnar og Ásbjörn Jónsson hrl. hafi óbreytt umboð til viðræða við forsvarsmenn verkefnisins.“

Staða mála var kynnt á næsta fundi kirkjuráðs í maí 2013.

Á fundi kirkjuráðs í júní mánuði 2013 var síðan eftirfarandi bókað:

„Miðaldadómkirkja.

Lögð var fram samantekt á niðurstöðum af samningaviðræðum fulltrúa kirkjuráðs annars vegar og forsvarsmanna verkefnis um uppbyggingu tilgátuhúss í formi miðaldadómkirkju í Skálholti hins vegar.

... Rædd voru ýmis álitaefni og áhættuþættir sem snerta verkefnið.

Kirkjuráð hefur nú kynnt sér niðurstöður verkefnahóps um miðaldadómkirkju í Skálholti.

Kirkjuráð samþykkti að ganga til bindandi samninga við hlutadeigandi um uppbyggingu og rekstur miðaldadómkirkju í Skálholti á grundvelli niðurstaðna verkefnahópsins, með fyrirvörum um fullnaðarfjármögnun, staðfestingu kirkjuþings 2013 og samþykkt deiliskipulag.

Kirkjuráð samþykkti að gerast stofnandi að sjálfseignarstofnun sem fari með eignarhald mannvirkisins.

Kirkjuráð mun leggja fram tillögu á kirkjuþingi 2013 samkvæmt framanskráðu“.

Samkvæmt því sem greint hefur verið hér frá hefur kirkjuráð lagt mikla vinnu í undirbúning máls þessa.

Kirkjuráð lýsir vonbrigðum sínum yfir því að áhugamenn um byggingu tilgátuhúss í formi miðaldadómkirkju í landi Skálholtsjarðarinnar hafa ákveðið að hætta við verkefnið.

Kirkjuráð lýsir áhyggjum sínum yfir því að umræður um málið hafi um of byggst á misskilningi og rangfærslum, sérstaklega í ljósi þess að kynning málsins var skammt á veg komin.

Kirkjuráð vekur athygli á að kirkjuþing sem veitti verkefninu brautargengi árið 2011 og

samþykkti áframhald undirbúning þess árið 2012 fær ekki að fjalla efnislega um þau drög að samkomulagi sem náðst hafði og leiða málið til lykta.

Kirkjuráð þakkar þeim sem unnið hafa að undirbúningi þessa máls af hálfu kirkjunnar, þeim Bjarna Kr. Grímssyni, kirkjuþingsfulltrúa og formanni fasteignanefndar, Ásbirni Jónssyni, kirkjuráðsmanni og Guðmundi Þór Guðmundssyni, framkvæmdastjóra kirkjuráðs undir forystu Kristjáns V. Ingólfssonar vígslubiskups.

Kirkjuráð samþykkti að draga til baka tillögu að þingsályktun um miðaldadómkirkju í Skálholti, 19. mál kirkjuþings 2013.“

Skipun skólaráðs Skálholtsskóla

Kirkjuráð samþykkti tillögu vígslubiskups að sitjandi skólaráð sæti þar til nýtt kirkjuráð hefur verið kosið á kirkjuþingi 2014. Samkvæmt því skipa skólaráðið eftirfarandi:

Sr. Halldór Reynisson, verkefnisstjóri á Biskupsstofu, formaður

Sr. Hreinn Hákonarson, fangaprestur

K. Hulda Guðmundsdóttir, Fitjum, Skorradal, fyrrverandi kirkjuþingsfulltrúi

Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu

Sr. Egill Hallgrímsson, sóknarprestur í Skálholti

Hörður Áskelsson, kantor í Hallgrímskirkju og fyrrverandi söngmálastjóri

Dr. Pétur Pétursson, prófessor við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands.

Skálholtsfélag hið nýja

Kirkjuráð samþykkti beiðni vígslubiskups í Skálholti um að stofna nýtt Skálholtsfélag sem var síðan stofnað á Skálholtshátíð nú í sumar. Það var stofnað á grunni hins eldra og því sett lög. Það nefnist Skálholtsfélag hið nýja. Fram að fyrsta aðalfundi sem verður 20. júlí 2014 var skipuð bráðabirgðastjórn sem í sitja Guðmundur Ingólfsson frá Iðu, sr. Halldóra J. Þorvarðardóttir prófastur Suðurprófastsdæmis, Jón Sigurðsson, rekstrarhagfræðingur og fyrrverandi skólastjóri, K. Hulda Guðmundsdóttir frá Fitjum og Karl Sigurbjörnsson, biskup.

Tónskóli þjóðkirkjunnar

Tónskóli þjóðkirkjunnar starfar samkvæmt starfsreglum um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 768/2002. Skólinn starfar eftir námskrá sem kirkjuráð samþykkir. Skólastjóri er Björn Steinar Sólbergsson, organisti.

Biskup og kirkjuráð hafa haft til athugunar tónlistarmál kirkjunnar sbr. skýrslu starfshóps um tónlistarmál sem kynnt var snemma á síðasta ári.

Vísað er til bókunar kirkjuráðs frá 24. maí 2012 en þar segir m.a:

Kirkjuráð felst á þá megin stefnu sem birtist í skýrslunni og tillögur nefndarinnar.“

Með hliðsjón af samþykkt Kirkjuþings í 1. máli 2012 um tónlistarmál kirkjunnar ákvað kirkjuráð að óska eftir því að biskup afli álits þriggja manna ráðgefandi starfshóps til að leggja mat á framangreinda skýrslu og móta frekari tillögur um framtíðarskipan tónlistarmála kirkjunnar. Starfshópurinn skili álitinu til biskups fyrir 1. apríl 2013.

Kirkjuráð samþykkti að fela stjórn Tónskólans að framlengja tímabundinn ráðningarsamning við skólastjóra Tónskólans fram til 1. júní 2013. Þá yrði starfið lagt niður

í núverandi mynd og nýtt starf auglýst. Einnig samþykkti kirkjuráð að segja upp leigusamningi Tónskólans í Grensáskirkju frá og með 1. febrúar 2013. Kirkjuráð mun áfram tryggja Tónskólanum húsnæði.

Stjórn og varastjórn Tónskóla þjóðkirkjunnar sögðu af sér í ágústmánuði 2013. Kirkjuráð samþykkti að skipa bráðabirgðastjórn til vorsins 2014. Aðalmenn í þeirri stjórn eru Sveinbjörg Pálsdóttir, sem formaður, Kári Þormar og Helga Þórdís Guðmundsdóttir. Varamenn: Kjartan Sigurjónsson, Jón Bjarnason og Hlín Torfadóttir.

Auk hefðbundinna stjórnarstarfa fær hún það hlutverk að hrinda í framkvæmd tillögum starfshóps um tónlistarmál sem kirkjuráð skipaði og skilaði af sér í apríl 2012. Kirkjuráð stefnir að því að tónlistarstjóri kirkjunnar verði ráðinn frá 1. júní 2014.

Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar

Kirkjuráð skipar fimm aðalmenn og tvo varamenn í fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar, til tveggja ára. Aðalmenn: Ingibjörg Pálmadóttir, Lóa Skarphéðinsdóttir, Páll Kr. Pálsson, Þorsteinn Pálsson og Kristín Magnúsdóttir. Varamenn: Guðbjörg Matthíasdóttir og Jón Kristjánsson.

Stjórn Kirkjuhússins – Skálholtsútgáfunnar

Samkvæmt skipulagsskrá Kirkjuhússins – Skálholtsútgáfunnar skal kirkjuráð skipa þrjú menn í stjórn stofnunarinnar af níu til þriggja ára í senn. Einn er skipaður á ári. Kirkjuráð samþykkti að tilnefna Sigríði Dögg Geirsdóttur, fjármálastjóra Biskupsstofu til þriggja ára sem fulltrúa kirkjuráðs.

Strandarkirkja í Selvogi

Í Strandarkirkjunefnd sitja Ragnhildur Benediksdóttir, fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, formaður, sr. Jón Ragnarsson, sóknarprestur í Hveragerðisprestakalli og sr. Baldur Kristjánsson sóknarprestur í Þorlákshafnarprestakalli. Nefndin er skipuð til 31. maí 2015.

Strandarkirkjunefnd og sóknarnefnd Strandarsóknar buðu kirkjuráði til fundar og vettvangsskoðunar í Strandarkirkju í Selvogi í júní sl. Strandarkirkja á jarðirnar Hlíð, Strönd, Stakkahlíð og Vogsósa. Verið er að leggja síðustu hönd á vinnu við deiliskipulag jarða kirkjunnar en það er Guðrún Jónsdóttir, arkitekt, sem sér um þá vinnu. Á svæðinu eru ýmsar náttúruminjar og fornleifar sem þarf að huga að og vernda og við deiliskipulagsvinnuna hefur veðurfar, lífríki og náttúrufar á svæðinu verið rannsakað. Nýr suðurstrandavegur mun breyta miklu varðandi samgöngur á svæðinu.

Kirkjuráð óskaði eftir því að Strandarkirkjunefnd og sóknarnefnd Strandarsóknar legðu fram tillögur að nýtingu jarða Strandarkirkju og hafa þær verið kynntar kirkjuráði. Kirkjuráð féllst á tillögur nefndanna og hefur óskað eftir því að unnar verði kostnaðaráætlanir vegna þeirra framkvæmda sem tillögurnar fela í sér.

Tillögurnar fylgja skýrslu þessari.

Sameining sókna.

Kirkjuþing 2011 ályktaði: „Kirkjuþing 2011 hvetur sóknarnefndir til að kynna sér kosti sameiningar sókna innan prestakalla og hefja undirbúning að sameiningu þar sem hentugt þykir og sátt næst um. Kirkjuþing beinir því til kirkjuráðs að fylgja málinu eftir með kynningu og ráðgjöf til sóknarnefnda.“

Kirkjuráð samþykkti að vinna í frekari mæli að sameiningu sókna, í samræmi við ofangreinda ályktun kirkjuþings.

Gjaldtaka sókna

Innanríkisráðuneytið hefur sent kirkjuráði erindi þar sem fram kemur að ráðuneytið telji að þjónustugjöld vegna þjónustu sókna, til dæmis vegna kirkjuvörslu við útfarir, verði að eiga sér lagastoð. Meðan að svo sé ekki sé gjaldtakan óheimil. Í svarbréfi kirkjuráðs til ráðuneytisins er list þeim skilningi að þjóðkirkjan sé sjálfstætt trúfélag sbr. m.a. 1. og 2. grein þjóðkirkjulaga nr. 78/1997. Í 49. grein laganna segir að kirkjusókn sé sjálfstæð fjárhagsleg og félagsleg eining. Sóknir kirkjunnar séu því frjáls félög og þurfi almennt ekki að sækja heimildir til ríkisvaldsins um starf sitt og gjaldtöku fyrir veitta þjónustu, sem hverjum sem er, er í sjálfsvald sett að óska eftir og gjalda fyrir uppsett verð.

Kirkjuráð telur að sóknum sé í sjálfsvald sett hvort innheimt séu sérstök þjónustugjöld vegna þjónustu sókna vegna kirkjuvörslu eða annarrar þjónustu og hefur sóknarnefndum verið kynnt sú skoðun kirkjuráðs.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar

Í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 13. gr. er m.a. kveðið á um að niðurstöðu úrskurðarnefndar megi skjóta til áfrýjunarnefndar sem ráðherra skipi til fjögurra ára í senn og hafi málsaðilar og kirkjuráð heimild til áfrýjunar. Áfrýjunarfrestur er þrjár vikur. Úrskurðir úrskurðarnefndar koma því til kirkjuráðs til ákvörðunar um áfrýjun. Mál 1/2011, sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson og Biskupsstofa, var vísað af Áfrýjunarnefnd til úrskurðarnefndar til efnislegrar meðferðar. Úrskurðarnefndin hafði áður vísað málinu frá. Úrskurðarnefndin hafnaði kröfu málshefjanda um að fella úr gild ákvörðun biskups Íslands frá 11. maí 2010 um skiptingu starfa í Selfossprestakalli. Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson hefur áfrýjað úrskurði nefndarinnar í máli 1/2011 til Áfrýjunarnefndar kirkjunnar og er málið nú til meðferðar þar. Úrskurðirnir fylgja skýrslu þessari.

Leikmannastefna 2013.

Tvær ályktanir voru samþykktar á Leikmannastefnu. Annars vegar um friðun Skálholtskirkju og nánasta umhverfis svo og ákvörðun um að Þorláksbúð skuli flutt af núverandi stað. Hins vegar ályktun um sóknargjöld. Ályktanirnar fylgja skýrslu þessari.

Samningur þjóðkirkjunnar og Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Biskup hefur verið í viðræðum við stjórn Siðfræðistofnunar. Í gildi var samningur milli kirkjunnar og stofnunarinnar um tiltekið samstarf, en sá samningur er runninn út. Unnið er að gerð nýs samnings.

Lokaorð

Skýrslur kirkjulegra stofnana og nefnda birtast í Árbók kirkjunnar sem nær yfir tímabilið frá 1. júní 2012 til 31. maí 2013. Árbókin var send þingfulltrúum eftir að hún kom út. Kirkjuráð hefur fjallað um ýmis önnur mál sem unnt er að lesa um í fundargerðum ráðsins á heimasíðu kirkjunnar, <http://www2.kirkjan.is/stjornsysla/>. Einnig skal vísað til greinagerðar framkvæmdastjóra kirkjuráðs í Árbók kirkjunnar 2012-2013. Þá fylgja skýrslu þessari ýmis gögn til frekari skýringa.

Reykjavík í október 2013

Kirkjuráð

Agnes M. Sigurðardóttir

Ásbjörn Jónsson

Gísli Gunnarsson

Gunnlaugur Stefánsson

Katrín Ásgrímsdóttir

Nefndarálit allsherjarnefndar um skýrslu kirkjuráðs.

Á fund nefndarinnar komu Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup, Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands, Steindór Haraldsson kirkjuþingsmaður og Magnús E. Kristjánsson forseti kirkjuþings.

Nefndin hefur fjallað um skýrslu kirkjuráðs og fylgiskjöl með henni, ásamt ræðum og ávörpum við upphaf kirkjuþings. Nefndin þakkar orð innanríkisráðherra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur einkum varðandi mikilvægi trúar, félagsgjöld þjóðkirkjufólks og samskipti kirkju og skóla. Einnig tekur nefndin heilshugar undir orð hennar er hún segir: „Ég hvet kirkjuna til að gera allt sem í hennar valdi stendur til að eiga áfram öfluga samleið með íslenskri þjóð.“ Nefndin tekur einnig undir orð kirkjuþingsforseta, Magnúsar E. Kristjánssonar, um mikilvægi leikmanna í fjölbreyttu starfi kirkjunnar, sérstaklega þessi orð: „Allir þurfa að stuðla að því að fólk vinni meira saman og að við sé meira notað orð en þið.“ Nefndin tekur undir orð biskups, Agnesar M. Sigurðardóttur er hún segir að kirkjan hafi mikilvægu hlutverki að gegna. Hún sé samnefnari samfélagsins, jafnvel einnig í augum þeirra sem ekki tilheyri henni. Hún standi með fólki í gleði og sorg og sé öllum opin. Ekki hvað síst komi það í ljós þegar á bjáti.

Fjármál

Allsherjarnefnd fagnar viðleitni ríkisvaldsins til leiðréttingar á sóknargjöldum sem fram hefur komið. En betur má ef duga skal. Trúfélög hafa mátt þola mikinn niðurskurð síðustu ár, mun meiri en lagður hefur verið á stofnanir sem heyra undir innanríkisráðuneytið. Allsherjarnefnd lýsir miklum áhyggjum af afkomu sókna. Er nú svo komið að víða er örðugt að halda uppi hefðbundnu safnaðarstarfi og telur Allsherjarnefnd því mjög brýnt að sóknargjöld verði leiðrétt hið fyrsta og skorar á yfirvöld að sjá til þess að það verði gert. Nefndin væntir góðs af þeim samningaviðræðum sem framundan eru milli ríkis og kirkju.

Skýrsla jafnréttisnefndar

Allsherjarnefnd þakkar skýrslu jafnréttisnefndar þjóðkirkjunnar. Þar er greint frá helstu niðurstöðum launakönnunar starfsfólks kirkjunnar. Ljóst er að í launum störfum þjóðkirkjunnar er nokkur launamunur milli kynja. Ekki er marktækur munur á fjölda sjálfbodaliða eftir kynjum í sjálfbodnu starfi innan kirkjunnar. Hlutfall launaðs starfsfólks sókna hefur minnkað og kemur það ekki á óvart í ljósi mikillar lækkunar á sóknargjöldum. Nefndin telur afar brýnt að kirkjan haldi áfram að vinna eftir jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar en þar segir: „Kirkjan byggir á þeim grunni sem lagður er af hinum upprisna frelsara. Skírn inn í það samfélag gerir engan greinarmun á konum og körlum. Kirkjan gegnir þess vegna mikilvægu hlutverki í miðlun þess boðskapar. Því er jafnréttisstefna viðurkenning manngildis og jafnréttis allra jarðarbarna.“

Um drög að samningi milli Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar og kirkjunnar.

Allsherjarnefnd telur mikilvægt að gott samstarf sé með kirkjunni og GTD um menntun

presta og djákna. Nefndin telur að með því sé lagður grunnur að fagmennsku og gæðum í starfi kirkjunnar til framtíðar.

Fimm alda minning siðbótarinnar.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um skýrslu nefndar um fimm alda minningu siðbótarinnar árið 2017. Nefndin þakkar greinargóða skýrslu og telur gagnlegt að horft sé til framtíðar í sönnunum anda siðbótarinnar.

Kirkjuþing unga fólksins 2013.

Nefndin er sammála ályktun kirkjuþings unga fólksins um að mikilvægt sé að aftur verði komið á eðlilegu sambandi kirkju og skóla. Mótuð verði framkvæmdaáætlun um það hvernig því verði komið á.

Mikilvægt er að halda uppi öflugum æskulýðs- og safnaðastarfi. Nefndin tekur undir sjónarmið kirkjuþings unga fólksins um að mörkuð verði stefna gegn einelti bæði gagnvart börnum og fullorðnum.

Málefni Skálholts.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um málefni Skálholts. Nefndin hvetur til þess að fundnar verði nýjar leiðir varðandi rekstur staðarins. Nefndin mælist til þess að skipuð verði sérstök stjórn yfir Skálholti sem starfar í umboði kirkjuráðs og horft sé til þess að ábyrgð og ákvarðanataka færast í auknum mæli heim í hérað.

Tónlistarmál þjóðkirkjunnar

Nefndin hefur fjallað um tónlistarmál þjóðkirkjunnar. Efla þarf kirkjutónlist á Íslandi og leggja þarf rækt við þann tónlistararf sem kirkjan býr að.

Auglýsingar á prestsembættum

Nefndin bendir á mikilvægi þess að prestsembætti sem losna, ekki síst í fjölmennum prestaköllum, séu auglýst.

Varðandi viðbótarbókun við skýrslu kirkjuráðs

Framundan eru viðræður við ríkið um kirkjujarðasamkomulagið. Allsherjarnefnd telur mikilvægt að í samninganefnd kirkjunnar veljist einstaklingar með reynslu af samningagerð og víðtæka þekkingu á kirkjujarðasamkomulaginu.

Nefndin leggur til að kirkjuþing afgangi málið með ályktun á þskj. 69.

Kirkjuþing afgreiddi skýrslu kirkjuráðs með eftirfarandi

Þingsályktun

Kirkjuþing 2013 mælist til þess að skipuð verði sérstök stjórn yfir Skálholti sem starfar í umboði kirkjuráðs og horft sé til þess að ábyrgð og ákvarðanataka færist í auknum mæli heim í hérað. Kirkjuþing hvetur til þess að fundnar verði nýjar leiðir varðandi rekstur staðarins.

Kirkjuþing 2013 telur mikilvægt að í samninganefnd kirkjunnar um kirkjujarðasamkomulagið veljist einstaklingar með reynslu af samningagerð og þekkingu á kirkjujarðasamkomulaginu.

Kirkjuþing 2013 er sammála kirkjuþingi unga fólksins um að mikilvægt sé að aftur verði komið á eðlilegu sambandi kirkju og skóla og að mótuð verði framkvæmdaráætlun um það hvernig því verði komið á. Kirkjuþing tekur undir sjónarmið kirkjuþings unga fólksins um að mörkuð verði stefna gegn einelti gagnvart bæði börnum og fullorðnum.

Kirkjuþing 2013 bendir á mikilvægi þess að prestsembætti sem losna, ekki síst í fjölmennum prestaköllum, séu auglýst.

Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar

Helstu þættir til umræðu og ályktunar

Heildartekjur þjóðkirkjunnar í frumvarpi til fjárlaga árið 2014 eru áætlaðar 3.948,8 m.kr. að frádrögnum 270,9 m.kr. sértekjum sem Þjóðkirkjunni 06-701 (Biskupsstofu) er ætlað að afla. Áætlaðar sértekjur hækkuðu í fjárlögum 2013 um 160 m.kr. frá árinu 2012 vegna leiðréttingar á rekstrarumfangi, en útgjaldarammi stendur óbreyttur. Áætlaðar greiðslur til þjóðkirkjunnar í heild hækka um 160,7 m.kr. milli ára eða um 4,2% ef miðað er við fjárlög 2013. Hagræðingarkrafa ríkis árið 2014 vegna 06-701 Þjóðkirkjunnar er 0,75% m.kr. eða 14,1 m.kr. Í fjárlagafrumvarpinu 2014 eru áætlaðar 3% launa- og verðlagshækkanir miðað við árið 2013 og er því hækkun milli árána 2013 og 2014 35,8 m.kr. eða um 2,5%. Vegna 06-707 Kristnisjóðs er ekki gerð hagræðingarkrafa, en engar launa- og verðlagsbætur eru reiknaðar á þann lið. Hagræðingarkrafa er ekki gerð vegna sóknargjalda þjóðkirkjunnar 2014 en 3% verðlagsbætur koma til. Jöfnunarsjóður sókna og Kirkjumálasjóður hækka í samræmi við sóknargjöldin (sjá töflu 1).

Á árunum 2008-2011 lækkuðu sóknargjöld 25% umfram það sem fjárveitingar lækkuðu til stofnana innanríkisráðuneytisins. Ríkið hefur viðurkennt þetta misræmi og bætur að hluta skerðingu sóknargjalda því á þessu ári komu 45 m.kr. til viðbótar við þau. Árið 2014 eru áætlaðar 100 m.kr. og árið 2015 40 m.kr. (sjá töflu 1).

Tafla 1- Breytingar milli fjárlagafrumvarps 2014 og fjárlaga 2013

Fjárlagaliðir – í milljónum króna	Fjárlaga- frumvarp 2014	Fjárlög 2013	Mism. %	Mism. kr.
06-701 Þjóðkirkjan	1.474,8	1.439,0	2,5%	35,8
06-705 Kirkjumálasjóður	247,4	240,2	3,0%	7,2
06-707 Kristnisjóður	73,1	73,1	0,0%	0,0
06-736 Jöfnunarsjóður sókna	320,1	310,8	3,0%	9,3
Kirkjujarðasamkomulag og sjóðir samtals	2.115,4	2.063,1	2,5%	52,3
06-735 Sóknargjöld	1.733,4	1.680,0	3,2%	53,4
06-735 Sóknargjöld – tímabundin viðbót	100,0	45,0	122,2%	55,0
Sóknargjöld samtals	1.833,4	1.725,0	6,3%	108,4
Samtals	3.948,8	3.788,1	4,2%	160,7

Ef tekið er mið af því að sóknargjöld hefðu verið óskert frá árinu 1999 og hækkað í samræmi við lög nr. 91/1987 og ekki hefði verið vikið frá kirkjujarðasamkomulaginu - er boðaður niðurskurður í fjárlagafrumvarpi 2014 um 1.345 m.kr. eða um 26 % í heildina milli ára 2014 og 2013 (sjá töflu 2). Þetta þýðir m.a. að ríkið er að greiða laun 109 presta í stað þess að greiða laun 138 presta eins og samningur ríkis og kirkju gerir ráð fyrir.

Tafla 2

Samanburður á frumvarpi 2014 og reiknuðum óskertum greiðslum 2013 í milljónum króna	Fjárlaga-frumvarp 2014	Reiknaðar óskertar greiðslur 2013	Mism. %	Mism. kr.
06-701 Þjóðkirkjan*	1.474,8	1.853,7	-20,4%	-378,9
06-705 Kirkjumálasjóður	247,4	348,0	-28,9%	-100,6
06-707 Kristnisjóður*	73,1	108,7	-32,7%	-35,6
06-736 Jöfnunarsjóður sókna	320,1	450,2	-28,9%	-130,1
06-735 Sóknargjöld	1.733,4	2.433,3	-28,8%	-699,9
Samtals	3.848,80	5.193,77	-25,9%	-1.345,0

*Óskertar greiðslur samkvæmt reiknilíkani 2014

Hagræðingaraðgerðir 06-701 Þjóðkirkjunnar (Biskupsstofu)

Gerð er hagræðingarkrafa að hálfu ríkis árið 2014 til 06-701 Þjóðkirkjunnar (Biskupsstofu) sem nemur 327,8 m.kr. á nafnverði en 378,9 m.kr. á verðlagi ársins 2014. Uppsöfnuð árleg hagræðingarkrafa ríkis frá árinu 2010 til ársins 2014 er um 1,4 milljarður á nafnverði en um 1,6 milljarður á verðlagi ársins 2014. Sjá töflur 3 og 4.

Tafla 3

Hagræðingarkrafa ríkis til 06-701 Þjóðkirkjunnar á verðlagi hvers árs í milljónum króna	Árleg hagræðingarkrafa	Uppsöfnuð hagræðingar-krafa
Árið 2010 skv. viðaukasamkomulagi	160,0	160,0
Árið 2011 skv. viðaukasamkomulagi	100,0	260,0
Árið 2012 skv. viðaukasamkomulagi	37,2	297,2
Árið 2013 skv. viðaukasamkomulagi	16,5	313,7
Árið 2014 skv. fjárlagafrumvarpi 2014	14,1	327,8
Samtals á verðlagi hvers árs	327,8	1.358,7

Tafla 4

Hagræðingarkrafa ríkis til 06-701 Þjóðkirkjunnar á verðlagi ársins 2014 í milljónum króna	Árleg hagræðingarkrafa	Uppsöfnuð hagræðingarkrafa
Árið 2010 skv. viðaukasamkomulagi	186,1	186,1
Árið 2011 skv. viðaukasamkomulagi	116,3	302,4
Árið 2012 skv. viðaukasamkomulagi	43,3	345,6
Árið 2013 skv. viðaukasamkomulagi	19,2	364,8
Árið 2014 skv. fjárlagafrumvarpi 2014	14,1	378,9
Samtals á verðlagi hvers árs	378,9	1.577,7

Tekin var sú stefna að vernda grunnþjónustu þjóðkirkjunnar og hagræða með því að komast hjá uppsögnum starfsfólks. Um 90% af útgjöldunum eru launagjöld. Í fjárhagsáætlun vegna 06-701 Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2014 kemur fram að um 124 m.kr. vantar á árinu 2014 til að endar nái saman. Ráðgert er að selja eignir Kirkjumálasjóðs sem ekki er talin þörf fyrir eða þykja óhagkvæmar í rekstri og leggja áætlað andvirði að fjárhæð 60 m.kr. til Biskupsstofu til þess m.a. að tryggja þjónustu kirkjunnar þrátt fyrir rýrnandi tekjustofna. Jafnframt er gert ráð fyrir að hallinn verði fjármagnaður með framlagi Kirkjumálasjóðs að fjárhæð 32 m.kr., framlagi Jöfnunarsjóðs sókna að fjárhæð 32 m.kr.

Hagræðingaraðgerðir vegna niðurskurðar kirkjujarðasamkomulagsins undanfarin ár og fyrirhugaðar aðgerðir á næsta ári skila 255 m.kr. sparnaði árið 2014 sem skiptist í eftirfarandi liði:

Niðurlögð prestsembætti: Sparnaður 132 m.kr.

Frá árinu 2010 hafa verið lögð niður um 17 prestsembætti en þá var 141 prestur á launum en á næsta ári er ráðgert að embættin verði 124 talsins. Árið 2010 bar ríkinu að greiða sem samsvarar launum 139 presta en aflað var sértekna til að greiða 2 presta til viðbótar. Árið 2014 ber ríkinu samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu að greiða sem samsvarar 138 prestsembættum – en aðeins er greitt vegna 109 embætta eins og komið hefur fram. Þessi embætti hafa verið lögð niður:

- Bjarnanesprestakall 50%
- Holtsprestakall undir Eyjafjöllum 100%
- Mosfellsprestakall, Grímsnesi 100%
- Þingvallaprestakall 100%
- Héraðsprestsembætti í Kjalarnesprófastsdæmi 50%
- Prestsembætti í Laugarnesprestakalli 50%
- Héraðsprestsembætti í Reykjavíkurrófastsdæmi vestra 100%
- Patreksfjarðarprestakall 50%
- Staðarprestakall 100%
- Skólaprestsembætti Akureyrarprestakalli 50%

Héraðsprestsembætti Þingeyjarprófastsdæmi 50%
Vallanesprestakall 50%
Sérþjónustuprestar á Biskupsstofu 100%
Sérþjónustuprestur vegna vímuvarna 100%
Sérþjónustuprestur í Kaupmannahöfn 100%
Sérþjónustuprestur í London 100%
Sérþjónustuprestur í Gautaborg 100%
Sérþjónustuprestur á Biskupsstofu (áætlun 2014) 50%
Grafarvogsprestakalli verður þjónað samkvæmt ákvörðun biskups Íslands í samráði við prófast og sóknarnefnd (áætlun 2014) 100%
Háteigsprestakalli verður þjónað samkvæmt ákvörðun biskups Íslands í samráði við prófast og sóknarnefnd (áætlun 2014) 100%
Seljaprestakall – frestað að auglýsa (áætlun 2014) 50%
Önnur prestaköll vegna afleysinga og setninga 50%

Rekstrarkostnaður prestsembætta og vegna prófastsdæma: Sparnaður 42 m.kr.

Við niðurlagningu ofangreindra embætta sparast um 1 m.kr. rekstrarkostnaður fyrir hvert þeirra sem er um 17 m.kr. Auk þess hefur rekstrarkostnaður prestsembætta og vegna prófastsdæma verið skorinn niður sem nemur 25 m.kr.

Sameining prófastsdæma: Sparnaður 26 m.kr.

Prófastsdæmi hafa verið sameinuð og þeim fækkað úr 16 í 9. Sparnaður vegna rekstrarkostnaðar við niðurlagningu 7 prófastsdæma er um 11 m.kr. Sparnaður vegna launa við niðurlagningu 7 prófastsdæma er um 14,7 m.kr.

Fækkun námsleyfa presta: Sparnaður 22 m.kr.

Á næsta ári er ráðgert að greiða námsleyfi vegna presta í 9 mánuði. Við það sparast 27 mánuðir í námsleyfi. Þetta er hugsað sem tímabundin ráðstöfun.

Launakostnaður Biskupsstofu samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi: Sparnaður 26 m.kr.

Starf söngmálastjóra 50%
Verkefnisstjórar 200%
Fulltrúi á Biskupsstofu 50%

Auk þess hefur störfum verið fækkað hjá Kirkjumálasjóði

Móttökuritari 70%
Fjölskylduráðgjafar 45%
Verkefnisstjóri fasteignamála 100%
Fræðslufulltrúi 100%
Fulltrúi í upplýsingatækni 100%

Rekstrarkostnaður Biskupsstofu samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi: Sparnaður 7 m.kr.
 Á næsta ári er ráðgert að allur skrifstofukostnaður Biskupsstofu verði hjá Kirkjumálasjóði. Í dag er skrifstofan rekin með sértekjum frá sjóðunum sem kostnaðarhlutdeild í skrifstofuþjónustu. Mikil hagaræðing felst í þessari ráðstöfun þar sem umsýsla verður einfaldari og tækifæri til frekari aðhaldsaðgerða skapast.

06-701 Þjóðkirkjan/Biskupsstofa 2014

Fjárhagsáætlun 06-701 Þjóðkirkjunnar/Biskupsstofu 2014 – í milljónum króna	2014
Prestar – launakostnaður - 124 embætti	1.202,2
Biskup Íslands - launakostnaður	15,8
Vígslubiskup í Skálholti - launakostnaður	13,0
Vígslubiskup á Hólum - launakostnaður	12,3
Prófastar - launakostnaður	22,2
Náms- og veikindaleyfi - launakostnaður	34,6
Aukaeiningar í fjölmönnum prestaköllum	8,5
Einingar vegna niðurlagðra prestakalla	16,8
Rekstrarkostnaður presta og prófaste	133,0
Laun starfsfólks skv. kirkjujarðasamkomulagi 12,6 stöðug.	113,4
Rekstrarkostn. skrifstofu skv. kirkjujarðasamkomulagi	0,0
Samtals áætluð gjöld 2014	1.572,4
Greiðslur samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2014	1.447,8
Fjárvöntun 2014	-124,0

Rekstraráætlun 06-701 Þjóðkirkjunnar árið 2014 – forsendur

Eins og fram hefur komið hefur 06-701 Þjóðkirkjan sætt hagræðingarkröfu að fjárhæð 379 m.kr. frá árinu 2010 og hefur tekist að skera niður sem nemur 255 m.kr. Fjárvöntun vegna ársins 2014 er því um 124 m.kr. Til að brúa þetta bil er gert ráð fyrir að framlög komi úr Kirkjumálasjóði að fjárhæð 32 m.kr. og úr Jöfnunarsjóði sókna 32 m.kr. auk þess sem eignir verða seldar fyrir 60 m.kr. og andvirðið greitt til 06-701 Þjóðkirkjunnar/Biskupsstofu.

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður skrifstofu verði hjá Kirkjumálasjóði. Áður var rekstrarkostnaður á Biskupsstofu en þá kom kostnaðarhlutdeild úr sjóðum á móti. Á Biskupsstofu og Kirkjumálasjóði fækkar starfsmönnum sem nemur einu stöðugildi milli áranna 2013 og 2014. Áætluð stöðugildi á Biskupsstofu árið 2014 eru 12,6 en áætluð stöðugildi Kirkjumálasjóðs eru 13,6. Samtals verða starfsmenn 26 árið 2014 í stað 27 árið 2013. Frá árinu 2010 hefur starfsfólki þá fækkað sem nemur 7 stöðugildum eða um 21%. Eftirfarandi breytingar eru á mannahaldi Biskupsstofu/Kirkjumálasjóðs:

- Verkefnisstjóri fjármála sókna á Biskupsstofu fer úr 80% starfi í 100% frá og með 1. sept. 2013.
- Gert er ráð fyrir að verkefnisstjórnun verði endurskipulögð.
- Fulltrúi á Biskupsstofu fór úr 100% starf í 50% starf frá og með 1. júlí 2013.
- Áætlað er á árinu 2014 verði ráðinn almannatengslafulltrúi í 100% starf.

Ráðgert er að spara sem nemur um 3,3 prestsembættum árið 2014. Prestsembætti verða þannig 124,3 samkvæmt rekstraráætlun 2014 í stað 127,6 árið 2013. Helstu breytingar vegna prestsembættu eru eftirfarandi:

- Sóknarprestur í Mosfellsprestakalli, Grímsnesi sagði lausu frá 1. júlí 2013 og var þá prestakallið lagt niður.
- Sóknarprestur í Seljaprestakalli, Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra lætur af störfum 1. ágúst 2014 og verður frestað að auglýsa.
- Lausu embætti prests í Grafarvogssókn verður þjónað samkvæmt ákvörðun biskups Íslands í samráði við prófast og sóknarnefnd.
- Lausu embætti prests í Háteigssókn verður þjónað samkvæmt ákvörðun biskups Íslands í samráði við prófast og sóknarnefnd.
- Sérþjónustuprestur á Biskupsstofu lætur af störfum árið 2014.

Gert er ráð fyrir að embættiskostnaður presta hækki um 3% milli ára og gert ráð fyrir námsleyfum presta í 9 mánuði alls.

Sérframlög

Sérframlög til stofnkostnaðar kirkjunnar haldast óbreytt milli ára eða samtals 27 m.kr. í fjárlagafrumvarpi 2014.

Stofnkostnaðargreiðsla ríkisins vegna Skálholts er 10,0 m.kr. Af framlaginu eru 6 m.kr. sem er síðasta greiðsla af samtals 48 m.kr. framlagi, sem var veitt í tilefni af 900 ára afmæli biskupsstóls í Skálholti og ætlað til uppbyggingar í staðnum.

Sérframlag ríkisins árið 2013 til Hallgrímskirkju vegna viðgerða á turni að fjárhæð 5 m.kr. er önnur greiðsla af sex ára greiðsluluforði sem var samtals um 30 m.kr. Auk þess eru veittar 3,0 m.kr. vegna annars stofnkostnaðar og er því heildarframlag ríkisins til Hallgrímskirkju 8,0 m.kr. árið 2014.

Framlag til Hóladómkirkju verður 4,3 m.kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2014 og framlag til Dómkirkjunnar í Reykjavík verður 4,7 m.kr.

06-705 Kirkjumálasjóður

Fjárhagsáætlun Kirkjumálasjóðs 2014 – í milljónum króna	Árið 2014
Áætlaður tekjuafgangur til afborgunar af lánum	21,7
TEKJUR	544,6
Fjárveiting á fjárlögum	379,3
vegna Kirkjumálasjóðs skv. lögum nr. 138/1993	
vegna Kristnisjóðs skv. lögum nr. 35/1970	
vegna stofnkostnaðar í Skálholti	
15% af tekjum Jöfnunarsjóðs sókna	
Leigutekjur	104,3
Vaxtatekjur	1,0
Andvirði eignasölu	60,0
GJÖLD	523,0
Kirkjumálasjóður - framlög	110,0
Styrkur til Tónskólans	18,0
Styrkur til Biskupsstofu vegna hagræðingarkröfu	32,0
Framlag til Biskupsstofu - ígildi eignasölu *	60,0
Kirkjuþing	21,2
Kirkjuráð	16,5
Biskup Íslands	22,2
Biskup Íslands - biskup Íslands - rekstrarkostnaður	4,2
Biskup Íslands - vígslubiskup í Skálholti – rekstrarkostnaður	2,5
Biskup Íslands - vígslubiskup á Hólum – rekstrarkostnaður	2,5
Biskup Íslands - biskupafundur	0,5
Biskup Íslands - prófastafundur	0,6
Biskup Íslands - prestastefna	11,5
Biskup Íslands - leikmannastefna	0,4
Þjónusta við söfnuði	13,1
Fræðsla	3,1
Kærleiksþjónusta	0,5
Samkirkjumál	4,5
Fjölskylduþjónusta kirkjunnar	3,0
Samskiptamál	2,0
Skrifstofa og mannaúður	155,3
Skrifstofa og mannaúður - launakostnaður 13,6 stöðugildi	113,0
Skrifstofa og mannaúður - almennur rekstur	37,8
Skrifstofa og mannaúður - lífeyrishækkanir	1,6
Skrifstofa og mannaúður - bóka- og skjalasafn	0,2
Skrifstofa og mannaúður - endurmenntun og starfsþróun	1,0
Skrifstofa og mannaúður - starfsþjálfun prestsefna	0,4

Skrifstofa og mannauður - starfsþjálfun djáknaefna	0,4
Skrifstofa og mannauður - framlag til starfsmannafélags	1,0
Fjárhagsáætlun Kirkjumálasjóðs 2014 - frh. – í milljónum króna	Árið 2014
Stjórnsýsla	2,8
Stjórnsýsla - upplýsingatækni - aðgangur að þjóðskrá	1,8
Stjórnsýsla - upplýsingatækni félagatal þjóðkirkjunnar	1,0
Kirkjumálasjóður - fasteignir og vaxtakostnaður	131,4
Fasteignir og vaxtakostnaður	
Kristnisjóður - styrkir	45,5
Kristnisjóður - nefndir	5,0

*Aðeins hagnaður af andvirði eignasölu færast sem tekjur

Greiðslur til Kirkjumálasjóðs miðast við 14,3% tekjur sem reiknast ofan á sóknargjöld. Árið 2014 hækkar framlag í sjóðinn um 3% eða 7,2 m.kr. miðað við fjárlög 2013. Greiðsla ríkis lækkar um 100,6 m.kr. eða 28,9% árið 2014 ef miðað er við óskertan grunn sóknargjalda árið 2013 (sbr. töflu 2)

Fyrri umræða um fjárhagsáætlanir 2014 fór fram á fundum kirkjuráðs í október 2013. Gert er ráð fyrir sölu eigna Kirkjumálasjóðs að fjárhæð 60 m.kr., en andvirðið rennur til Biskupsstofu til að tryggja þjónustu Þjóðkirkjunnar þrátt fyrir rýrnandi tekjustofna. Auk þess greiðir Kirkjumálasjóður 32 m.kr. til Þjóðkirkjunnar. Ráðgert er að selja eignir sem ekki er talin þörf fyrir eða þykja óhagkvæmar í rekstri, en eignasafnið hefur vaxið undanfarinn áratug.

Framsetning áætlunar miðar við nýtt skipulag á Biskupsstofu og ráðgert er að rekstrarkostnaður verði greiddur hjá Kirkjumálasjóði í stað Biskupsstofu áður. Skref er stigið í átt til einfaldari fjárumsýslu og auknu gegnsæi með þessari ráðstöfun.

06-707 Kristnisjóður

Greiðslur ríkisins til Kristnisjóðs samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu á að samsvara 15 árslaunum presta í fámennustu prestaköllunum samkvæmt samningi ríkis og kirkju. Greiðsla ríkis samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2014 er 73,1 m.kr. en ætti að vera 108,7 m.kr. og er því skorið niður um 35,6 m.kr. eða 32,7% ef miðað er við óskert kirkjujarðasamkomulag (sbr. töflu 2).

06-735 Sóknargjöld

Frá fjárlögum ársins 2008 til 2011 hafa sóknargjöld lækkað sem nemur 25% umfram fjárveitingar til stofnana innanríkisráðuneytisins, samanber skýrslu nefndar innanríkisráðherra til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar sem kom út í apríl 2012. Ríkið hefur nú viðurkennt þetta misræmi og bætir skerðingu sóknargjalda undanfarinna ára að hluta með tímabundnu viðbótarframlagi. Á þessu ári komu 45 m.kr. til viðbótar við sóknargjöldin sem voru greiddar beint til safnaðanna. Árið 2014 er

áætlaðar 100 m.kr. og árið 2015 40 m.kr. – samtals verður viðbótin því 185 m.kr. Engu að síður vantar mikið uppá að sóknargjöldin séu í samræmi við lög nr. 91/1987.

Á árinu 2013 hefðu sóknargjöldin átt að vera 1.060,- kr. á mánuði fyrir hvern gjaldanda 16 ára og eldri í samræmi við lög um sóknargjöld, en voru skert í fjárlögum ársins 2013 og nam fjárhæðin þá 728 kr. fyrir hvern einstakling á mánuði. Miðað við þessar forsendur er hagræðingarkrafa ríkisins til þjóðkirkjusafnaða 762,4 milljónir króna á þessu eina ári. Uppsafnaður niðurskurður á árunum 2008 til 2013 nemur um 2,6 milljörðum króna á verðlagi hvers árs samanber meðfylgjandi töflu nr. 5.

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2014 er gert ráð fyrir að sóknargjöld breytist sem nemur áætluðum verðhækkunum eða um 3% og verða þá 750 kr. fyrir hvern einstakling í þjóðkirkjunni 16 ára og eldri.

Tafla 5

Raunveruleg þróun sóknargjalda í þjóðkirkjunni 2008-2013	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Sóknargjald í krónum pr. gjaldanda pr. mánuð	872,00	833,00	767,00	698,00	701,00	728,00
Fjöldi í gjaldanda í Þjóðkirkjunni 1. desember sama ár	195.576	194.903	191.656	190.734	191.258	
Sóknargjöld í milljónum króna fj. gjaldanda árið áður x sóknargj. pr. gjaldanda x 12 mán.	2.035,7	1.955,0	1.793,9	1.605,3	1.604,5	1.670,8
Hækkun/-lækkun sóknargjalds frá fyrra ári		-4,47%	-7,92%	-9,00%	0,43%	3,85%

Breyting sóknargjalda í samræmi við lög um sóknargjöld	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Sóknargjald í krónum pr. gjaldanda pr. mánuð	872,00	925,19	940,92	929,63	1.004,93	1.060,20
Fjöldi í gjaldanda í Þjóðkirkjunni 1. desember sama ár	195.576	194.903	191.656	190.734	191.258	
Sóknargjöld í milljónum króna fj. gjaldanda árið áður x sóknargj. pr. gjaldanda x 12 mán.	2.035,7	2.171,3	2.200,7	2.138,0	2.300,1	2.433,3
Hækkun/-lækkun sóknargjalds *frá fyrra ári í %	10,24%	6,10%	1,70%	-1,20%	8,10%	5,50%

Skerðing sóknargjalda á ári í milljónum króna		216,4	406,8	532,7	695,6	762,4
Uppsöfnuð skerðing sóknargjalda 2008 - 2013 í milljónum króna						2.613,9

*Breyting á meðaltekjuskattstofni einstaklinga síðustu tveggja ára

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sókna miðast við 18,5% tekjur sem reiknast ofan á sóknargjöld. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2014 hækkar framlag í Jöfnunarsjóð sókna um 3% frá fjárlögum ársins 2013 um 9,3 m.kr. Ef fjárlagafrumvarp 2014 er borið saman við óskertan grunn sóknargjalda árið 201 er um 28,9% niðurskurð að ræða eða um 130,1 m.kr.(sbr. töflu 2).

Fjárhagsáætlun Jöfnunarsjóðs sókna 2014 – í milljónum króna	2014
Áætlaður tekjuafgangur í varasjóð	18,3
Tekjur	325,1
Framlag til Jöfnsj. sókna - áætlun	320,1
Vaxtatekjur - fjármagnstekjuskattur	5,0
Gjöld	306,8
Framlög til sókna	200,0
Framlag til Kirkjumálasjóðs 15% af tekjum	48,8
Kostnaðarhlutdeild til Kirkjumálasjóðs 5% af tekjum	16,0
Framlag til Kirkjumálasjóðs vegna verkefna Jöfnunarsjóðs sókna	10,0
Til Biskupsstofu v. hagræðingarkröfu ríkisins	32,0

Fyrri umræða um úthlutun Jöfnunarsjóðs sókna til sókna fór fram á fundum kirkjuráðs í október 2013, en héraðsnefndum gefst kostur á að skoða úthlutanir og gera breytingatillögur. Gert er ráð fyrir að Jöfnunarsjóður sókna greiði Biskupsstofu 32 m.kr. vegna hagræðingarkröfu ríkisins. Í fjárhagsáætlun 2014 er gert ráð fyrir að 15% af ráðstöfunartekjum Jöfnunarsjóðs renni inn í Kirkjumálasjóð eins og undanfarin ár vegna kirkjulegrar starfsemi. Við úthlutun nú úr Jöfnunarsjóði sókna eru nýframkvæmdir enn að jafnaði ekki styrktar og mælst til að fresta þeim sem hafnar eru ef kostur er.

Þriggja ára áætlun

Þriggja ára áætlun Þjóðkirkjunnar er á verðlagi ársins 2014. Á næsta ári er áætlað að ríkið greiði sem nemur 109 prestum en samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu ber ríkinu að greiða sem samsvarar 138 prestslaunum. Miðað er við að á næstu 10 árum gangi skerðingar kirkjujarðasamkomulagsins til baka þannig að sama prestafjölda og

kirkjujarðasamkomulagið kveður á um verði náð árið 2025 eða um 3 prestar á ári og aðrir liðir hækki í sama hlutfalli. Gert er ráð fyrir að tækifæri gefist til hagræðingar við starfslok tveggja presta árlega á árunum 2015 - 2018 Þannig gæti náðst jafnvægi í fjármálum Þjóðkirkjunnar árið 2017. Hjá starfsfólki Biskupsstofu myndi breytingin vera í sama hlutfalli. Gengið er út frá að Kristnisjóður hækki í sama hlutfalli. Þá er gert ráð fyrir að meðaltekjuskattstofn einstaklinga hækki um 5% milli ára með hliðsjón af þjóðhagsspá um launavísitölu og atvinnuleysi sem viðmið um hækkun sóknargjalds og greiðslur í Kirkjumálasjóð og Jöfnunarsjóð sókna.

Áætlun um fjölda presta	Áætlun	Spá	Spá	Spá
	2014	2015	2016	2017
Stöðugildi samtals	124	122	120	118
Greitt frá ríki	109	112	115	118

Þriggja ára áætlun Þjóðkirkjunnar	Áætlun	Spá	Spá	Spá
Fjárlagaliður	2014	2015	2016	2017
06-701 Þjóðkirkjan	1.474,8	1.488,2	1.528,1	1.567,9
06-701 Þjóðkirkjan - styrkir	27,0	27,0	27,0	27,0
06-705 Kirkjumálasjóður	247,4	259,8	272,8	286,4
06-707 Kristnisjóður	73,1	75,3	77,3	79,3
06-736 Jöfnunarsjóður sókna	320,1	336,1	352,9	370,6
Kirkjujarðasamkomulag og sjóðir samtals	2.142,4	2.186,4	2.258,1	2.331,2
06-735 Sóknargjöld	1.733,4	1.820,1	1.911,1	2.006,6
06-735 Sóknargjöld - tímabundin viðbót	100,0	40,0	0,0	0,0
Sóknargjöld samtals	1.833,4	1.860,1	1.911,1	2.006,6
Samtals	3.975,8	4.046,4	4.169,2	4.337,8

Nefndarálit fjárhagsnefndar

Fjárhagsnefnd hefur farið yfir ársreikninga og fjárhagsáætlanir þjóðkirkjunnar, stofnana hennar og sjóða. Nefndin fékk glögggt yfirlit um fjárhagsstöðu kirkjunnar, kröfur ríkisvaldsins um hagræðingu á kostnaði vegna slæmrar stöðu ríkissjóðs og tillögur kirkjuráðs um lækkun framlaga á ýmsum sviðum til þess að mæta hagræðingarkröfu ríkisins.

Sérstaklega var farið yfir fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar og sjóða kirkjunnar. Nefndin þakkar skýra framsetningu reikninga og áætlana og yfirgripsmikil yfirlit og skýringar á öllum rekstri sem undir þjóðkirkjuna heyra. Nefndin fór yfir endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar, en í skýrslunni er fjallað um ársreikninga embætta, sjóða, stofnana og fyrirtækja þjóðkirkjunnar. Nefndin hafði einnig til umfjöllunar skýrslur frá Ríkisendurskoðun um yfirlit um ársreikninga sókna fyrir árið 2012 og yfirlit um ársreikninga kirkjugarða vegna ársins 2012.

Kirkjuþing þakkar safnaðarfólki um allt land sem lagt hefur svo mikið af mörkum á erfiðum tímum niðurskurðar í fjármálum sóknanna.

Nefndin fékk á sinn fund vígslubiskup í Skálholti sr. Kristján Val Ingólfsson til að ræða möguleika á útleigu gisti- og veitingarekstrar í Skálholti ásamt öðrum málefnum tengdum staðnum.

Fjárhagsnefnd beinir því til kirkjuráðs og biskups Íslands að áfram verði unnið að eftirfarandi atriðum:

Innanríkisráðherra hefur skipað nefnd um sóknargjöld. Fjárhagsnefnd kirkjuþings 2013 treystir því að út úr því starfi komi ásættanlegur samningur við ríkið um framtíðarskipan og innheimtu sóknargjalda, sem eru félagsgjöld.

Að fyrirhugaðar viðræður ríkis og kirkju um endurskoðun 3. greinar kirkjujarðasamkomulagsins leiði til þessa að staðið verði að fullu við kirkjujarðasamkomulagið. Að haldið verði áfram að einfalda sjóðakerfi kirkjunnar og gera það gegnsærra. Eigi að síður verður að gæta þess að sögulegum grundvelli og hlutverki sjóðanna samkvæmt lögum sé haldið til haga.

Að framsetning fjárlaga verði þannig að skýrt sé að greiðslur til þjóðkirkjunnar séu annars vegar á grundvelli kirkjujarðasamkomulags og hins vegar samkvæmt lögum um sóknargjöld.

Að áfram verði miðlað ráðgjöf til sókna þjóðkirkjunnar á vegum Biskupsstofu og að leitað verði leiða til að efla fjárhagslegt eftirlit með þeim. Sóknir og prófastsdæmi eru hvött til að sameinast um verkefni eins og aðstæður leyfa til hagræðis og sparnaðar t.d. í reikningshaldi, sameiginlegum útboðum og innkaupum.

Að mörkuð verði sú stefna að sérþjónustuprestar verði kostaðir af tekjum Kirkjumálasjóðs.

Nú liggur fyrir þriggja ára fjárhagsáætlun og miðað við núverandi aðstæður og skipulag næst jafnvægi í fjármálum þjóðkirkjunnar árið 2017. Nefndin vekur athygli á því að 90% af útgjöldum vegna kirkjujarðasamkomulagsins er launakostnaður, því er svigrúm til sparnaðar þröngt nema gripið verði til uppsagna.

Að áfram verði leitað leiða til að styrkja fjárhagsgrundvöll Skálholts meðal annars með útleigu á gisti- og veitingarekstri, þar sem ákveðin tímabil eru ætluð til kirkjustarfs.

Nefndin leggur til að kirkjuþing afgreiði málið með ályktun á þingskjali 49.

Kirkjuþing afgreiddi fjármál þjóðkirkjunnar með eftirfarandi

Þingsályktun:

Kirkjuþing 2013 afgreiðir ársreikninga þjóðkirkjunnar fyrir árið 2012 um einstaka sjóði, stofnanir og viðfangsefni þjóðkirkjunnar athugasemdalaust. Farið hefur verið yfir fyrirbyggjandi endurskoðunarskýrslu til kirkjuþings frá Ríkisendurskoðun. Kirkjuþing staðfestir að reikningshald kirkjulegra embætta, stofnana og sjóða fyrir árið 2012 hafi hlotið fullnægjandi endurskoðun.

Undanfarin ár hefur þjóðkirkjan tekið á sig umtalsverða tekjuskerðingu þar sem greiðslur til kirkjunnar hafa minnkað ár frá ári. Annars vegar er þar um að ræða lögbundin sóknargjöld, félagsgjöld, sem ríkið innheimtir og hins vegar samningsbundnar greiðslur vegna kirkjueigna sem ríkinu voru afhentar með sérstöku samkomulagi frá 1997.

Kirkjujarðasamkomulagið fjallar um afhendingu kirkjujarða til ríkisins á móti skuldbindingu um að greiða laun presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Þjóðkirkjan hefur ekki vikist undan ábyrgð og fallist á skerðingu á kirkjujarðasamkomulaginu undanfarin ár. Uppsöfnuð skerðing frá árinu 2010 vegna kirkjujarðasamkomulagsins er um 1,6 milljarður króna.

Sóknargjöldin eru lögbundin félagsgjöld sem ganga til reksturs safnaðanna um land allt. Óumdeilt er að sóknir þjóðkirkjunnar hafa orðið fyrir mun meiri skerðingu en stofnanir innanríkisráðuneytisins. Frá fjárlögum ársins 2008 til 2011 hafa sóknargjöld lækkað sem nemur 25% umfram fjárveitingar til stofnana innanríkisráðuneytisins, samanber skýrslu nefndar innanríkisráðherra til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar. Ríkið hefur nú viðurkennt þetta misræmi og hyggst bæta skerðingu sóknargjalda undanfarinna ára að hluta með tímabundnu viðbótarframlagi. Engu að síður vantar mikið uppá að sóknargjöldin séu í samræmi við lög nr. 91/1987. Uppsöfnuð skerðing vegna sóknargjaldanna á árunum 2008 – 2013 er um 2,6 milljarðar króna.

Þjóðkirkjan og söfnuðir hennar hafa því orðið fyrir tekjuskerðingu er nemur í heild um 4,2 milljörðum króna á síðastliðnum fimm árum og getur það ekki haldið áfram óbreytt.

Innanríkisráðherra hefur skipað nefnd um sóknargjöld. Kirkjuþing 2013 treystir því að úr því starfi komi ásættanlegur samningur við ríkið um framtíðarskipan og innheimtu sóknargjalda sem eru félagsgjöld. Einnig að fyrirhugaðar viðræður ríkis og kirkju um endurskoðun 3. greinar kirkjujarðasamkomulagsins leiði til þess að staðið verði að fullu við kirkjujarðasamkomulagið.

3. mál kirkjuþings 2013

Flutt af Solveigu Láru Guðmundsdóttur

Skýrslur nefnda og starfshópa

Jafnréttisnefnd þjóðkirkjunnar

Skýrsla til kirkjuþings

Í jafnréttisnefnd íslensku þjóðkirkjunnar eru aðalmenn þessir: Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir vígslubiskup, formaður, sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir, varaformaður, sr. Sigurður Ægisson, ritari, Ólafur Ólafsson héraðsdómari og sr. Sunna Dóra Möller. Varamenn eru í stafrófsröð þessir: Agnar Gunnarson, sr. Guðmundur Guðmundsson, Pétur Björgvin Þorsteinsson, Seselía María Gunnarsdóttir og Sólrún Dögg Árnadóttir.

Á árinu skipaði biskup Íslands sr. Elínu Hrund Kristjánsdóttur sóknarprest í Reykhóla-prestakalli jafnréttisfulltrúa þjóðkirkjunnar og hefur hún unnið ötullega með nefndinni.

Alls hefur nefndin komið þrisvar sinnum saman, og ávallt í Glerárkirkju á Akureyri.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 4. desember 2012, sá næsti 15. febrúar 2013 og sá þriðji nú í nóvember.

Verkefni nefndarinnar er fyrst og fremst að fylgja framkvæmdaáætlun Jafnréttisstefnunnar.

Verkefni ársins var safna upplýsingum um laun starfsfólks kirkjunnar, annars vegar á prófastsdæmisvísu hvað varðar starfsfólk safnaða og hins vegar á landsvísu hvað varðar presta og starfsfólk Biskupsstofu og stofnana kirkjunnar, sbr. kafla 3 í framkvæmdaáætlun. Einnig þótti brýnt að taka saman tölulegar upplýsingar um starfsfólk kirkjunnar, greina þær út frá kyni og gera skýrslu um stöðuna, sem og að taka saman upplýsingar um kynjahlutföll í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum kirkjunnar. Þar sem svörun var lítil sem engin í fyrra þegar könnunin var send út bréflaga var brugðið á það ráð að senda könnunina út rafrænt og var það gert nú á haustmánuðum. 80 sóknir af þeim 210 sem könnunina fengu senda svöruðu.

Jafnréttisfulltrúi hefur nú niðurstöður könnunarinnar til skoðunar, en helstu niðurstöður eru að hlutfall launaðs starfsfólks hefur minnkað og þá hjá báðum kynjum. Kynin bæði virðast öflug í sjálfböðnu starfi og varla er þar marktækur munur á milli kynja. Mun fleiri karlar en konur eru organistar og flestir þeirra eru á verktakagreiðslum. Konur og karlar gegna nokkuð jafnt kirkjuvörslu en karlar virðast vera að fá meira greitt fyrir þau störf en konur. Sama má segja um meðhjálparastarfið þó eru þar fleiri karlar og þiggja þeir flestir

verktakagreiðslur. Konurnar taka að sé ræstingarstörfin með örfáum undantekningum og fá oftast málamynda greiðslu fyrir en þær sinna oftast ekki kirkjuvörslu einnig og jafnvel meðhjálpstarfi líka.

Þar sem störf nefndarinnar lágu niðri í heilt ár vegna veikinda fyrri formanns höfum við litið svo á að umboð nefndarinnar sé til 1. júní 2014. Verkefnið framundan er því að gera nýja framkvæmdaáætlun, en síðan mun nýtt kirkjuþing kjósa nýja Jafnréttisnefnd.

4. mál kirkjuþings 2013

Flutt af Elínborgu Gísladóttur og Katrínu Ásgrímsdóttur

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í allsherjarnefnd:

Þingsályktun um skipan prestsþjónustunnar

Kirkjuþing 2013 samþykkir að nefnd sú er skipuð var vinni áfram að 4. máli kirkjuþings 2013 um skipan prestsþjónustunnar. Nefndin skili niðurstöðum sínum til kirkjuþings 2014.

Tillaga til þingsályktunar um skipan prestsþjónustunnar

1. Kirkjuþing 2013 samþykkir að fela kirkjuráði að sjá til þess að samstarfssvæðin verði tekin til starfa um land allt fyrir 1. sept. 2014, skv. tillögum um skipan þjónustu kirkjunnar sem samþykktar voru á kirkjuþingi 2010.

- a) Prófastar verði leiðtogar á samstarfssvæðum. Þeir sjái um gerð ársáætlunar um skipan prestsþjónustunnar á hverju samstarfssvæði einkum hvað varðar messuskyldu, í samvinnu við presta á samstarfssvæðinu.
- b) Prófastar fylgi eftir framkvæmdinni um samstarfssvæðin í prófastsdæmunum.
- c) Prestum og sóknum verði gefinn kostur á að tjá sig um skipulag samstarfssvæðanna og koma með tillögur um breytingar, er berist biskupi fyrir 1. febr. 2014.
- d) Samhliða því að samstarfssvæði komi til framkvæmda verði öllum prestum og próföstum sent nýtt erindisbréf þar sem getið verði um skyldur presta á samstarfssvæðum.

2. Kirkjuþing 2013 samþykkir að við endurskoðun þjóðkirkjulaganna verði bætt inn ákvæðum um samstarfssvæði, sem sé ein af starfseiningum kirkjunnar við hlið sókna, prestakalla og prófastsdæma.

- a) Í auglýsingu lausra prestsembættu og í erindisbréfi presta skal að jafnaði kveðið á um skyldur á samstarfssvæðunum, enda sé lagalegra réttinda og skyldna hlutaðeigandi gætt í hvívetna.
- b) Kirkjuráð sjái til þess að starfsreglur um sóknir, presta og prófastsdæmi verði endurskoðaðar með það fyrir augum að tryggja tilveru samstarfssvæða enn betur og þeirra skyldna sem þeim fylgja, einkum hvað varðar messuskyldu.

3. Kirkjuþing 2013 beinir því til biskups Íslands að biskupafundur taki til umfjöllunar tillögur nefndarinnar um skipan prestsþjónustunnar og leggi fram niðurstöður og tillögur á kirkjuþingi 2014 (eða á framhaldsþingi 2013).

- a) Kirkjuþing 2013 minnir á að kirkjujarðasamkomulag ríkis og kirkju frá 1997 er í fullu gildi og ber ríkisvaldinu að standa skil á 138 embættum til kirkjunnar en ekki 109 eins og verið hefur undanfarin ár.
- b) Þangað til ríkisvaldið efnir að nýju kirkjujarðasamkomulagið samþykkir kirkjuþing eftirfarandi viðmið um hversu mörg prestsembætti skulu lögð til þjónustunnar í prestaköllum:

miða skal við samstarfssvæði þau sem kirkjuþing 2010 samþykkti að setja á stofn. að embætti sóknarpresta og presta skuli vera samtals um 105 þ.e. um 2.200 sóknarbörn á hvert embætti að meðaltali eða um 3.000 íbúar. að ekki séu færri sóknarbörn en 750 eða 1.250 að baki hverju embætti í dreifbýli. að ekki séu færri sóknarbörn en 2.500 eða 3.500 að baki hverju embætti í þéttbýli. að ekki séu fleiri en 5.000 sóknarbörn að baki hverju embætti. að heimilt sé að víkja frá ofangreindum viðmiðum eins og við kirkjur sem hafa sérstöðu, samkvæmt ákvörðun biskups Íslands.

Greinargerð

Almennt

Á Kirkjuþingi 2012 var samþykkt „að kjósa þriggja manna nefnd sem geri tillögur um skipan prestsþjónustunnar fyrir kirkjuþing haustið 2013. Starf hópsins byggist meðal annars á samþykkt kirkjuþings 2010 um þjónustu kirkjunnar“.

Í nefndina voru kosin kirkjuþingsfulltrúarnir séra Elínborg Gísladóttir og Katrín Ásgrímsdóttir og séra Þorvaldur Karl Helgason, fv. biskupsritari. Nefndin hefur hist á Biskupsstofu og voru fundirnir oftast í tengslum við kirkjuráðsfundi og var það gert til að spara fé og tíma þar sem einn nefndarmanna situr jafnframt í kirkjuráði. Nefndin hafði engan fastan starfsmann en Þorvaldur Karl hefur annast ritarastörf og miðlað efni einkum frá fyrri störfum hans í nefndinni um þjónustu kirkjunnar (7. mál 2010). Katrín sat líka í þeirri nefnd og má líta svo á að kirkjuþing 2012 teldi mikilvægt að halda áfram með þær meginhugmyndir sem þar komu fram. Þar var grunnþjónusta kirkjunnar skilgreind þar sem megin skylda allra sókna er að sinna reglubundnu helgihaldi, fræðslu og boðun og kærleiksþjónustu. Þá eru nefnd verkefni eins og kirkjutónlist, varðveislu muna og minja og því sem einkennir sóknina eða kirkjuna sérstaklega eins og þekkt sögustaðar, sem hvílir á sókninni að gæta að og bregðast við. Slíkt hvílir mjög oft á prestum sem sitja slíka kirkjustaði að sinna þessu hlutverki, eins og að taka á móti ferðafólki og segja sögu kirkjunnar og staðarins.

Þá voru í tillögum nefndarinnar frá 2010 ítrekuð fyrri samþykktir kirkjuþings um tilurð *samstarfssvæða*, en einnig um *messuskyldur* og um fjölda embætta á þjónustusvæðunum. Síðast nefnda atriðið um skipan embættanna á svæðunum kom ekki til endanlegrar afgreiðslu kirkjuþingsins. Þó voru þar kynntar tillögur um hvernig sú nefnd teldi að skipanin ætti að líta út til að unnt væri að uppfylla grunnskyldur sóknanna á svæðinu. Segja má að nefndarvinna sú sem hér er til umfjöllunar fjalli einkum um þennan síðasta þátt þ.e. um *skipulag prestsþjónustunnar*.

Nefndin sat biskupafund þar sem ræddar voru þær hugmyndir sem helst væru til umræðu í nefndinni um skipan prestsþjónustunnar, enda málið sístætt umfjöllunarefni á biskupafundi. Biskupafundur hefur m.a. það hlutverk að fjalla um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma og meta stöðu þessara starfseininga kirkjunnar og leggja fyrir kirkjuþing hugsanlegar breytingar á skipan þeirra. Nefndin og biskupafundur ræddu stöðu

embættanna og þjónustu kirkjunnar með hliðsjón af umboði nefndarinnar og hlutverki biskupafundar. Á því stigi lágu ekki fyrir fullmótaðar tillögur til að ræða. Nefndin hafði áður átt samtál við biskup Íslands um störf nefndarinnar.

Enda þótt nefndin sé skipuð af kirkjuþingi og skili af sér beint til þingsins lítur nefndin svo á að mikilvægt sé að hafa sem víðtækast samstarf við þá sem hafa beint með skipan prestsþjónustunnar að gera og það á ótvírætt við um biskup Íslands og biskupafund. Því telur nefndin rétt að biskup Íslands og biskupafundur fái umsagnir presta og sókna, eins og minnst er á í tillögum nefndarinnar sem hér eru til umfjöllunar og leggi svo tillögur fyrir næsta kirkjuþing. Nema kirkjuþing ákveði aðra meðferð þessa máls.

Um presta og um sóknir

Í þjóðkirkjulögum er að finna lagagreinar sem sérstaklega varðar presta, þar sem finna má skilgreiningar á stöðu þeirra og hlutverki. Þær helstu eru þessar:

33. gr. *Þjónandi prestur þjóðkirkjunnar er hver sá sem á grundvelli köllunar og vígslu gegnir föstu prestsstarfi í þjóðkirkjunni. Hann lýtur tilsjón kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnum þótt hann gegni launuðu starfi á vegum aðila sem ekki heyra undir þjóðkirkjuna.*

34. gr. *Í hverju prestakalli skal vera einn sóknarprestur. Sóknarprestur er hirðir safnaðar og gegnir prests- og predikunarembætti samkvæmt vígslubrési og eftir því sem reglur og venjur segja til um.*

35. gr. *Í fjölmönnum prestaköllum er heimilt að skipa fleiri presta en einn. Séu prestar fleiri en einn í prestakalli skulu þeir undir forustu sóknarprests skipta með sér störfum í samræmi við almennar starfsreglur þar að lútandi, sbr. 59. gr.*

36. gr. *Biskupi Íslands er heimilt að ákveða að í prófastsdæmum starfi héraðsprestar.*

Og síðar í þjóðkirkjulögum segir almennt um presta:

43. gr. *Nánari ákvæði um starfsskyldur presta skulu settar í starfsreglur, sbr. 59. gr.*

Í Starfsreglum um presta (2011) segir m.a.:

Í 1. gr.: *Prestsembættið skiptist í starf sóknarprests, héraðsprests, sérþjónustuprests og prests. Sú skipting er byggð á lögum og starfsreglum kirkjunnar og varðar starfssvið og ábyrgð einungis.*

Í 2. gr. má lesa um hlutverk presta, en það byggir m.a á vígslubrési presta:

Samkvæmt köllun, vígsluheiti og vígslubrési skal sérhver prestur hennar:

- boða Guðs orð í anda evangelísk lúterskrar kirkju
- hafa sakramentin um hönd
- veita sálgæslu og hlýða skriftum og veita leiðsögn í andlegum efnum og trúarlífi
- vera málsvari fátækra, boðberi réttlætis og kærleika Guðs
- fræða unga sem eldri í sannindum fagnaðarerindisins
- ferma, gífta, vitja sjúkra og nauðstaddra, jarðsyngja látna, styðja syrgjendur til huggunar

- leggja sitt af mörkum í lífi og starfi þjóðkirkjunnar
- leitast við að breiða út Guðs ríki í samfélaginu, og með því að styðja kristniboð og hjálparstarf.

Í 10.gr. er að finna ákvæði sem varðar samstarfssvæði sem nú er komið inn í starfsreglur um presta: *Sóknarprestum og prestum ber að hafa samstarf um kirkjulega þjónustu innan hvers prófastsdæmis undir tilsjón prófasts. Samstarf presta skal skv. þessu m.a. lúta að afleysingaþjónustu í sumarleyfum og á frídögum presta svo og þjónustu sem er með einhverjum hætti sameiginleg fyrir samstarfssvæði og prófastsdæmið í heild.*

Í þjóðkirkjulögunum frá 1997, segir m.a. um sóknir:

48. gr. *Sóknin er grunneining þjóðkirkjunnar og starfsvettvangur hennar á hverjum stað. Ein eða fleiri sóknir mynda prestakall.*

49. gr. *Kirkjusókn er félag þess fólks innwan þjóðkirkjunnar sem býr innan sóknarmarka. Kirkjusókn er sjálfstæð fjárhagsleg og félagsleg eining en tengist öðrum sóknum innan sama prestakalls, ef um það er að ræða, með samstarfi eða á annan hátt sem héraðsfundur kann að mæla fyrir um eða einstakar sóknarnefndir stofna til. Þá tengjast kirkjusóknir öðrum sóknum innan prófastsdæmis með sameiginlegum héraðsfundi.*

Sóknarmenn eru allir þeir sem lögheimili eiga í sókn, miðað við 1. desember næstliðinn, hafa hlotið skírn og eru skráðir í þjóðkirkjuna.

Sóknarmenn eiga rétt á kirkjulegri þjónustu í sókn sinni og bera sameiginlega skyldur eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum eða með lögmaeltum ákvörðunum.

Í starfsreglunum um sóknir er að finna nánari ákvæði um hlutverk og skyldur sóknar. Ekki er hér unnt að nefna hér öll atriði sem þar er að finna og snerta þetta mál um skipan prestsþjónustunnar. Nægir að minna á 1. greinina:

1.gr. *Frumskylda kirkjusóknar er helgihald, kærleiksþjónusta og fræðsla sem nærir og eflir trú sem starfar í kærleika. Til þess er haldið uppi:*

- *reglubundnum guðsþjónustum og séð til þess að sóknarbörn eigi aðgang að sálgæslu í samtali, prédikun, sakramenti og fyrirbæn*
- *reglubundnu fræðslustarfi um kristna trú og sið, og stuðningi við trúaruppeldi heimilanna með barnastarfi, fermingarfræðslu og æskulýðsstarfi*
- *kærleiksþjónustu á vettvangi sóknarinnar og með aðild að hjálparstarfi og kristniboði kirkjunnar.*

Þar sem ekki er unnt að halda uppi reglubundinni þjónustu, svo sem vegna fámennis, geta sóknir í sama prestakalli, eða á sama samstarfssvæði, sameinast um ofangreinda meginþætti safnaðarstarfs.

Þá er rétt að minna á *Samþykktir um innri málefni kirkjunnar* (2009) sem fjalla um hlutverk og skyldur presta og sóknar sem grunneiningar kirkjunnar. Auk þess eru þar viðmið um messuskyldur og skilgreiningar á grunnþætti kirkjulegs starfs í sóknum.

Messuskyldur og messuhald.

Hugmyndir nefndarinnar hafa því að miklu leyti snúist um þau meginstef sem eru að finna í samþykktinni frá 2010 um *Þjónustu kirkjunnar*. Þar skal nefna skilgreiningu á grunnþjónustu kirkjunnar, messuskyldur og samstarfssvæði. Nefndin einskorðaði sig að mestu við messuskyldurnar þegar hún lagði mat á stöðu embættanna til að sinna þeim skyldum og það á samstarfssvæðum.

Viðmið það sem þá var lagt til grundvallar var mikið til umfjöllunar þar sem ljóst er að fækka verður prestsembættum vegna fjárhagsstöðu kirkjunnar. Það er því rétt að endurmeta þessar skyldur og það hefur nefndin gert. Fullt tillit var tekið til messuskýrslna presta fyrir árið 2012 og sú viðmiðun hafði áhrif á tillögurnar um fjölda embætta á svæðunum.

Í *Samþykktum um innri málefni kirkjunnar* (2009), er einnig getið um messuskyldur sóknanna, en þar eru gerðar heldur minni kröfur til fámennustu sóknanna, en þær sem settar voru fram í stefnumótuninni um *Þjónustu kirkjunnar* (2010). Hafa verður í huga að á báðum stöðum er gert ráð fyrir að hér séu um viðmið að ræða og að heimamenn finni hvað best eigi við á hverjum stað. Engu að síður er með messuskyldum lagt til að festa í sessi þá meginskyldu sóknarinnar að söfnuðurinn komi saman til helgihalds og tilbeiðslu. Messan er helsta einkenni hins kirkjulega starfs og það hlutverk sem sýnir fyrir hvað hin kristna kirkja stendur, – að biðja saman, að syngja saman, að hlýða saman á orðið, að brjóta saman brauðið, að lofsyngja Guð og vegsama hann. Í *Samþykktum um innri málefni* segir m.a. um helgihaldið:

„Messan er hjartsláttur trúarlífsins þar sem söfnuðurinn mætir Drottni í orði og sakramentum. Í messunni fær trúin næringu til vaxtar og þroska fyrir boðun fagnaðarerindisins, samneyti heilagrar kvöldmáltíðar altarisins og samfélagið í bæn og beiðni og þakkargjörð. Frá messunni er söfnuður Krists sendur út með blessun hans“.

Í því skýrslukerfi sem nú er við lýði og prestar eiga að fylla út um starfið og messurnar, má lesa mikilvægar upplýsingar um kirkjulegt starf eins og það birtist í tölum frá söfnuðum um land allt. Til þess að meta þróunina og stöðu kirkjunnar, hvað þetta varðar, þarf einnig að vinna úr þeim tölum eins og hér er gert. Leggja þarf áherslu á að prófastar gangi eftir því að skýrslur berist reglulega til biskups Íslands er varpi ljósi á starf kirkjunnar og veiti þannig gagnlegar upplýsingar um stöðu þjónustu kirkjunnar hverju sinni.

Nefndin kaus að draga að þessu sinni eingöngu fram úr skýrslunum *messufjölda í sóknunum* og *fjölda fermingarbarna*. Kannað var hvernig messuhald væri í raun í sóknum landsins og skoðaði sérstaklega messuskýrslur fyrir árið 2012. Nefndin fékk leyfi biskups til að leita eftir hjá þeim prestum sem ekki höfðu skilað fullnægjandi skýrslum tölum frá þeim. Það var gert með því að hringja í þá sérstaklega og tók símavarsla Biskupsstofu að sér það verk. Hér má sjá í töflunni samantekt á messufjölda 2012.

TAFLA 1 - Messufjöldi 2012 – Samantekt

Messur	Fjöldi	Fjöldi	Sóknarbörn voru alls 1. des. 2012: 245.120
2012	sókna	sóknarb.	Sóknir voru 272
0	8	154	Í 8 sóknum var engin messa, sóknarbörn alls: 154
1-6	116	7.228	Í meira helmingi sóknanna (116+53=169) var messað einu sinni í mánuði eða minna, með sóknarbörn alls: 17.786 (7228+10558)
7-12	53	10.558	
13-18	16	8.560	
19-24	18	15.655	
25-30	6	7.524	
31-36	3	4.268	
37-42	3	4.405	
43-48	3	9.903	
49-54	8	43.671	
55-60	10	49.772	Í 19 sóknum var messað nánast alla helgidaga ársins (55-66 messur) og sums staðar oftast sóknarbörn alls: 132.143
61-66	9	49.265	
67-72	2	13.142	
73-78	1	5.870	
79-84	0	0	
85-90	1	14.094	
Óvíst	15	1.051	Ekki vitað: 15 sóknir, sóknarbörn alls 1051
	272	245.120	

Nú liggja fyrir tölur um messur 2012 og fermingarbörn 2012 úr nánast öllum 272 sóknum landsins. (Sjá fylgiskjal A).

- Messur voru alls 3808 eða nálægt því að vera um 63 messur hvern helgan dag ársins 2012, eða að meðaltali í um fjórðung af kirkjum landsins.
- Fermingarbörn 2012 voru alls 3587 eða 83% af 14 ára börnum (14 ára á árinu 2012 voru alls 4335, skv. tölum frá Hagstofu Íslands).

Með því að fá upplýsingar um messufjölda má fá fram hversu mörg stöðugildi presta þurfi á hverju svæði þar sem prestur annist ekki fleiri en 36-40 messur á ári á svæðinu. Sú meginregla var mótuð í þjónustunefndinni frá 2010. Þar er gengið út frá því að prestur hafi fríhelgi einu sinni í mánuði, reglubundið fimm til sex vikna sumarleyfi, sem þýðir að af 52 sunnudögum ársins hafi prestur allt að 16 fríhelgar. Með þessu fyrirkomulagi um samstarfssvæðin er verið að undirstrika mikilvægi helgihaldsins í kirkjunni, en líka hversu nauðsynlegt er að prestar fái reglubundin frí.

Þegar messuskyldur sókna eru settar inn sem einn stærsti grunnþáttur í skipan prestsþjónustunnar kemur í ljós nokkuð misvægi í núverandi skipan embættanna. Sums staðar eru stöðugildin of fá, annars staðar er þeim ofaukið.

Tölfræði

Enda þótt messur séu kjarninn í prestsstarfinu og starfi sóknarinnar væri nauðsynlegt að ná líka utan um allar kirkjulegu athafnirnar og fá auk talnanna um fermingarbörn, tölur um fjölda skírna, hjónavígslna og útfara. Tölur sem nú liggja fyrir eru ekki nógu margar til að unnt væri að taka þær með og ekki vannst tími til að ná í fleiri tölur að þessu sinni. Það er nauðsynlegt að gera í næstu lotu til að fá enn skýrari mynd af umfangi prestsþjónustunnar, hvernig hún birtist í raun og hvað einkenni hana.

Norrænar kirkjur, eins og sú finnska og norska, hafa mjög greinargóðar tölfræðilegar upplýsingar um messur, kirkjusókn, fjölda skírna, fermingarbarna o.fl. Í Finnsku kirkjunni, fermdust 51.905 árið 2012, það er 85,6% af þeim sem voru 15 ára á árinu, sem er fermingaráldurinn hjá þeim (í hverjum hópi eru yfirleitt um 23). Frá árinu 2008 hefur þeim fækkað um 9,9% sem fermast í kirkjunni þar og á það um land allt. Ekki hefur eins mikil fækkun verið innan Norska kirkjunnar, eða um 1,1% frá 2008. Hins vegar fækkaði skírnum þar um 10% milli áranna. Að meðaltali koma um 92 í messur í Norsku kirkjunni og hefur fólki fækkað ár frá ári nema 2011 og messusókn er nú um 4% yfir allt landið. Þá er fróðlegt að lesa að í 2200 messum á aðfangadag komu að meðaltali um 247 (alls yfir 550 þús.) en á páskadag komu aftur á móti um 85 að meðaltali. Innan Norsku kirkjunnar er eins og hér margt annað á dagskrá sóknanna, eins og tónleikar, kyrrðarstundir með tónlist, og fjölbreytt menningarstarf, en þessa atburði sóttu um 1,5 millj. (Upplýsingar frá Hagstofu Noregs).

Innan Ensku kirkjunnar er vel haldið utan um alla tölfræði og þar hefur verið fylgst árlega í yfir 80 ár með þátttöku barna í kirkjulegu starfi. Tölur eru sláandi en þátttaka barna hefur hrapað mikið, (ef 100 börn mættu í barnastarfið 1930 eru þau 9 í dag), skírnum fækkar verulega og fleira umhugsunarvert má lesa úr þeim gögnum. Árið 1980 voru t.d. fermingarbörn í Ensku kirkjunni um 98 þús. en tuttugu árum síðar er sú tala komin í 34 þús. En tölur sýna sem betur fer einnig vöxt í starfi og gefa vísbendingar um hvað það er sem safnaðarfólki finnst mikilvægt í sinni sókn.

Tölfræði hins kirkjulega starfs eru afar mikilvæg gögn er varpa ljósi á þróun starfsins, hvað það er sem vex og hvað lætur undan. Með því að skoða tölur um land allt, um fjölda þeirra sem sækja messur og athafnir, mætti ráða hver staða messunnar er og hinna kirkjulegu athafna í þjóðkirkjunni. Því miður liggja ekki fyrir á aðgengilegan hátt tölur er sýna þróunina hvað varðar fjölda fermingarbarna, skírna, hjónavígslna og útfara. Mikil vinna væri að safna þeim tölum sem eru til í eldri skýrslum presta, messuskýrslum og starfsskýrslum. Þær eru ekki til í tölvutæku formi eins og nú er unnt að gera en skýrsluformið sem nú er mest notað býður upp á. Sem dæmi má nefna að undanfarin ár hefur í Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra verið fylgst nákvæmlega með þátttöku í helgihaldi, fræðslustarfi barna og fullorðinna.

Tölur um messusókn í þjóðkirkjunni er að finna í skýrslum presta úr 126 sóknum fyrir allt árið 2012. Það er aðeins tæplega helmingur allra 272 sókna landsins, en voru samt það nákvæmar og upplýsandi að nefndin birtir þær hér með. (Sjá töflu 2 hér að neðan).

TAFLA 2 – Tölur frá 2012
- alls 126 sóknir

Messur á ári	Fjöldi sókna	Messur alls	Kirkjugestir alls	Kirkjugestir að meðaltali í messu	Íbúar alls	Íbúar að meðaltali í sókn	Sóknarbörn alls	Hlutfall í þjóðk. að meðaltali	Sóknarbörn að meðaltali í sókn	Messusókn-hlutfall sóknarbarna
1-2	21	32	1.214	38	1.048	50	916	87%	44	87%
3-5	35	133	3.760	28	2.864	82	2.478	87%	71	40%
6-9	19	145	5.204	36	3.188	168	2.657	83%	140	26%
10-16	18	211	7.495	36	5.375	299	4.472	83%	248	14%
19-27	11	252	13.104	52	12.950	1.177	10.776	83%	980	5%
33-36	3	102	6.574	64	4.918	1.639	4.268	87%	1423	5%
46-58	13	683	57.217	84	76.724	5.902	56.530	74%	4348	2%
60-76	6	388	38.169	98	47.697	7.950	34.883	73%	5814	2%
	126	1.946	132.737	68	154.764	1.228	116.980	76%	928	7%

Eins og sjá má í töflunni kemur fram að í þessum 126 sóknum voru 132.737 manns sem komu í alls 1946 messur.

Kirkjusókn er oft mikil í fámennum sóknum, jafnvel þar sem fáir eða enginn býr lengur, og aðeins ein messa er haldin á ári. Þessar messur er tæplega hægt að flokka sem venjubundið helgihald sóknarinnar, en eru vel sóttar af ýmsum öðrum en sóknarbörnunum. Þá þekkjum við það vel hér að kirkjusókn er mikil hér á aðfangadaga jóla, eins og er Noregi.

Þá má einnig greina í þessari samantekt að kirkjusókn skiptist nánast í tvo hópa. Annars vegar eru kirkjur þar sem messað er 1- 2 sinnum á ári og að messuhaldi sem er mánaðarlegt eða 10-16 sinnum. Þar eru kirkjusókn eins og áður segir allt frá því að vera um 89% miðað við tölu sóknarbarna og að því að vera 14% - 40% sóknarbarna sem koma saman. Hinn hópurinn eru kirkjur þar sem reglubundið helgihald er mun oftar. Þetta eru yfirleitt fjölmennar sóknir, oftast í þéttbýli. Í þessum sóknum er messað frá um 20 sinnum á ári og að því vera messað allt að 76 messur. Þar er kirkjusókn frá því að vera 5% sóknarbarna og niður í 2% sem er svo hjá 19 sóknum sem nefndin hefur tölur frá, en í þeim sóknum búa um 125 þús. sóknarbörn. Að meðaltali koma um 20-40 manns í messur í fyrri hópnum, en milli 50-100 í þeim síðari.

Samkvæmt tölfræðilegum upplýsingum frá Hagstofu Íslands má sjá að árið 2012 dóu alls

1955 (1986, fyrir árið 2011). Ekki liggur fyrir hér hversu margar útfarir fóru fram hér á vegum þjóðkirkjunnar og presta hennar. Hjónavígslur 2011 voru 1458 (eða 4,6 á 1000 íbúa) og af þeim voru 1085 kirkjulegar. Lífandi fæddir árið 2012 voru 4533 (4492 árið 2011).

Ef bara er horft til þess að 76,2% íbúa tilheyra þjóðkirkjunni má áætla að skírnir hafi verið um 3450, kirkjulegar hjónavígslur voru eins og áður segir 1085(árið 2011) og að kirkjulegar útfarir hafi verið um 1500.

Ef þessar tölur er notaðar má áætla að í sókn með 1000 sóknarbörn séu að meðaltali:

- 14 Skírnir
- 14 Fermingarborn
- 3 Hjónavígslur
- 6 Útfarir

LÍKAN	Athafnir og fjöldi sóknarbarna/þjóðkirkjufólks						
Fjöldi sóknarbarna	300	500	750	1000	1250	2500	3500
• skírnir	4	7	10	14	17	34	48
• fermingarborn	4	7	11	14	18	35	49
• hjónavígslur	1	2	3	4	5	11	15
• útfarir	2	3	4	6	7	15	21

Þetta er líkan sem gefur vísbendingar um fjölda athafna í sóknum eftir fjölda þjóðkirkjufólks og byggir einnig á tölfræði sem Hagstofan heldur utan um (Hagstofan tekur ekki saman upplýsingar um skírnir og ekki um fermingar). Aldursamsetning breytir þessum tölum frá einni sókna til annarrar og eins sú venja hér að athafnir fara ekki endilega fram í sókn viðkomandi. Sumar kirkjur eru hentugri er aðrar eins og t.d. vegna fjölmennra útfara, aðrar eru nýttar af öðrum ástæðum og prestar flakka á milli kirkna við að skíra, gifta eða til að annast útfarir. Þetta er eitt af einkennum okkar kirkjustarfs og prestsþjónustu. Í vinnu nefndarinnar var ekki unnt að taka þetta saman og vinna úr til að meta þjónustubyrði prestanna. Eins og áður er nefnt fyrst og fremst unnið með messuskyldur í sóknunum og hlut presta á samstarfssvæðum sem mikilvæg viðmið, auk þess sem metinn er fjöldi íbúa og sóknarbarna á þjónustubyrði prestsþjónustunnar.

Um afleysingar – héraðsprestar og prófastar

Með messuskyldum og samstarfssvæðum er keppt að því að sóknarbörn geti á tilteknu svæði sótt guðsþjónustu hvern helgan dag og án þess að þurfa að aka um langan veg. Þessi skylda hvílir á prestum að svæðinu að sjá til þess að messað sé á svæðinu alla helgidaga kirkjunnar. Messað er víða í þéttbýlinu alla þessa daga sem eru um 60 á ári. Þar sem prestar eru fleiri en einn í prestakallinu og aðeins um einn messustað að ræða, er þetta nokkuð auðleyst. Hins vegar er messað á fleiri stöðum svo sem hjúkrunarheimilum, kapellum á sjúkrahúsum þar sem sjúkrahúsprestar eru ekki starfandi. Álagið kann því að vera þannig

að prestar sem ættu að hafa fríhelgi ná því ekki. Hér ekki getið um kirkjulegar athafnir sem kalla og á presta til starfa um helgar eða barnastarf, sálgæsluviðtöl og fleira.

Ekki er víst að unnt sé að leysa alls staðar messuskyldur og afleysingar með núverandi skipan prestsþjónustunnar. Í tillögum þjónustunefndarinnar frá 2010 var lagt til að héraðsprestar væru til staðar í öllum níu prófastsdæmunum ekki hvað síst til að ná utan um messuskyldur og afleysingar. Hlutverk héraðspresta er í dag m.a. að annast afleysingar fyrir sóknarpresta í söfnuðunum, ekki hvað síst í fjölmönnum einmenningsprestaköllum þar sem messað er alla helgidaga. Stundum er þörfin fyrir afleysingar leyst á heimaslóðum þar sem algengt er að í fjölmönnum sóknnum séu tveir prestar starfandi, þótt eitthvað sé verið að draga úr því nýverið og embættin ekki auglýst. Þá hefur fækkað þeim söfnuðum sem höfðu burði til að ráða til sín presta og greiða þeim laun af sóknargjöldum. Nú eru aðeins þrjár sóknir, eru hafa presta þar sem sóknir greiðir laun þeirra, Keflavík (100%), Selfoss (70%) og Akureyri (50%). Eins sókn í Reykjavík (Neskirkja) hefur líka ráðið prest í fullt starf, en hann er nú í afleysingaþjónustu í annarri sókn.

Hlutverk héraðspresta er þó ekki það sama alls staðar og gegna þeir oft mikilvægu hlutverki á sviði fræðslu innan héraðsins. Kanna þarf betur hvernig prestsþjónustan verður í raun á samstarfssvæðunum og hvort þörfin fyrir héraðspresta sé sú sama, meiri eða minni. Nefndin leyfir sér að benda á hvort ráða ætti ritara innan prófastsdæmisins til að halda utan um starfið með prófasti svo sem vegna samstarfssvæðanna. Eftir stendur að prófastar á þéttbýlissvæðum eru auk þess prestar í fjölmönnum prestaköllum og þarf að skoða sérstaklega þjónustubyrði þeirra. Nefndin telur rétt að biskupafundur fjalli sérstaklega um hlutverk héraðspresta og auknar skyldur prófastanna.

Laun og rekstur embættanna og tekjur og rekstur sóknanna.

Samkomulag kirkju og ríkisins frá 1997, svokallaða kirkjujarðarsamkomulag, fjallar um afhendingu kirkjujarða til ríkisins á móti skuldbindingu um að greiða laun presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Þetta fyrirkomulag sem hér er við lýði og það fjármagn sem samkomulagið skilar af sér, stendur undir tilteknum fjölda embætta, og er ein meginforsenda þess að hér er unnt að halda úti prestsþjónustu í kirkjunni og hafa presta á launum um land allt.

Ein nálgun kirkjuþingsnefndarinnar var að skoða kostnað við prestsþjónustuna. Þar vegur þyngst laun presta og embættiskostnaður þeirra. Nefndin hefur kannað launakostnað og embættiskostnað presta og notar það viðmið að kostnaður við eitt embætti prests séu að meðaltali um 10.2 millj. kr. á ári. Þá er ekki talinn með kostnaður við prestsbústaði eða húsaleigustyrkur sem sums staðar er greiddur þar sem prestsbústaðir eru ekki lengur fyrir hendi. Vitaskuld mætti tína til annan kostnað eins og rekstur hinnar sameiginlegu þjónustu á Biskupsstofu og hjá öðrum stofnunum kirkjunnar, ráðum og nefndum, sem augljóslega eru settar til að styðja við hið kirkjulega starf í sóknunum. Það er ekki gert hér.

Samt sem áður er hér reynt að fá heildstæðari mynd af prestsþjónustunni með því að skoða ákveðna grunnþætti starfsins en einnig beinan kostnað við rekstur embættanna.

(Sjá fylgiskjal B)

Þá er hér að finna sóknargjöld allra sókna eins og þau eru áætluð 2013. (Í fylgiskjali C má jafnframt sjá yfirlit frá Fjársýslu ríkisins um greidd sóknargjöld ársins 2012). Með því að draga fram sóknargjöld er verið að minna á það fé sem söfnuðir hafa til ráðstöfunar til að reka kirkjur, safnaðarheimili og safnaðarstarfið, þar á meðal laun organista, kirkjuvarða, barnastarfsfólks og fleiri. Stór hluti tekna sóknanna rennur til kirkjubygginga og viðhalds þeirra og afborgana lána vegna framkvæmda og þá gefst oft takmarkaðra svigrúm til að halda úti grunnþjónustu sóknanna.

Eflaun allra presta væru hins vegar eingöngu greidd af sóknargjöldum, eins og frikkirkjurnar gera, sést að mjög mismunandi væri það gjald sem sóknarbörn yrði að greiða til að standa undir þeim rekstri einum. Þannig yrði gjaldið að vera frá því um 16 þús. kr. í sóknum á Vestfjörðum, aðeins lægra í Eyjafjarðar- og Þingeyrarprófastsdæmi, og á Austurlandi yrði það tæpar 15 þús. kr. á hvern gjaldenda. Á þremur prófastsdæmunum á suðvesturhorninu væri gjaldið hins vegar um 4000 kr. á gjaldenda. (Sjá dálk 12 í fylgiskjali B.)

Rekstur hins kirkjulega starfs kemur þannig aðallega úr tveimur áttum, með sóknargjöldunum og með launum presta sem ákvörðuð eru af kjararáði. Skipulag prestsþjónustunnar, inntak og umfang, er hins vegar á valdi þjóðkirkjunnar sjálfrar. Biskup og biskupafundur hafa það hlutverk að stýra þeirri skipan. Kirkjuráð fer síðan með fjárstjórnarvaldið. Kirkjuráð stýrir jafnframt kirkjumálasjóði og Jöfnunarsjóði sókna og þeir fjármunir og styrkir sem veittir eru hafa bein áhrif á starfið í sóknunum, rekstur þeirra og umsvif.

Kirkjuþing kemur líka að ákvörðunum er snertir þetta fyrirkomulag með því m.a. að samþykkja skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Kirkjuþing ákvarðar einnig embættiskostnað presta og prófaste. Starfsreglur og ályktanir kirkjuþings hafa líka oft í för með sér útgjöld eða breytingar á starfi presta og safnaða.

Nefndin tekur undir þær hugmyndir sem ræddar hafa verið að kanna hvort ekki væri skýrara að hafa uppsetningu á tekjum og útgjöldum sókna og embætta undir sama hatti, og reyndar alls reksturs kirkjunnar, líkt og gert er í uppsetningu á Fjárlögum ríkisins. Þar með næðist mun betri heildarsýn á skipan embættanna, stöðu sóknanna í prestaköllunum og annars sem viðkemur starfi og rekstri kirkjunnar á hverjum stað. Þetta mætti vel gera enda þótt rekstur embættanna og safnaðanna sé ekki á sama hendi.

Þjónustubyrði

Þegar að kreppir eins og gerir í dag í fjármálum kirkjunnar hefur nefndin horft til núverandi skipan embættanna með tilliti til hvar megi jafna betur út þjónustuna og horfa um leið til þess að fjöldi embættanna er takmarkaður.

Íbúar landsins voru 321.585 1. des. 2012 og sóknarbörn/þjóðkirkjufólk 245.120 eða 76,2% þjóðarinnar. Á yfirstandi ári eru stöðugildi presta alls 126 (1.október), þar af embætti sóknarpresta 92 (eitt þeirra er ekki setið, en þjónað af presti í 50%) og prestar í 20,5 stöðugildum. Þetta þýðir að sóknarprestar og prestar þjóna að meðaltali um 2200 sóknarbörnum. Ef íbúafjöldinn er tekinn inn og deilt á þessi 113,5 embætti þá eru að baki

hverju embætti 2859 íbúar. Talan breytist ekki mikið þótt bætt væri við sjö embættum héraðspresta. Sjá töflu hér fyrir neðan:

Stöðugildi 1. okt. 2013		Íbúar	Sóknarbörn
		321.585	245.120
Sóknarprestar	92,0		
Prestar	20,5		
	<u>112,5</u>	2859	2179
Héraðsprestar	7,0	2691	2051
	<u>119,5</u>		
Sérþjónustuprestar	6,5		
Samtals:	<u>126,0</u>		

Þessi viðmiðun um fjölda sóknarbarna eða íbúa er sjálfsgöð þegar embættum presta er ráðstafað. Það er augljóst að mikill munur er á þjónustubyrði presta ef horft er til núverandi skipanar prestakalla og fjölda sóknarbarna á hverjum stað. (Sjá fylgiskjal E)

Prestar þjóna allt frá um 300-500 sóknarbörnum í prestakalli (20 prestaköll) og til þess þjóna meira en tífalt fleiri sóknarbörnum, eða 5000-6000(5 prestaköll). Of langt mál væri að rekja þessa þróun og ástæður þessarar skipan prestakalla en eðlilegt að endurskoða reglulega skipan prestsþjónustunnar í landinu. Byggðapróun, samgöngur og nú verulega breytt fjárhagsstaða kirkjunnar kalla m.a. á nauðsyn þess að þetta sé gert.

Þegar skoðaðar eru tölur um íbúafjölda á Íslandi eftir prófastsdæmum frá árinu 2000-2012 og þróun búsetu má sjá að íbúum hefur fjölgað um tæp 39 þús. Miklar breytingar hafa orðið á prófastsdæmunum, frá því að vera 16 árið 2000 og til þess að vera nú 9 talsins og þess gætt í samantektinni. (sjá fylgiskjal D)

Langmesta fólksfjölgunin hefur orðið á suðvesturhorninu. Þannig voru íbúar í Reykjavíkurrófastsdæmi eystra 71.460 árið 2000 en voru 1. des. 2012 orðnir 86.622 og hafði fjölgað um rúm 15 þús. Svipaðar tölur eru fyrir fjölgun íbúa í Kjalarnesprófastsdæmi, úr 57.174 í 71.791, þrátt fyrir að Vestmannaeyjar færðust yfir í annað prófastsdæmi.

Það er mat nefndarinnar að þessa byggðapróun verði að taka einnig með í skipulagi prestsþjónustunnar í dag og meta hvert prófastsdæmi og svæði með það í huga. Um leið þarf að hafa í huga sérstöðu sumra svæða, svo sem vegna erfiðra samgangna.

Byggðapróun og bættar samgöngur kalla á breytt skipulag prestsþjónustunnar. Engin sókn vill missa prestinn sinn úr byggðarlaginu. Til að koma til móts við það sjónarmið má breyta skipan prestsþjónustunnar með *hlutastörfum presta*, eins og hefur verið gert. Kálfafellsprestakall sameinaðist Höfn og staða prests í hálfu starfi var stofnað og hið sama var gert þegar Bíldudals- og Tálknafjarðarprestakall var sameinað Patreksfjarðarprestakalli á þessu ári. Báðir prestarnir sem þar hafi komið sér fyrir hafa fengið kennslu samhliða prestsstarfinu og bætt þannig upp hálfu starfshlutfallið í prestsstarfinu.

Á kirkjuþingi 2000 var samþykkt *Stefnumörkun um framtíðarskipan sókna, prestakalla og prófastsdæma*. Þar segir að miða skuli við að sókn hafi a.m.k. 500.000,- kr. í tekjur af sóknargjöldum á ári, til að geta haldið uppi lágmarksþjónustu og viðunandi stjórnsýslu. Af því leiðir að ekki skulu vera færri en 100 gjaldendur sóknargjalda í sókn að jafnaði. Þá segir einnig að heppilegasta og eðlilegasta tala sóknarbarna í sókn er 150 - 1500 sóknarbörn í hverri sókn í dreifbýli en allt að 10.000 í þéttbýli. Síðar er vikið að viðmiði vegna prestsembættanna. Þar segir:

„Eðlilegt er að grunnviðmiðunin sé sú að þjónustubyrðin á hvern prest sé sem áþekkust enda er um að ræða þjónustu við allt þjóðkirkjufólk landsins. Þetta er grunnforsenda fyrir skipulagi kirkjunnar á þjónustu sinni. Frávik má því aðeins gera ef önnur sjónarmið þykja vega þyngra á metunum.

Samkvæmt þessu er meginreglan sú að meðaltalsmannfjöldi sá, sem hver prestur á að þjóna, er um 2000 til 3000 sóknarbörn. Leitast verður við að ráðstafa til þeirra prestakalla þar sem þjónustubyrðin fer fram úr þessari viðmiðun prestsembættum eftir því, sem föng verða á.“

Þegar rætt er um sóknarbörn hér í textanum frá 2000 er sennilega átt við alla íbúa í sókninni eða prestakallinu en ekki bara þjóðkirkjufólk. Kirkjuþingsnefndin telur eðlilegast að miða við þjóðkirkjufólkið einkum þegar kemur að því að meta þörfina fyrir stöðugildi vegna messuhalds enda er ekki verið að halda úti messum fyrir þá sem eru ekki í þjóðkirkjunni, tilheyra öðrum trúarbrögðum eða eru utan trúfélaga og kæra sig ekkert um þessa þjónustu þjóðkirkjunnar.

Árið 2000 var hlutfall þjóðkirkjufólks 88,67% af íbúum landsins er nú árið 2013 komið niður í 76,20. Alls eru rúmlega 76 þúsund manns sem ekki tilheyra þjóðkirkjunni í dag.

Ef tekið er mið af stefnumótun kirkjuþings árið 2000 og hér var getið að framan, um þann mannfjölda sem hver prestur ætti að þjóna, eða 2000-3000 sóknarbörn, ættu stöðugildi presta að vera í dag þannig:

- Ef hver prestur þjónar 2000 *íbúum* (321.585) ættu stöðugildin að vera **161**
- Ef hver prestur þjónar 3000 *íbúum* (321.585) ættu stöðugildin að vera 107 og
- Ef hver prestur þjónar 2000 *sóknarbörnum* (245.120), ættu stöðugildin að vera **123**
- Ef hver prestur þjónar 3000 *sóknarbörnum* (245.120), ættu stöðugildin að vera 82

Eins og áður segir voru, 1.okt. 2013, sóknarprestsembættin 92, prestar í 20,5 stöðugildum og sjö héraðsprestar, eða alls **119, 5** stöðugildi. Að auki eru sérþjónustuprestar í 6,5 stöðugildum. Alls gera þetta 126 stöðugildi sem voru þá greidd í gegnum Fjársýslu ríkisins.

Sérþjónustuprestar eru nú í **6,5** stöðugildum. Þeir eru í megnráttum ráðnir „til að sinna grunnþjónustu kirkjunnar þar sem henni verður ekki sinnt með fullnægjandi hætti á vettvangi sókna“ (Sbr. *Samþykkt um innri málefni kirkjunnar 2009 og Þjónustu kirkjunnar 2010*). Þeir þjóna í samstarfi við presta í sóknum landsins. Oftast er krafist

viðbótarmenntunar og sérþekkingar. Starf sérþjónustupresta er sérstaklega á sviði sálgæslu við einstaklinga í sérstökum aðstæðum og aðstandendur þeirra. Þeir sinna prestsþjónustu á stofnunum, svo sem fangelsum, sjúkrahúsum, skólum, dvalar- og hjúkrunarheimilum og í félagasamtökum og fyrir fólk í sérstökum aðstæðum. Nefndin telur starf sérþjónustupresta mikilvægt og vera einn af vaxtarbroddum hins kirkjulega starfs. Líta má á að það fólk sem þeir sinna á stofnunum og hjá félagasamtökum sé ígildi sóknar. Landspítalinn er einn stærsti vinnustaður landsins og bæði sjúklingar og starfsfólk eiga sjúkrahúsprestana að, svipað og um sóknarprest þeirra væri að ræða.

Starf sérþjónustupresta og staða verður að vera sífellt til endurskoðunar eins og er um önnur embætti kirkjunnar og ekki verður komist hjá því að líta þess nú hvort ekki megi skerða þau embætti, einkum vegna erfiðs fjárhags kirkjunnar, fella niður einhver störf eða minnka starfshlutfallið.

En prestar starfa víða og þiggja laun sín af stofnunum sem þeir vinna hjá (sjá *Árbók kirkjunnar 2012*). Umboð nefndarinnar nær þó ekki til þeirra presta. Nefndin telur sig ekki heldur geta fjallað um *djákna* í þessu samhengi (sjá *Árbók kirkjunnar*) þótt vissulega geti djáknar gengið inn í sumt af því sem fellur undir skyldur presta vítt og breitt um landið, eins og fræðslustarf og umönnun. Djáknar leiða einnig helgistundir svo sem á hjúkrunarheimilum og gætu veitt dýrmætan stuðning í sóknum landsins við helgihald, þar sem því verður ekki komið við að kalla til prest.

Viðmið nefndarinnar er eins og áður segir það að messuskyldur á hvert embætti skuli vera sem næst 36 messum á ári. Samkvæmt tölum frá sóknarprestum á árinu 2012 voru messur alls 3860 á árinu í sóknum landsins. Það þýðir að til þess að uppfylla messuskyldurnar þurfi stöðugildi presta í sóknunum og á samstarfssvæðunum að vera um **107**.

Þörfinni er því vel mætt með því að hafa í dag **119,5 stöðugildi** sóknarpresta, presta og héraðspresta, en þá er ekki litið til annarra þátta sem hafa áhrif á skipan prestsþjónustunnar. En aðstæður gera það að verkum að ekki er rétt að hafa þetta viðmið eitt og sér, heldur þarf að meta hvert svæði fyrir sig. Þetta gerði þjónustunefndin (2010) og komst að þeirri niðurstöðu þá að sóknarprestar og prestar þyrftu að vera í 116 stöðugildum, auk héraðspresta í 8,5 stöðum eða alls **124,5 stöðugildi**. (Sjá fylgiskjal með 7. máli kirkjuþings 2010).

Þegar skoðuð er dreifing þessara 112,5 stöðugilda í dag, þ.e. sóknarpresta og presta (í okt. 2013) sést að ekki er fylgni milli íbúafjölda (eða fjölda þjóðkirkjufólks) og stöðugilda presta.

(Sjá töflu hér að neðan eða fylgiskjal F þar sem tillaga um skiptingu er einnig að finna)

TAFLA – STÖÐUGILDI PRESTA Í PRÓFASTSDÆMUM – 1. OKT. 2013

	1	2	3	4	5	6	7	8
	Prestar							
	stöðu- gildi	%	íbúar	%	Skv. hlutfalli íbúa	sóknarb. %	Skv. hlutfalli sóknarb.	
1 Austurl.próf.	10,0	8,37%	10.266	3,19%	3,8	8.661	3,53%	4,2
2 Suðurpróf.	16,5	13,81%	25.999	8,08%	9,7	21.664	8,84%	10,6
3 Kjalarnespróf.	16,0	13,39%	71.791	22,32%	26,7	52.976	21,61%	25,8
4 Reykjavík eystra	19,5	16,32%	86.622	26,94%	32,2	65.138	26,57%	31,8
5 Reykjavík vestra	14,0	11,72%	68.211	21,21%	25,3	45.796	18,68%	22,3
6 Vesturlandspróf.	11,0	9,21%	15.295	4,76%	5,7	12.946	5,28%	6,3
7 Vestfjarðapróf.	7,5	6,28%	7.118	2,21%	2,6	5.773	2,36%	2,8
8 Húnavatns- og Skagafjarðarpróf.	8,0	6,69%	7.261	2,26%	2,7	6.531	2,66%	3,2
9 Eyjafjarðar- og Þingeyjarpróf.	17,0	14,23%	29.022	9,02%	10,8	25.635	10,46%	12,5
Samtals:	119,5	100%	321.585	100%	119,5	245.120	100%	119,5

Svo dæmi sé tekið þá búa um 2,2% íbúa á Vestfjörðum en þar eru um 6,3% af 119,5 stöðugildum presta. Að baki hverju embætti eru að meðaltali um 950 íbúar. Í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi búa rúmlega 9% íbúanna en þar eru stöðugildi presta rúm 14%. Að baki hverju embætti eru að meðaltali rúmlega 1700 íbúar. Að sama skapi eru íbúar á suðvesturhorninu um 70% íbúa landsins en stöðugildi sóknarpresta, presta og héraðspresta um 41%. Þar eru um 4600 íbúar að baki hverju embætti að meðaltali. Á því svæði eru fjölmenn einmenningsprestaköll:

Sóknarbörn	Íbúar	Hlutfall	Prestakall	Stöðugildi
5.778	9.132	63,30%	Háteigsprestakall	1
5.457	8.336	65,50%	Tjarnaprestakall	1
5.316	6.971	76,30%	Bústaðaprestakall	1
5.124	6.535	78,40%	Njarðvíkurprestakall	1
4.760	6.527	72,90%	Grensásprestakall	1
4.721	5.948	79,40%	Grafarholtsprestakall	1

Í næsta nágrenni er einnig mjög fjölmennt einmenningsprestakall, Akranes:

5.811	6.677	87,00%	Garðaprestakall á Akranesi	1
-------	-------	--------	----------------------------	---

Þessi misjafna dreifing breytist ekki mikið þótt horft sé til fjölda sóknarbarna í stað íbúa að baki hverju embætti.

Fjölmennustu prestaköll landsins sem hafa yfir 5000 sóknarbörn eru þessi:

Sóknarbörn	Íbúar	Hlutfall	Prestaköll
14.094	17.934	78,6%	Grafarvogsprestakall
11.400	13.867	82,2%	Garðaprestakall
10.196	12.206	83,5%	Lindaprestakall
9.047	10.306	87,8%	Akureyrarprestakall
8.680	14.034	61,8%	Hafnarfjarðarprestakall
8.099	10.453	77,5%	Árbæjarprestakall
7.333	9.024	81,3%	Mosfellsprestakall
7.331	10.828	67,7%	Nesprestakall
6.669	7.392	90,2%	Glerárprestakall
6.580	8.703	75,6%	Digranesprestakall
6.102	7.134	85,5%	Selfossprestakall
6.098	7.698	79,2%	Keflavíkuprestakall
5.870	8.110	72,4%	Seljaprestakall
5.811	6.677	87,0%	Garðaprestakall á Akranesi
5.778	9.132	63,3%	Háteigsprestakall
5.457	8.336	65,5%	Tjarnaprestakall
5.316	6.971	76,3%	Bústaðaprestakall
5.124	6.535	78,4%	Njarðvíkurprestakall

Í flestum þessum prestaköllum eru starfandi tveir prestar. Áður var bent á fimm einmenningsprestaköllin sem eru neðst á þessum lista og eru öll á þéttbýlisstöðum.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar ber að stefna að því að ekkert prestsembætti þjóni fleirum en **5000 sóknarbörnum**, þar sem því verður við komið. Því er nauðsynlegt að bæta sem fyrst álagið sem hvílir á prestum sem starfa í þessum prestaköllum og auka við þjónustuna með prestum, í fullt starf eða hlutastarf. Það er hins vegar ekki hlutverk nefndarinnar að útfæra það nánar. Skoða mætti að færa til þá presta, þar sem embætti væru sameinuð vegna fámennis eða af öðrum ástæðum og fela þeim þjónustu þar sem auka þarf prestþjónustuna.

Þá er það tillaga nefndarinnar að þar sem **sóknarbörn í prestakalli eru innan við 500** og tryggja má prestþjónustuna með þjónustu prestanna á samstarfssvæðinu, er í hagræðingarskyni óhjákvæmilegt að fækka þeim prestaköllum og leggja niður prestsembætti. Hér telur nefndin það heldur ekki vera sitt hlutverk að segja til um hvernig verði staðið að því. Þar mætti nota þá leið og bent er hér að framan, að færa presta til, þar sem því verður við komið og allir sem málið varðar væru sáttir við þá málsmeðferð.

Fámennustu prestaköllin og sem hafa *sóknarbörn* undir 500 eru eftirfarandi:

Sóknarbörn	Íbúar	Hlutfall	Prestaköll
496	566	87,6%	Möðruvallaprestakall
481	557	86,4%	Dalaprestakall
478	555	86,1%	Hofsós- og Hólaprestakall
472	561	84,1%	Saurbæjarprestakall
468	530	88,3%	Melstaðarprestakall
451	525	85,9%	Skinnastaðarprestakall
439	472	93,0%	Glaumbæjarprestakall
437	518	84,4%	Stafholtsprestakall
425	478	88,9%	Miklabæjarprestakall
421	495	85,1%	Hvanneyrarprestakall
405	445	91,0%	Kirkjubæjarklaustursprestakall
398	451	88,2%	Hriseyjarprestakall
370	453	81,7%	Djúpavogsprestakall
358	438	81,7%	Staðastaðarprestakall
344	391	88,0%	Skútustaðaprestakall
339	391	86,7%	Reykholtsprestakall
336	372	90,3%	Reykhólaprestakall
323	537	60,1%	Holtsprestakall
317	372	85,2%	Heydalaprestakall
298	350	85,1%	Þingeyrarprestakall

Prestaköll – Samstarfssvæði – prófastsdæmi.

Þegar horft er til starfseininga kirkjunnar, sókna, prestakalla og prófastsdæma verður ávallt að hafa í huga að hér er skipulag sem vel má breyta ef þörf sýnist svo og rök hníga í þá átt að nauðsynlegt sé. Starfseiningarnar eru hluti að skipulagi þjóðkirkjunnar og eiga stöð í þjóðkirkjulögum og víðar. Hins vegar á það ekki við um samstarfssvæðin.

Á kirkjuþingi 2010, í 7. máli um þjónustu kirkjunnar, voru samþykktar meginhugmyndir nefndarinnar, m.a. um *samstarfssvæði*. Kirkjuráð fól kirkjustarfshópi að útfæra framkvæmdina að samstarfssvæðum og voru þær samþykktar á fundi kirkjuráðs í febrúar 2011. Þar segir:

1. Bréf sent út til allra presta og sóknarnefnda – fundir ákveðnir, kynnt á prófastafundi, leikmannastefnu og prestastefnu. Kynningarefni útbúið (birta á kirkjan.is).
2. Sóknarprestar fundi með sóknarnefndum, prestum, djáknum, organistum og öðru starfsfólki, og geri starfsáætlun, m.a. messuáætlun fyrir sína sókn.
3. Prófastur kallar saman og stýrir fyrsta fund samstarfssvæðisins, með prestum og fulltrúum sóknanna (í mars og maí).
4. Á fundinn mæti jafnframt fulltrúi nefndarinnar til að kynna hugmyndirnar.

5. Kirkjuárið lagt til grundvallar og messum raðað niður eftir messuskyldum. Einnig er unnt að ræða annað samstarf, svo sem barnastarf og fræðslu.
6. Sóknarprestar á samstarfssvæðinu funda í ágústlok eða byrjun sept. og velja úr sínum hópi leiðtoga fyrir eitt ár í senn.

Sent var út bréf til allra presta og sóknarnefnda um málið og þessi áætlun þar með. Málið var einnig til umfjöllunar á prófastsfundi í mars og síðan á Leikmannastefnu í apríl og Prestastefnu 2011, eins og gert var ráð fyrir.

Hins vegar er ekki vitað um hvort sóknarprestar hafi almennt fylgt eftir framkvæmda-áætluninni og haldið fundi heima með sínu fólki eins og segir í 2. lið hér að ofan. Þó er vitað að það hafi verið gert en á mjög fáum stöðum. Í Reykjavíkuprófastsdæmi eystra hefur þessu verið fylgt eftir þar sem þrjú samstarfssvæði hafa komið sér saman um samstarf um messur og annað sem þau hafa sjálf talið henta vel á samstarfssvæðunum. Einn prestur á hverjum svæði hefur tekið að sér að stýra verkefninu. Héraðsnefndin lagði til skilyrtan styrk til svæðanna sem virkaði sem hvatning til að hefjast handa. Þá er vitað að á öðrum stöðum hafi einkum prestar komið saman á svæðum og átt samstarf um vissa þætti í prestsþjónustunni.

Hugmyndin um samstarf presta og sókna á samstarfssvæðum er annað en það samstarf sem prestar og sumar sóknar hafa alltaf átt og eiga og byggist oft á óformlegu samtali milli einstaklinga og ræðst oft af persónulegum áhuga þeirra. Með samstarfssvæðum er átt við formlegt samstarf skv. ákvörðun kirkjubings þar sem allir prestar á svæðinu svo og allar sóknir skulu vinna sem ein heild til að tryggja að sem flestir innan svæðisins megi njóta grunnþjónustu kirkjunnar, óháð stærð sóknar.

Svo virðist sem framkvæmdin um samstarfssvæði fari hægt af stað og víða hefur lítið sem ekkert gerst. Ekki er víst hverju það veldur en e.t.v. gildir hér sem í öðrum málum að eftirfylgd skortir, enginn finni til ábyrgðar að fylgja málinu eftir og fé ekki nægjanlegt svo unnt væri að ráða einhvern til starfars, sem oft virðist vera besta úrræðið.

Eins og áður segir var kirkjustarfshópi falið af hálfu kirkjuráðs að leggja fram tillögur um framkvæmdaáætlun og gerði það og var málið sett í hendurnar á próföstum að ýta málinu úr vör með formlegum hætti. Þrátt fyrir hik, áhugaleysi eða hvað það er sem hefur hindrað prófaste og presta og sóknarnefndir að sýna málinu áhuga telur nefndin um skipan prestsþjónustunnar rétt að fela próföstum þetta hlutverk og í raun auknar skyldur í þessu máli.

Því leggur nefndin hér til í fyrstu tillögunni að prófastar verði leiðtogar eða verkstjórar samstarfssvæðanna. Prófastar eru sérstakir fulltrúar biskups í héraði og gegna mikilvægu hlutverki í að tryggja að þjónusta kirkjunnar. Í starfsreglum um prófaste segir m.a. :

7. gr. Prófastur hefur í umboði biskups tilsjón með kirkjulegu starfi í prófastsdæminu, embættisfærslum presta, þjónustu vígðra og starfi sóknarnefnda. Hann er tilsjónarmaður og ráðgjafi þessara aðila.

8. gr. Prófastur er, sem fulltrúi biskups Íslands í prófastsdæminu, leiðtogi og verkstjóri vígðra þjóna prófastsdæmisins. Prófastur fylgir eftir stefnumörkun og samþykktum Kirkjuþings er varðar kirkjulegt starf í prófastsdæminu.

11. gr. Prófastur sér til þess, í umboði biskups Íslands, að sóknarbörn njóti þeirrar prestsþjónustu sem þeim ber. Hann skipuleggur afleysingaþjónustu vegna vikulegs frídags, skammvinnra veikinda og sumarleyfa presta í prófastsdæminu.

12. gr. Prófastur stýrir samstarfi presta um kirkjulega þjónustu í prófastsdæminu m.a. þjónustu á sjúkrastofnunum og dvalarheimilum aldraðra.

Nefndin leggur til að nú verði blásið til sóknar í framkvæmd samstarfssvæðanna og að kirkjuráð fái skýrt umboð frá kirkjuþingi um að samstarfssvæðum skuli hvarvetna vera komið á koppinn fyrir haustið 2014. Kirkjuráð þarf að meta að nýju umfang verkefnisins og tryggja fjármagn til framkvæmdarinnar. Biskupi Íslands verður væntanlega falið það hlutverk að sjá um framkvæmdina með próföstum, enda á forræði biskups að hafa yfirsýn um kirkjulegt starf og leiða það með prestum, próföstum og sóknum landsins. Biskup skal fylgja eftir reglum er kirkjuþing setur, samþykktum kirkjuþings og markaðri stefnu þess, eins og segir í þjóðkirkjulögum. Hér er verkefni á sviði hins kirkjulega starfs og þar er biskup í forsvari.

Til að tryggja að samstarfssvæðin komi alls staðar til framkvæmda, fyrir haustið 2014, eins og aðstæður leyfa á hverjum stað, væri eðlilegast að málið yrði til umfjöllunar og afgreiðslu í öllum héruðum ekki síðar en á vormánuðum áður en sumarleyfi hefjast. Þar með hæfist starf kirkjunnar um land allt að hausti undir formerkjum aukins samstarfs og með skýrri sýn á mikilvægi grunnþjónustu kirkjunnar.

Þá er hér og lagt til að öllum prestum og sóknum verði gefinn kostur á að tjá sig um skipulag samstarfssvæðanna og koma með breytingatillögur ef svo ber undir. Bættar og breyttar samgöngur hafa leitt til þess á að eðlilegt er að fram komi breytingar á upphaflegum tillögum um skiptingu samstarfssvæðanna. Það er í samræmi við tillögurnar, þar sem heimamenn segi til um umfang samstarfssvæðanna í ljósi reynslunnar og breyttra aðstæðna ekki hvað síst bættar samgangna. Frestur er gefinn til 1. febrúar og er þá reiknað með að yfirstandandi kirkjuþingi (nóvember 2013) n.k. verði frestað fram í mars 2014 og mál þetta komi þá til lokaafgreiðslu. Ef málið hlýtur endanlega afgreiðslu á fyrri hluta kirkjuþingsins væri engu að síður rétt að gefa prestum og sóknum kost á að tjá sig um samstarfssvæðin en þó má það ekki dragast fram eftir vori.

Þá er í tillögum minnt á erindisbréf presta. Til að tryggja skyldur presta við samstarfssvæðin er það mat nefndarinnar að gefa verði út nýtt eða endurnýjað erindisbréf til allra presta þar sem skýrt komi fram að prestar hafi þjónustu á samstarfssvæðum samhliða því embætti sem þeir gegna.

Talsverð umræða var innan nefndarinnar um framtíð samstarfssvæðanna og stöðu þeirra í skipulagi kirkjunnar. Nefndin hefur leitað svara við því hvað veldur að þeim

hefur almennt ekki komið á, þrátt fyrir samþykkt kirkjuþings 2010. Nefndin telur að ein skýringin gæti verið sú að samstarfssvæða er ekki getið í Þjóðkirkjulögunum. Því leggur nefndin eindregið til að það verði gert, eins og áður segir, ef kirkjuþing metur svo við endurskoðun Þjóðkirkjulaganna sem nú stendur yfir.

Samhliða hefur verið rætt hvort taka eigi önnur mun róttækari skref og gera samstarfssvæðin að prestaköllum eða að prófastsdæmum. Ef farið væri í að sameina prestaköllin eftir skipulagi samstarfssvæðanna yrðu prestaköllin um 30 í stað 92 eins og þau eru í dag. Eins væri prófastsdæmum fjölgað úr 9 í 30 ef horft væri í þá átt. Í því sambandi má nefna skýrslu nefndar sem biskup Íslands skipaði árið 2011 til að móta tillögur um framtíðarskipan sókna, prestakalla og prófastsdæma á höfuðborgarsvæðinu. Þar var megináherslan lögð á sameiningu prestakalla þannig að þeim fækkaði úr 31 í 11 prestaköll. Hugmyndirnar byggðu á samstarfssvæðinu. Skýrsla þessi var kynnt á kirkjuþingi 2012.

Með því að gera *samstarfssvæðin að prestaköllum* væri verið að byggja á þekktri starfseiningu. Prestaköllin væru stækkuð verulega, sum hver ekki svo mikið landfræðilega í þéttbýlinu, en annars staðar væri sums staðar um víðfeðmt svæði að ræða. Segja má að skipulag kirkjunnar á Fljótsdalshéraði sé helsta fyrirmyndin í dag og sem hefur þegar að hluta til komið til framkvæmda, nú síðast með því að Seyðisfjarðarprestakall var sameinað Egilsstaðarprestakalli og prestur ráðinn þar í stað sóknarprests.

Upp kemur fjöldi spurninga, eins og hvort yrði um leið að leggja niður öll embættin og auglýsa og skipa eða ráða að nýju? Ekki geta allir verið sóknarprestar sem gegna því nú þegar, nema svo yrði ákveðið að halda þeirri skipan óbreyttu með sóknarprestum og prestum, en einn fengi hlutverk verkstjórans/leiðtogans umfram aðra. Þá mætti líka fara þá leið að allir væru sóknarprestar í þessu nýja prestakalli. Þar með væri afnumið hugtakið prestur sem nú nær yfir það sem hét um skamma hríð aðstoðarprestur, um leið og hugtakið er auðvitað notað um presta almennt og veldur oft ruglingi.

Með stækkun prestakallanna væri horfið frá því að prestur væri einn að störfum þar sem prestakallið væri það stórt að fleiri en einn prestur væri þar staðsettur. Þar væru samankomnir prestar og aðrir sem þjóna á stóru svæði, eða hafa mikinn fjölda sóknarbarna að sinna. Hugmyndir hafa oft verið uppi í svipaða veru um að komið væri á fót þannig „kirkjumíðstöðvum“ um land allt, líkt og heilsugæslustöðvar eru.

Ef sú leið væri farin að gera *samstarfssvæðin að prófastsdæmum*, þá væri m.a. verið að gera prófastsdæmi sem eru níu í dag, að mun minni starfseiningum. Sóknarprestar og prestar á svæðinu/prófastsdæminu héldu sínum heitum, en einn yrði valinn prófastur, e.t.v. með sama hætti og nú er gert. Kosturinn væri að skipulag og ákvarðanir sem taka þarf á svæðinu væru mun nær þeim sem á svæðinu starfa en nú er, sérstaklega í víðfeðmum prófastsdæmum í dag. Þá fengist nákvæmari mynd af kirkjulegu starfi, stöðu þess og nauðsynlegum breytingum, þar sem prófastar yrðu 30 og kæmu af öllum svæðum landsins til skrafs og ráðagerða með biskupi og vígslubiskupum. Ókostur væri að héraðssjóðir yrðu litlir og ekki til stórra framkvæmda. Héraðsfundir mundu glata stöðu sinni sem vettvangur

fyrir sóknarnefndarfólk og presta að hittast og ræða sín mál út frá mismunandi aðstæðum á stóru eða mannmörgu svæði.

Staða og hlutverk starfseininga kirkjunnar og þjóðkirkjunnar

Allar þessar vangaveltur og tillögur, snúast m.a. um hlutverk sóknar, prestakalls, samstarfssvæðis og prófastsdæmis. Til hvers er þessi starfseiningin, hverju á einingin að skila til að auka og efla starf kirkjunnar?

Fyrir nokkrum árum skipaði danska kirkjumálaráðuneytið starfshóp sem fékk það verkefni að skoða verkefni sókna, prófastsdæma og biskupsdæma. Ráðuneytið taldi nauðsynlegt að skoða skipulag dönsku kirkjunnar í ljósi endurskoðunar sem hafði átt sér stað á skipan sveitarfélaganna en sveitarfélög og prófastsdæmi hafa náð samband í dönsku kirkjunni. Því þótti rétt að endurmeta skipulag á prófastsdæmunum þar sem sveitarfélögum hafði fækkað við sameiningu. Skýrsla starfshópsins kom út árið 2006. Hún hefst á skilgreiningu og undirstrikun á hlutverki kirkjunnar. Þar segir: *Hlutverk þjóðkirkjunnar sem kristinnar kirkju er að boða Krist sem frelsara alls heimsins. Þetta grundvallaratriði er lögfest í Stjórnarskránni sem staðfestir að þjóðkirkjan er evangelísk-lútersk kirkja. Boðunin byggir á þeirri frumforsendu að maðurinn getur ekki af eigin mætti áunnið sér verðleika gagnvart Guði, heldur þiggur hann það frá Guði í trú á Jesú Krist. Í hinum formlegu skipulagseiningum, í sóknum, prófastsdæmum og biskupsdæmum, byggist kirkjulífið á þessu meginhlutverki kirkjunnar. Öll markmið verða að þjóna þessu aðalhlutverki kirkjunnar.*

Hér kemur alveg skýrt fram hvert er meginhlutverk allra sókna og allrar kirkjunnar. Starfshópurinn danski lagði áherslu á að eyða ætti eins litlu og hægt væri í ýmsa ytri þætti, eins og skýrslur og skrifinnsku, viðhald og annað svipað, heldur verði fjármunum eytt eins mikið og hægt er í það sem snýr beint að núverandi meðlimi kirkjunnar en einnig til þess að ná til þeirra sem standa á lengdar hjá. Nýta skuli tæknina eins og kostur er í þágu meðlimaskráningar og til að halda utan um starf kirkjunnar, allt til að efla hið eiginlega hlutverk kirkjunnar. Mikilvægast sé þó að vinna að því að virkja öll sóknarbörnin, svo hlutverk kirkjunnar birtist áþreifanlega í öllum sóknum landsins.

Sóknirnar í Dönsku kirkjunni (um 2100) eins og hér eru mjög misjafnar að stærð og alls ekki allar í stakk búnar til að axla þá ábyrgð sem birtist í þessum fyrirheitum. Mikill munur er á milli fámennrar dreifbýlissóknar og fjölmennrar þéttbýlissóknar. Þannig verði að horfa til þess að fámennar sóknir geti ekki sinnt fræðslu, og hjálparstarfi eins og þær fjölmennu. Þarna kemur prófastsdæmið til skjalanna hjá Dönunum. Hlutverk þess verður að sinna fræðslustarfi og öðru sem hefur sína tenginu við sóknirnar en taka að sér að framkvæmdina, í stærra samhengi.

En á sóknin framtíð fyrir sér? Er tímaskekkja að halda henni við sem grunneiningu kirkjunnar, spyr starfshópurinn danski? Getur hún uppfyllt þær frumskyldur sínar að boða, biðja og líkna þegar fáir leggja sitt af mörkum til að rækja þær skyldur sóknarinnar og sniðganga kirkjustarfið?

Við lifum á tímum mikilla tækniundra, heimi hraða og upplýsingaflæði í gegnum sjónvarp, tölvur og síma. Í heimi tölvutækninnar eru annars vegar þeir sem leita á netinu til að afla sér upplýsinga um allt milli himins og jarðar og hins vegar þau fjölmörgu sem eiga samskipti við aðra í gegnum þessi tæki og tól. Fólk kemur sér upp samskiptasíðum, bloggar og ræðir saman á sínum eigin síðum, í netheimum. Þessi upplýsingaveita sem netið býr yfir og það samfélag sem myndast hefur í gegnum tölvusamskipti, ekki hvað síst meðal unglinga, hefur verið stigmagnandi, og náð til æ fleiri aldurshópa.

Þennan tölvuheim verður kirkjan að íhuga vel, segja Danir, bæði til að nýta sér hann og eins til að greina hvaða merkingu það hefur fyrir kirkjuna sem samfélag, í starfi og skipulagi sókna, prestakalla og prófastsdæma. Hver er framtíð sóknarinnar í þessari samfélagsþróun? Eru samskipti fólks mikið til að færast frá hinu „raunverulega“ samfélagi, þar sem við hittumst og sjáumst augliti til auglitis, og í okkar tilviki í kirkjulegum samhengi undir merkjum kristni og kirkju og til þess að vera samfélag þar sem hver er á sínum stað, með sitt samskiptatæki í höndunum sem tengir okkur við aðra? Hvers konar samfélag er það?

Er sóknin þá ekki tímaskökkja? Eða liggja kannski miklir möguleikar í því að halda á lofti sóknar-samfélaginu, samastað fyrir dýrmæt persónuleg tengsl, þar sem við höfum ekkert tæki okkar í milli, heldur aðeins okkur sjálf, eins og við erum, með öðrum, öll jöfn frammi fyrir skapara okkar og lausnara?

Staða þjóðkirkjunnar

Þá ber að líta til fleiri þátta sem einkenna samtíð okkar og snertir stöðu og hlutverk kirkjunnar, ekki bara hér á landi heldur víða annars staðar. Eitt er sú augljósa þróun að *fólki fækkar í þjóðkirkjunni* hér, eins og víðast hvar þar sem sambærileg skipan er við lýði.

Árið 2000 voru 87,8% íbúa í þjóðkirkjunni, en 2012 var hlutfallið komið niður í 76,2%. Íbúar voru þá 282.845 en eru nú 321.585. Þjóðkirkjufólk, sóknarbörn voru árið 2000 alls 248.411 en þrettán árum síðar er talin komin niður í 245.120 og því fækkað um 3291. Gjaldendur, þ.e. þeir sem greiddu sóknargjöld voru að sama skapi 186.784 árið 2000, en voru í lok síðasta árs 191.258 og hafði fjölgað um aðeins 4474, þegar íbúum hafði fjölgað um 38.740 á sama tíma.

Ein skýringin er mikil fjölgun útlendinga, sem búa hér nú og tilheyra öðrum kristnum trúfélögum eða eru ekki kristinnar trúar. Önnur skýring er sú að þeim fjölgar mjög sem beinlínis segja sig úr þjóðkirkjunni og oft á tíðum skrá sig utan trúfélaga. En sá hópur fer ört vaxandi. Lögum um skráningu í trúfélag hefur líka verið breytt og framundan er enn ein breytingin þegar lífsskoðunarfélögum verður leyft að afla sóknargjalda. Þá hlýtur það að vera verulegt áhyggjuefni, ef satt reynist að skírnum fækki (svo hjá sænsku kirkjunni og víðar), líka hjá þeim foreldrum sem tilheyra þjóðkirkjunni en kjósa einhverra hluta vegna velja að sneiða hjá hinni helgu athöfn.

Fjárhagsstaða sóknanna

Danska kirkjan hefur einnig fundið fyrir sömu tilhneigingu og hér og fólki fækkar þar í

þjóðkirkjunni, ár frá ári, um það bil 0,5%. En ólíkt því sem hér hefur gerst hefur Danska kirkjan auknar tekjur, þrátt fyrir fækkun, þar sem kirkjuskatturinn hefur hækkað þar á liðnum árum. Sóknirnar þar hafa áfram ráð á launuðu starfsfólki til safnaðarstarfa, eins og hér var raunin líka um árabíl. Nú liggur það fyrir að sóknargjöld hafa verið skorin niður hér umtalsvert og meir en almennt var gert hjá öðrum stofnunum. Um það má lesa í skýrslu sem þáverandi innanríkisráðherra lét gera í fyrra. Nefndinni var skipuð til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar og afleiðingar þess ráðs að haldið yrði áfram á þeirri braut. (Skýrsla til ráðherra, 30. apríl 2012).

Sóknir sem áður höfðu á að skipa starfsfólki í æskulýðsstarfi eða barnafræðslu hafa þurft að segja því starfsfólki upp. Staða djákna sem m.a. hafa sinnt starfi meðal aldraðra er í talsverðri óvissu og sums staðar hafa sóknir þurft að segja upp organistum eða minnka starfshlutfall þeirra. Aðeins þrjár sóknir hafa nú presta sem launaðir eru af sóknargjöldum, en þeir voru mun fleiri fyrir nokkrum árum. Skerðing á sóknargjöldum hefur um leið bein áhrif á sameiginlega sjóði kirkjunnar sem búa við minni tekjur og veita þar af leiðandi minni styrki til sóknanna sem margar hverjar eru skuldsettar og hafa reitt sig á stuðning þessara sjóða. Sóknirnar grípa þá m.a. til þess ráðs að segja upp starfsfólki til að mæta þeirri skerðingu.

Nú þegar þetta er ritað hefur það gerst í fyrsta sinn í mörg ár að boðað er að sóknargjöld hækki eitthvað á næsta ári. Hækkunin mun þó ekki breyta því að fjárhagur margra sókna er erfiður og safnaðarstarfið líður fyrir það. Viðhald kirkna sömuleiðis og rekstur safnaðarheimila sem reist hafa verið af miklum myndarskap á undanförunum áratugum er að sliga sumar sóknir.

Þessi erfiðu fjárhagsstöðu sókna verður að hafa með í myndinni þegar rætt er um stöðu prestsþjónustunnar í kirkjunni. Nú verður kallað eftir því að prestar sinni (að nýju) ýmsu í safnaðarstarfinu sem sóknirnar höfðu launað starfsfólk til að annast, en hafa þurft að segja upp. Jafnljóst er að starfið hlýtur að dragast saman og sumt falla alveg niður. Því hefur umræðan um ólaunað starfsfólk komið á dagskrá af meiri þunga en áður, eins og á kirkjuþingi. Vera má að sóknir sem eru verulega skuldsettar verði að grípa til enn frekari aðgerða og horfast í augu við að afsala sér húsnæði eins og safnaðarheimilum þar sem þau eru ekki samtengd kirkjunni sjálfri. Sala á kirkjum, í sparnaðarskyni, hefur ekki enn komið hér til tals. Víða erlendis, t.d. í Bretlandi og í Danmörku hafa kirkjur verið settar á sölu. Ástæður eru ekki bara þungur rekstur oft gamalla, friðaðra kirkna, heldur er kirkjusókn látin einnig ráða, eins og í Kaupmannahöfn.

Samantekt

Nefndin leggur hér fram tillögur í þremur liðum ásamt undirliðum. Í stuttu máli fjalla þær um:

1. Að koma sem fyrst á samstarfssvæðum um land allt.
2. Að tryggja tilveru samstarfssvæðanna í lögum og starfsreglum
3. Að leggja til viðmið um skipan prestsþjónustunnar og láta þau koma til framkvæmda.

Meginviðmið nefndarinnar við skiptingu prestsembættanna í þjóðkirkjunni, þ.e. sóknarpresta og presta er þessi:

1. Fjöldi sóknarbarna – þjóðkirkjufólks (ekki íbúa)
2. Réttur sóknarbarnsins – messur, kirkjulegar athafnir, fræðsla, sálgæsla
3. Samstarfssvæði sókna - alls 30 á landinu.
4. Messuskyldur í sóknunum á samstarfssvæðinu – sóknum skipt í fimm flokka.
5. Messuskyldur á prest séu sem næst 36-40 messur á ári að hámarki.
6. Embættum jafnað út eins og unnt er eftir heildarfjölda embættanna, en tekið er tillit til aðstæðna í dreifbýli og þéttbýli:
 - A. Prestar í dreifbýli 1 hafi um 750 sóknarbörn á hvert embætti innan svæðis.
 - B. Prestar í dreifbýli 2 hafi um 1250 sóknarbörn á hvert embætti innan svæðis.
 - C. Prestar í þéttbýli 1 hafi um 2500 sóknarbörn á hvert embætti innan svæðis.
 - D. Prestar í þéttbýli 2 hafi um 3500 sóknarbörn á hvert embætti innan svæðis.
7. Sérstaða sókna og svæða (einangrun, sögustaðir, dómkirkjur ...).

Á grundvelli þessara viðmiða leggur nefndin fram tillögur um hvernig skipting embættanna gæti litið út á öllum 30 samstarfssvæðunum. (Sjá fylgiskjal A og samantekt á fylgiskjali G.)

Til að auðvelda lestur þess skjals er hér dregin saman tillaga nefndarinnar um hvernig embættum sóknarpresta og presta væri jafnað niður á 30 samstarfssvæði. Í fyrsta dálki er samstarfssvæðið (vinnuheiti). Þá er tillaga um hversu mörg embætti þyrftu að vera og breyting frá núverandi stöðu (óbreytt, fækkað, fjölgað). Í þriðja dálki sýna bókstafirnir í hvaða flokki svæðið er hvað varðar fjölda sóknarbarna á hvert embætti (sbr. lið 6 hér frammar), þar sem tekið er tillit til þess hvort embættin er í dreifbýli eða þéttbýli. Tölurnar sýna fjölda sóknarbarna á hvert embætti eftir tillöguna um fjölda embættanna á svæðinu og í sviga eru tölur sem sýna fjölda sóknarbarna að baki hverju embætti eins og þær er nú. Í dálki 4 er fjölda messa á hvert embætti eins þær yrðu með tillögunum um embættin á svæðinu, en tölur sem eru í sviga eru messur á hvert embætti eins og þær voru 2012. Þar sem merkt með * aftan við þarf að skoða sérstaklega, þar sem mismunandi er hvernig prestar telja sem messu, svo og kirkjur sem hafa sérstöðu og falla ekki alfarið undir viðmið um messuskyldur. Í 5. dálki er síðan tölur yfir fermingarborn 2012 á hverju svæði.

Dálkur 1	Dálkur 2	Dálkur 3	Dálkur 4	Dálkur 5
Svæði	Fjöldi embætta	Messur á emb.	Sóknarbörn á emb.	Fermingarb. 2012
Suðurland				
Höfn og nágrenni	1,5 - óbreytt	B – 1241 (1241)	35 (35)messur	29 fermingarborn
Klaustur-Vík	1,5 - fækkað um 0,5	A – 673 (505)	43 (33)messur	12 fermingarborn
Rangárvellir	2,5 - fækkað um 0,5	B – 1034 (862)	40 (33)messur	38 fermingarborn
Vestmannaeyjar	1,5 - fækkað um 0,5	C – 2458 (1844)	37 (28)messur	57 fermingarborn
Skálholt og nágr.	2,0 - óbreytt	B – 1037 (1037)	77 (77)messur*	25 fermingarborn
Selfoss og nágrenni	4,5 - fækkað um 0,5	C – 2322 (2090)	39 (35)messur	162 fermingarborn

Kjalarnes				
Suðurnes	5,5 - fjölgað um 0,5	C – 2864 (3150)	33 (36)messur	252 fermingarborn
Hafnarfj./Garðabær	8,0 - fjölgað um 1,0	D – 3655 (4177)	34 (39)messur	405 fermingarborn
Reykjavík eystra				
Kópavogur	6,5 - óbreytt	D – 3793 (3793)	32 (32) messur	368 fermingarborn
Breiðholt	4,5 - fækkað um 0,5	D – 3015 (2713)	41 (37)messur*	196 fermingarborn
Grafarvogur/Árbær	6,5 - fjölgað um 0,5	D – 4141 (4486)	33 (35) messur	454 fermingarborn
Reykjavík vestra				
Austurbær	6,0 - fjölgað um 1,0	D – 3417 (4100)	46 (55) messur	254 fermingarborn
Miðbær/Vesturbær	8,5 - fjölgað um 0,5*	D – 2976 (3162)	37 (39)messur	253 fermingarborn
Kjalarnes				
Mosfellsbær og nágr.	2,5 - fækkað um 0,5	D – 3193 (2661)	38 (32) messur	137 fermingarborn
Vesturland				
Akranes og nágr.	2,0 - óbreytt	D – 3142 (3142)	49 (49) messur*	112 fermingarborn
Borgarfjörður og nágr.	3,0 - fækkað um 1,0	B – 981 (736)	48 (36) messur*	35 fermingarborn
Snæfellsnes	3,0 - fækkað um 1,0	B – 1080 (810)	30 (23) messur	27 fermingarborn
Dalir,Reykh.,Hólmav.	2,5 - fækkað um 0,5	A – 576 (480)	19 (16) messur*	10 fermingarborn
Vestfirðir				
Patreksfjörður	1,5 - óbreytt	A – 647 (647)	37 (37) messur	11 fermingarborn
Ísafjörður og nágr.	3,5 - fækkað um 0,5	B – 1099 (961)	34 (30) messur	77 fermingarborn
Húnavatns- og Skagafj.				
Vestur-Húnavatns	1,5 - fækkað um 0,5	B – 803 (602)	49 (37) messur	30 fermingarborn
Austur-Húnavatns	1,5 - fækkað um 0,5	B – 997 (748)	37 (28) messur	16 fermingarborn
Skagafjörður	3,0 - fækkað um 1,0	B – 1277 (958)	49 (37) messur*	49 fermingarborn
Eyjafjarðar- og Þingeyjar				
Fjallabyggð nágr.	3,5 - fækkað um 1,5	B – 1177 (824)	30 (21) messur	85 fermingarborn
Akureyri	4,5 - fjölgað um 0,5	D – 3492 (3929)	28 (32) messur	256 fermingarborn
Eyjafjörður og nágr.	1,5 - fækkað um 0,5	B – 1241 (931)	41 (31) messur	33 fermingarborn
Húsavík og nágr.	2,5 - fækkað um 0,5	B – 1195 (996)	21 (18)messur	41 fermingarborn
Norðausturland	2,5 - fækkað um 0,5	A – 627 (522)	27 (22) messur	27 fermingarborn
Austurland				
Héraðið og nágr.	3,0 - óbreytt	B – 1255 (1255)	36 (36) messur	54 fermingarborn
Austfirðir	4,0 - fækkað um 1,0	B – 1070 (856)	31 (25) messur	66 fermingarborn

Samtals **104,5** embætti. Sóknarborn **245.120** (1. des. 2012). Messur 2012 voru alls **3.821** og fermingarborn **3.591**. Alls voru, 1. okt. 2013, embætti sóknarpresta (92) og presta (20,5), eða **112,5 embætti**. Hér er lagt til að þessi embætti verði **104,5** og fækki því um 8,0 stöðugildi.

Á sama tíma eru héraðsprestar í 7,0 stöðugildum og sérþjónustuprestar í 6,0 stöðugildum. Lagt er til að héraðsprestar verði í 6,0 stöðugildum og sérþjónustuprestar í 4,0 stöðugildum.

Sóknarprestar og prestar verði í 104,5 stöðugildum

Héraðsprestar í 6,0 stöðugildum

Sérþjónustuprestar í 4,0 stöðugildum

Samtals verði stöðugildin 114,5.

5. mál kirkjuþings 2013

Flutt af biskupi Íslands

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í löggjafarnefnd:

Þingsályktun um sameiningu prestakalla

Kirkjuþing 2013 ályktar að við sameiningu prestakalla skuli þau lögð niður, nýtt prestakall stofnað.

6. mál kirkjuþings 2013
Flutt af biskupi Íslands

T I L L A G A
að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um
skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.

Vesturlandsprófastsdæmi

1. gr.

Garða- og Saurbæjarprestaköll sameinist. Akranes, Innra-Hólms-, Leirár- og Saurbæjar-sóknir mynda hið sameinaða prestakall. Prestakallið nefnist Garðaprestakall.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. júní 2014.

Málið fékk ekki framgang á kirkjuþingi.

7. mál kirkjuþings 2013

Flutt af Ásbirni Jónssyni og Bjarna Kr. Grímssyni

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í allsherjarnefnd:

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007**

12. gr. starfsreglnanna breytist og verður svohljóðandi:

1. gr.

Hríseyjarprestakall, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi verði lagt niður.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 59. laga um stöðu, stjórn og starfs-
hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlist gildi 1. júlí 2014.

8. mál kirkjuþings 2013

Flutt af Bjarna Kr. Grímssyni

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í fjárhagsnefnd:

**Þingsályktun um tillögu að starfsreglum um breytingu á
starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007**

Kirkjuþing 2013 samþykkir að vísa málinu til kirkjuráðs.

Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um
skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007

1. gr.

12. gr. breytist svo:

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Möðruvallaprestakall Prestssetur: Möðruvellir, þ.e. íbúðarhús ásamt hæfilegri afmarkaðri lóð.

2. gr.

Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 59. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar öðlast þegar gildi.

9. mál kirkjuþings 2013
Flutt af Bjarna Kr. Grímssyni

**Tillaga að starfsreglum um breytingu á
starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007**

1. gr.

12. gr. breytist svo:

Í eftirtöldum prestaköllum fellur brott skylda til að leggja til prestssetur:

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Breiðabólstaðarprestakall

Skagastrandarprestakall

Þingeyrarklaustursprestakall

2. gr.

Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 59. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og öðlast þegar gildi.

Skylda til að leggja niður prestsbústað í Þingeyrarklaustursprestakalli öðlast gildi við lok skipunartíma þess prests sem situr prestakallið.

Málið var dregið til baka

10. mál kirkjuþings 2013
Flutt af Bjarna Kr. Grímssyni

Þingsályktun um tillögu að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007

Kirkjuþing 2013 samþykkir að vísa málinu til kirkjuráðs. Kirkjuráð skili tillögum á kirkjuþingi 2014.

Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007

1. gr.

Við starfsreglurnar bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

I. Í prestaköllum þar sem skylda til að leggja til prestssetur er afnumin skal niðurlagning öðlast gildi við lok skipunartíma þess prests sem situr prestakallið. Sé presti í prestakalli þar sem skylda til að leggja til prestssetur er afnumin, veitt lausn frá embætti, skal niðurlagning þó öðlast gildi frá sama tíma.

II. Ef um prestsbústað er að ræða þ.e. íbúðarhús ásamt lóð, skal viðkomandi prestur eiga rétt á að leigja viðkomandi hús áfram í allt að eitt ár, að loknum skipunartíma óski hann þess enda gegni hann sama prestsembætti þann tíma. Leigugjald reiknast samkvæmt gildandi starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir kirkjunnar.

III. Ef um prestssetursjörð er að ræða, skal jörð skilað á næstu fardögum að vori eftir að niðurlagning hefur öðlast gildi. Íbúðarhús það á prestssetursjörðinni sem viðkomandi prestur hefur haft til afnota skal hann þó eiga rétt á að leigja áfram í allt að eitt ár óski hann þess, enda gegni hann sama prestsembætti þann tíma. Leigugjald reiknast samkvæmt gildandi starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir kirkjunnar.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur brott frá sama tíma 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í starfsreglum nr. 1115/2011, um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.

Athugasemdir við tillögu þessa

Á kirkjuþingi 2011 voru samþykktar starfsreglur þess efnis að tiltekin prestssetur skyldu lögð niður. Prestssetur sem falla eiga niður eru í eftirtöldum prestaköllum og skipunartími þeirra presta sem þjóna viðkomandi prestaköllum rennur út eftir því sem hér er tekið fram:

Suðurprófastsdæmi

Eyrarbakkaprestakall: 1.11.2018
Hveragerðisprestakall: Skipaður ótímabundið
Þorlákshafnarprestakall: 1.11.2018
Kjalarnesprófastsdæmi
Grindavíkurstakall: 1.9.2017
Útskálaprestakall: 1.11.2014
Mosfellsprestakall: 15.10.2018

Vesturlandsprófastsdæmi

Garðaprestakall: 1.12. 2017
Hvanneyrarprestakall: 1.7.2015
Vestfjarðarprófastsdæmi
Ísafjarðarprestakall: Skipaður ótímabundið

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Sauðárkróksprestakall: 1.7.2017
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi
Dalvíkurprestakall: 15.2.2017
Húsavíkurprestakall: Skipaður ótímabundið

Austurlandsprófastsdæmi

Eskifjarðarprestakall: Skipaður ótímabundið
Norðfjarðarprestakall: 1.7.2014.

Greinargerð

Í ljósi alvarlegrar fjárhagsstöðu kirkjunnar er brýnt að forgangsraða fjárveitingum á sem skynsamlegastan hátt og með almenna hagsmuni kirkjunnar í huga. Kirkjuþing 2011 markaði þá stefnu að óþarfi sé að leggja til embættisbústaði á suðvesturhorni landsins og á helstu þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni nema alveg sérstakar ástæður réttlæti slíkt. Samþykkt var að innleiðing breytinganna skyldi ekki taka gildi fyrr en viðkomandi prestar létu af embætti. Flutningsmenn telja að sú regla geti ekki gengið að óbreyttu í ljósi aðstæðna kirkjunnar, þar sem áratugi getur tekið að koma þessu í framkvæmd. Þess þekkjast vart dæmi að aðrar opinberar stofnanir leggi starfsmönnum sínum til embættisbústaði á þeim svæðum sem um er að ræða. Er því rétt að flýta innleiðingu breytinganna svo þær skili kirkjunni árangri fyrr. Er bent á að miklir fjármunir eru bundir í þeim prestsústöðum sem um ræðir og mætti selja mætti þá flesta. Kirkjuþing á þó ávallt lokaorðið um það hvaða eignir skuli seldar. Leigugjald af prestssetrum er lágt m.a. vegna ákvæða um hámarksleigu í starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir kirkjunnar nr. 950/2009. Hámarksleiga í dag er um 80 þús. kr. á mánuði. Viðhaldspörf er töluverð og opinber gjöld af eignunum há. Kirkjan hefur aldrei hagnast af útleigu prestssetra á þeim kjörum sem starfsreglurnar mæla fyrir um heldur er töluvert tap á fasteignaumsýslunni. Með því að gefa viðkomandi prestum rétt á að leigja húsin í eitt ár í viðbót gefst þeim nægur umþóttunartími til að bregðast við

breyttum aðstæðum. Athygli er vakin á því að þeir prestar sem skipaðir eru ótímabundið þ.e. fyrir 1. júlí 1996 (æviráðning), geta setið í prestsbústöðum út skipunartímann þ.e. allt til til 70 ára aldurs ef við á. Rétt er að benda á að með því að fella prestsbústaði niður, fellur um leið niður skylda viðkomandi presta til að búa í prestakallinu.

11. mál kirkjuþings 2013
Flutt af Bjarna Kr. Grímssyni

**Þingsályktun um tillögu að starfsreglum um breytingu á
starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir
þjóðkirkjunnar nr. 950/2009**

Kirkjuþing 2013 samþykkir að málinu verði vísað til kirkjuráðs.

Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum
um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009

1. gr.

5. mgr. 21. gr. starfsreglna um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar orðast svo:

Leiga af greiðslumarki saufjár og mjólkur skal nema 20% af beingreiðslum.

Nú losnar greiðslumark á jörð í eigu kirkjumálasjóðs við ábúðarlok og skal þá fasteignanefnd þjóðkirkjunnar selja greiðslumarkið eftir þeim almennu reglum sem um slíka sölu gilda hverju sinni.

Ef jörð er setin af presti skal greiðslumark selt við lok skipunartíma prestsins, eða fyrr ef um það semst. Skal þó viðkomandi prestur njóta forkaupsréttar að greiðslumarki enda hafi hann gert fasteignanefnd grein fyrir því að hann hyggist nýta forkaupsrétt sinn eigi síðar en fyrir næstu áramót eftir að greiðslumark hefur verið auglýst til sölu.

Fasteignanefnd skal semja vinnureglur um úthlutun á greiðslumarki og meðferð þess.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru á grundvelli 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við tillögu þessa

Kirkjumálasjóður á greiðslumark í sauðfé sem nemur 1.833 ærgildum árið 2013. Samkvæmt núgildandi starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir kirkjunnar nr. 950/2007 skal greiða endurgjald fyrir afnot af greiðslumarki sem nemur 20% af beingreiðslum. Beingreiðslur árið 2013 eru kr. 6.519 fyrir hvert ærgildi. Endurgjald sem greiða skal samkvæmt framanskráðu er því 1.304 kr. fyrir hvert ærgildi. Verðmæti greiðslumarks var u.þ.b. 30 þús. kr. fyrir hvert ærgildi um áramót 2012 / 2013. Samkvæmt því má telja að verðmæti greiðslumarks í eigu kirkjunnar geti numið u.þ.b. 55 millj. kr. Leigugjald gæti því numið kr. 2.390.000 á ári. Nafnávöxtun er því um 4,3%.

Frá heildarendurgjaldi dragast ærgildi sem kunna að fylgja einstökum jörðum en fyrir þau skal ekki greitt. Arðsemi þessara réttinda er því lítil og auk þess töluverð vinna að halda utan um þessi mál. Flutningsmenn telja óeðlilegt að kirkjan eigi slík réttindi og leggja því til að sú stefnumörkun verði samþykkt að kirkjumálasjóður selji réttindin þegar tiltekin skilyrði eru uppfyllt. Þannig verði greiðslumark ávallt selt þegar jörð losnar úr ábúð. Nú þegar er fyrir hendi greiðslumark sem er ekki nýtt í þágu kirkjunnar þ.e. á jörðunum Kolfreyjustað, Holti og Möðruvöllum. Þetta greiðslumark skilar kirkjunni nú engum arði og er ekki rétt að kirkjan liggja með slík verðmæti. Þá er það einnig mat flutningsmanna að þeir sem hyggjast stunda sauðfjárbúskap á jörðum kirkjumálasjóðs leggi sér sjálfir til þau réttindi sem þarf til að njóta beingreiðsna eins og allir aðrir sauðfjárbændur þurfa að gera. Eðlilegt er að sanngirni sé gætt í garð þeirra presta sem nýta greiðslumark á prestssetursjörðum. Er því lagt til að greiðslumarkið verði selt við lok skipunartíma viðkomandi prests. Þetta þýðir að prestar sem skipaðir eru ótímabundið halda greiðslumarkinu meðan þeir gegna embættinu. Greiðslumark á jörðum sem setnar eru af prestum sem skipaðir hafa verið til fimm ára fellur þá niður við lok skipunartímans. Þeir prestar geta þá keypt greiðslumark kirkjumálasjóðs með því að ganga inn í hæsta boð á grundvelli forkaupsréttar ef þeir kjósa svo. Reglur þessa girða ekki fyrir það að jörð sé seld með greiðslumarki ef það þykir hagfelldara fyrir kirkjumálasjóð. Flutningsmenn leggja einnig til að fellt verði brott ákvæði um að ekki sé greidd leiga af þeim ærgildum sem áður fylgdu viðkomandi prestssetrum. Sú regla virðist reist á misskilningi um eðli ærgilda. Greiðslumark og ærgildi eru tveir ólíkir hlutir og ber ekki að blanda því saman og ekki sjáanleg rök fyrir því að prestur eigi að njóta ókeypis greiðslumarks þótt bústofn fylgi jörðum.

12. mál kirkjuþings 2013
Flutt af kirkjuráði

Þingsályktun um frumvarp til breytinga á þjóðkirkjulögum

Kirkjuþing 2013 beinir þeim tilmælum til innanríkisráðherra að hann flytji eftirfarandi frumvarp til laga um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, sbr. 2. mgr. 23. gr. laganna.

Frumvarp

til laga um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997

1. gr.

12. gr. og 13. gr. laganna falla brott.

3. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Biskup Íslands skal kalla vígslubiskupa til fundar svo oft sem þurfa þykir og nánar skal kveðið á um í starfsreglum, sbr. 59. gr.

4. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna orðist svo:

Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar nema lög mæli á annan veg. Við 20. gr. laganna ákvæðið bætist ný málsgr., 4. mgr., svohljóðandi:

Kirkjuþing hefur á hendi fjárstjórnarvald þjóðkirkjunnar. Nánari ákvæði um tilhögun fjárstjórnarvalds kirkjuþings skal þingið setja í starfsreglur.

5. gr.

2. mgr. og 3. mgr. 27. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

38. gr. laganna orðast svo:

Almenn skilyrði til að takast á hendur prestsþjónustu eru þessi:

1. Mag. theol. próf frá Háskóla Íslands eða háskólapróf í guðfræði sem metið verður því jafngilt.

2. Að umsækjandi hafi hlotið starfsþjálfun og annan undirbúning samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum frá kirkjuþingi.

3. Að umsækjandi sé við upphaf starfa síns skráður í þjóðkirkjuna nema samkirkjulegar samþykktir heimili annað.

4. Að umsækjandi sé lögráða og hafi til að bera nauðsynlegt heilbrigði, andlegt og líkamlegt, til að gegna starfanum.

5. Að umsækjandi hafi ekki gerst sekur um athæfi sem ætla má að rýri álit hans og sé ósamboðið manni í prestsstarfi.

7. gr.

40. gr. laganna orðast svo:

Biskup Íslands veitir þeim embætti sóknarprests eða prests sem hlotið hefur bindandi val eða kosningu, samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum, sbr. 59. gr.

Embætti sóknarprests og prests skv. 35. gr. skal veitt til fimm ára í senn, sbr. 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Komi fram tillaga í söfnuðinum um að embættið skuli auglýst laust til umsóknar skal hún afgreidd á safnaðarfundum og er hún því aðeins gild að hún komi fram a.m.k. átta mánuðum fyrir lok fimm ára skipunartímans. Hljóti tillagan meirihluta greiddra atkvæða skal sú samþykkt send biskupi Íslands.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2015. Ákvæði 1. gr., 3. gr. og 6. gr. skulu þó öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt breytast við gildistöku laganna þann 1. janúar 2015 eftirfarandi lagaákvæði:

23. gr. laga nr. 35/1970 um Kristnisjóð o.fl. með síðari breytingum orðast svo:

Þjóðkirkjan hefur á hendi umsjá og stjórn Kristnisjóðs. Kirkjuþing setur nánari reglur um framkvæmdina í starfsreglum. Reikningsleg endurskoðun skal framkvæmd af Ríkisendurskoðun.

3. gr. laga nr. 138/1993 um kirkjumálasjóð fellur brott.

4. gr. laga nr. 138/1993 um kirkjumálasjóð fellur brott.

5. gr. laga nr. 138/1993 um kirkjumálasjóð orðast svo:

Þjóðkirkjan hefur á hendi umsjá og stjórn kirkjumálasjóðs. Kirkjuþing setur nánari reglur um framkvæmdina í starfsreglum. Reikningsleg endurskoðun skal framkvæmd af Ríkisendurskoðun.

7. gr. laga nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. orðast svo:

Þjóðkirkjan hefur á hendi umsjá og stjórn Jöfnunarsjóðs sókna. Kirkjuþing setur nánari reglur um framkvæmdina í starfsreglum. Reikningsleg endurskoðun skal framkvæmd af Ríkisendurskoðun.

13. mál kirkjuþings 2013

Flutt af Ásbirni Jónssyni, Agli Heiðari Gíslasyni, Ingu Rún Ólafsdóttur og Skúla Sigurði Ólafssyni

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í löggjafarnefnd með breytingum á þskj. 80.

Þingsályktun um frumvarp til þjóðkirkjulaga

Kirkjuþing 2013 samþykkir að fela kirkjuráði að kynna drög kirkjulaganefndar frá 1. október 2013 að frumvarpi til nýrra þjóðkirkjulaga, með breytingum á þingskjali 80. Frumvarpið verði lagt fyrir 51. kirkjuþing 2014 til afgreiðslu.

Kirkjuþing 2013 beinir þeim tilmælum til Innanríkisráðherra að flutt verði eftirfarandi frumvarp til þjóðkirkjulaga, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr 78/1997.

Frumvarp til þjóðkirkjulaga

(Drög kirkjulaganefndar 1. okt. 2013)

I. kafli

Skilgreining

1. gr.

- Hin evangelíska lúterska kirkja er þjóðkirkja á Íslandi.

II. kafli

Réttarstaða þjóðkirkjunnar

2. gr.

- Þjóðkirkjan er sjálfstætt trúfélag.

3. gr.

- Skírni í nafni heilagrar þrenningar veitir aðild að þjóðkirkjunni.
- Um aðild að, inngöngu í og úrsögn úr þjóðkirkjunni fer að öðru leyti samkvæmt 8. og 9. gr. laga um skráð trúfélög og þeim starfsreglum sem kirkjuþing setur.

4. gr.

- Þjóðkirkjan er sjálfstæður lögaðili og ber réttindi og skyldur að lögum. Hún ræður starfi sínu nema lög mæli á annan veg.
- Þjóðkirkjan skal í starfsháttum sínum halda í heiðri grundvallarreglur lýðræðis og jafnréttis.
- Þjóðkirkjunni ber að halda úti kirkjulegri þjónustu á landinu öllu og tryggja að allir landsmenn geti átt kost á henni.
- Um stöðu þjóðkirkjunnar sem trúfélags fer að öðru leyti samkvæmt lögum um skráð trúfélög eftir því sem við getur átt.

5. gr.

■Við málsmeðferð og ákvarðanir kirkjulegra stjórnvalda samkvæmt lögum þessum skal fylgt ákvæðum upplýsingalaga og stjórnsýslulaga eftir því sem við getur átt, þar á meðal um sérstakt hæfi til meðferðar einstakra mála.

6. gr.

■Um tengsl þjóðkirkjunnar og ríkisvaldsins fer samkvæmt lögum og þeim samningum sem eru í gildi hverju sinni milli ríkisins og kirkjunnar.

■Sá ráðherra sem fer með kirkjumál í ríkisstjórn hefur með höndum samskipti við þjóðkirkjuna af hálfu ríkisvaldsins.

7. gr.

Þjóðkirkjan ræður innri málefnum sínum um skipulag, stofnanir og valdmörk þeirra á milli.

III. kafli

Söfnuðir og samvinna í héraði

8. gr.

■Söfnuður er félagsleg grunneining þjóðkirkjuna. Söfnuður á tilteknu landssvæði myndar sókn sem er starfssvæði safnaðar á hverjum stað. Hver sókn hefur sína kirkju sinn prest / nýtur prestsþjónustu.

■Safnaðarmenn eru allir þeir sem hafa hlotið skírni og eru skráðir í þjóðkirkjuna.

■Um skiptingu sóknargjalda fer samkvæmt gildandi lögum og samningum hverju sinni.

■Hlutverk safnaða er að standa fyrir guðsþjónustuhaldi, trúfræðslu og kærleiksþjónustu. Allir safnaðarmenn eiga rétt á kirkjulegri þjónustu í sókninni.

■Kirkjuþing setur starfsreglur um skipulag kirkjunnar og fjármál safnaða í héraði.

9. gr.

■Sóknarnefnd, kjörin af aðalsafnaðarfundi, ber ábyrgð á rekstri og framkvæmdum og styður kirkjulega þjónustu í sókninni ásamt prestum og starfsmönnum hennar.

■Sóknarnefnd er ásamt sóknarpresti í fyrirsvari fyrir söfnuðinn gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum. Hún hefur ásamt sóknarpresti umsjón með kirkju safnaðarins og safnaðarheimili.

■Kirkjuþing setur nánari ákvæði í starfsreglur um stöðu, störf og skyldur sóknarnefnda og starfsmanna sókna, héraðsfundi sem eru vettvangur sókna til þess að ræða sameiginleg málefni kirkjunnar í héraði og um samráðsvettvang leikmanna.

IV. kafli

Kirkjuþing

10. gr.

■Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar nema lög mæli á annan veg.

■Kirkjuþing setur starfsreglur um stjórnsýslu og starfsemi þjóðkirkjunnar, þar á meðal

um agamál og lausn ágreiningsmála á vettvangi kirkjunnar og um yfirstjórn kirkjunnar. Kirkjuþing markar þjóðkirkjunni stefnu í málefnum hennar.

11. gr.

- Kirkjuþingsfulltrúar eru kosnir leynilegri kosningu til fjögurra ára í senn.
- Kirkjuþing ákveður í starfsreglum skipan kjördæma kirkjuþings og fjölda kirkjuþingsmanna.
- Á kirkjuþingi skulu leikmenn vera fleiri en vígðir.
- Kirkjuþing kys þingforseta úr röðum leikmanna og tvo varaforseta úr röðum þingfulltrúa. Saman mynda þeir forsætisnefnd kirkjuþings.
- Kirkjuþing setur í starfsreglum nánari ákvæði um kjör til kirkjuþings, seturétt annarra en kjörinna fulltrúa á þinginu og þingsköp.
- Við skipan kirkjuþings ber sérstaklega að hafa í huga ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga þessara.

12. gr.

- Forseti kirkjuþings kallar þingið saman, stýrir því og ber ábyrgð á starfsemi þess. Hann undirbýr þinghaldið í samráði við forsætisnefnd. Með sama hætti fylgir hann eftir samþykktum kirkjuþings eftir því sem við á.
- Forseti kirkjuþings skal birta starfsreglur frá kirkjuþingi og aðrar réttarskapandi ákvarðanir þess innan fjögurra vikna frá samþykkt þeirra og skal sú birting vera í samræmi við lög um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað. Hafi ekki verið á annan veg mælt í starfsreglunum öðlast þær gildi á þrítugasta degi frá birtingu þeirra.

13. gr.

- Samþykktir um helgisiði og kenningarleg málefni skulu sæta umfjöllun í ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni áður en þær hljóta endanlega afgreiðslu á kirkjuþingi.
- Komi fram á kirkjuþingi tillögur um verulegar breytingar skal vísa málinu að nýju til kenningarnefndar og prestastefnu.
- Þegar kenningarnefnd og prestastefna hafa að nýju fjallað um málið kemur það til endanlegrar afgreiðslu á kirkjuþingi og skal þá hljóta 2/3 hluta greiddra atkvæða til að teljast samþykkt enda séu 2/3 hlutar kirkjuþingsmanna á fundi.

14. gr.

- Kirkjuþing hefur á hendi fjárstjórnarvald þjóðkirkjunnar.
- Nánari ákvæði um tilhögun fjárstjórnarvalds kirkjuþings skal þingið setja í starfsreglur.

15. gr.

- Kirkjuþing hefur frumkvæði að frumvörpum til laga um kirkjuleg málefni og beinir tilmælum til ráðherra um að þau verði flutt á Alþingi. Kirkjuþing veitir umsagnir um lagafrumvörp um kirkjuleg málefni er ráðherra hyggst flytja á Alþingi.

V. kafli

Kirkjuráð

16. gr.

- Kirkjuráð fer með framkvæmdarvald í málefnum þjóðkirkjunnar.
- Kirkjuráð ber ábyrgð gagnvart kirkjuþingi.
- Kirkjuþing setur starfsreglur um samsetningu kirkjuráðs, kjör þess, stöðu og starfshætti og setur annarra á fundi ráðsins.

17. gr.

- Kirkjuráð hefur forræði Skálholtsstaðar samkvæmt lögum um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda Þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað, en er þó bundið af fjárstjórnarvaldi kirkjuþings sbr. 1. mgr. 15. gr.

18. gr.

- Ákvörðunum kirkjulegra stjórnvalda má skjóta til kirkjuráðs til endanlegrar niðurstöðu. Undanskildar eru ákvarðanir og samþykktir kirkjuþings, ákvarðanir biskups Íslands um helgisiði og kenningarleg málefni.
- Einstökum ákvörðunum kirkjuráðs á framkvæmdasviði kirkjulegrar stjórnsýslu verður ekki skotið til kirkjuþings en fjalla má um málefnið á kirkjuþingi að frumkvæði einstakra kirkjuþingsmanna.

VI. kafli

Prestar, djákna og prófastar.

19. gr.

- Þjónandi prestur þjóðkirkjunnar er hver sá sem gegnir prestsþjónustu í kirkjunni samkvæmt vígslubréfi og eftir því sem lög og starfsreglur segja til um. Þjónandi prestar þjóðkirkjunnar geta einnig starfað á vegum stofnana eða félagasamtaka með samþykki biskups Íslands. Allir þjónandi prestar lúta tilsjón biskups Íslands og ákvörðunum kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnum.
- Biskup Íslands skipar í embætti sóknarprests og í önnur prestsembætti.
- Heimilt er, með samþykki kirkjuþings, að skipa fleiri presta en einn í prestakalli en þeir skipta þá með sér verkum undir forystu sóknarprests.
- Kirkjuþing setur nánari ákvæði í starfsreglur um, val og veitingu prestsembætta, störf og starfsskyldur sóknarpresta, annarra presta í söfnuði, héraðspresta og sérþjónustupresta og verkaskipti þeirra á milli.

20. gr.

- Almenn skilyrði til að takast á hendur prestsþjónustu eru þessi:
 1. Mag. theol. próf frá Háskóla Íslands eða háskólapróf í guðfræði sem metið verður því jafngilt.
 2. Að umsækjandi hafi hlotið starfsþjálfun og annan undirbúning samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum frá kirkjuþingi.

3. Að umsækjandi sé við upphaf starfa síns skráður í þjóðkirkjuna nema samkirkjulegar samþykktir heimili annað.
4. Að umsækjandi sé lögráða og hafi til að bera nauðsynlegt heilbrigði, andlegt og líkamlegt, til að gegna starfanum.
5. Að umsækjandi hafi ekki gerst sekur um athæfi sem ætla má að rýri álit hans og sé ósamboðið manni í prestsstarfi.

21. gr.

- Þjónandi djákni þjóðkirkjunnar er hver sá sem gegnir fastri djáknaþjónustu í kirkjunni samkvæmt vígslubréfi. Þjónandi djáknar þjóðkirkjunnar geta einnig starfað á vegum stofnunar eða félagasamtaka með samþykki biskups Íslands. Allir þjónandi djáknar lúta tilsjón biskups Íslands og ákvörðunum kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum eignum.
- Kirkjuþing setur nánari ákvæði í starfsreglur um ráðningu, störf og starfsskyldur djákna.

22. gr.

- Almenn skilyrði til að takast á hendur djáknaþjónustu eru þessi:
 1. Djáknánám frá Háskóla Íslands eða menntun sem metin verður jafngild því.
 2. Að umsækjandi hafi hlotið starfsþjálfun og annan undirbúning samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum frá kirkjuþingi.
 3. Að umsækjandi sé við upphaf starfa síns skráður í þjóðkirkjuna nema samkirkjulegar samþykktir heimili annað.
 4. Að umsækjandi sé lögráða og hafi til að bera nauðsynlegt heilbrigði, andlegt og líkamlegt, til að gegna starfanum.
 5. Að umsækjandi hafi ekki gerst sekur um athæfi sem ætla má að rýri álit hans og sé ósamboðið manni í djáknastarfi.

23. gr.

- Prófastar hafa tilsjón með kirkjulegu starfi í prófastsdæmum. Prófastar eru valdir úr hópi þjónandi presta þjóðkirkjunnar.
- Kirkjuráð getur falið próföstum að hafa forystu um tiltekna þætti kirkjulegrar þjónustu.
- Kirkjuþing setur starfsreglur um val prófaste og störf.

VII. kafli

Biskupsdæmið

24. gr.

- Ísland er eitt biskupsdæmi.

25. gr.

- Til að velja biskup Íslands fer fram biskupskjör samkvæmt starfsreglum sem kirkjuþing setur.
- Kjörgengur til biskupsembættis er hver sá guðfræðikandidat sem fullnægir skilyrðum til þess að gegna prestsþjónustu í þjóðkirkjunni.

- Biskup er kjörinn til sex ára. Heimilt er að biskup sitji tvö tímabil.
- Kjörstjórn gefur út kjörbréf biskups.
- Kirkjuþing setur nánari reglur um störf biskups og embætti hans.

26. gr.

- Biskup Íslands fer með yfirstjórn þjóðkirkjunnar ásamt öðrum kirkjulegum stjórnvöldum. Hann hefur ákvörðunarvald um einstök mál sem ekki heyra undir önnur stjórnvöld þjóðkirkjunnar.
- Biskup Íslands hefur aðsetur í Reykjavík og er Biskupsstofa embættisskrifstofa hans.

27. gr.

- Biskup Íslands hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og starfi hennar í landinu.
- Biskup Íslands skipar nefnd sér til ráðuneytis um helgisiði og kenningarleg málefni samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum frá kirkjuþingi.

28. gr.

- Biskup Íslands vígir presta og djákna, setur þeim vígslubréf, og skipar þá í embætti, sbr. 19.gr.
- Heimilt er biskupi að vígja presta og djákna sem hafa verið kallaðir til þjónustu af evangelísk lúterskum fríkirkjusöfnuðum í landinu enda liggi fyrir samkomulag um það milli biskups og safnaðarstjórnar.
- Biskup Íslands vígir kirkjur og vísiterar söfnuði.

29. gr.

- Vígslubiskupar skulu vera tveir hverju sinni.

30. gr.

- Vígslubiskupar annast þau verk sem biskup Íslands felur þeim.
- Kirkjuþing setur nánari reglur um starfs svið og umdæmi vígslubiskupa.

31. gr.

- Í forföllum biskups Íslands skal sá vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu gegna embætti hans um stundarsakir.
- Nú fellur biskup Íslands frá eða lætur af embætti og skal þá sá vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu gegna embætti hans þar til biskupskjör hefur farið fram og nýr biskup Íslands hefur fengið skipun í embætti sitt.
- Verði biskup Íslands vanhæfur til meðferðar einstaks máls sem undir hann ber að lögum skal sá vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu fara með málið. Eigi biskup Íslands sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta og þegar báðir vígslubiskuparnir eru vanhæfir til að leysa úr máli skal forseti kirkjuþings fela einhverjum þeim sem kjörgengur er til biskupsembættis til að sinna því.

VIII. kafli

Eignarréttur, fjármál þjóðkirkjunnar, launagreiðslur og réttarstaða starfsmanna.

32. gr.

- Kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, eru eign íslenska ríkisins samkvæmt samningum um kirkjueignir milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar. Andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð.
- Prestssetur, þ.e. prestssetursjarðir og prestsbústaðir, sem prestssetrasjóður tók við yfirstjórn á frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 1. janúar 1994 með síðari skjalfestum afhendingum frá ráðuneytinu, svo og prestsbústaðir, hús og aðrar eignir sem prestssetrasjóður hefur keypt, eru eign þjóðkirkjunnar með öllum réttindum, skyldum og kvöðum samkvæmt samningi um prestssetur milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar.
- Kirkjuþing setur nánari ákvæði um prestssetur og aðrar eignir í starfsreglur.

33. gr.

- Þær kirkjur og kirknaeignir í umsjá aðila innan þjóðkirkjunnar sem þinglýstar eignarheimildir ná ekki til skulu taldar eign þjóðkirkjunnar og viðkomandi sóknar nema sýnt sé fram á annað. Kirkjur og kirknaeignir verða ekki veðsettar eða af hendi látnar nema biskup Íslands, viðkomandi sókn og kirkjuþing samþykki.

34. gr.

- Íslenska ríkið greiðir þjóðkirkjunni árlegt framlag á grundvelli samninga um kirkjueignir og prestssetur milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar til viðbótar öðrum tekjustofnum hennar, lögbundnum sem ólögbundnum.

35. gr.

- Þjóðkirkjan fer með málefni Kristnisjóðs samkvæmt lögum um Kristnisjóð o.fl., kirkjumálasjóðs samkvæmt lögum um kirkjumálasjóð og Jöfnunarsjóð sókna samkvæmt II. kafla laga um sóknargjöld o.fl. Kirkjuþing setur nánari ákvæði um framkvæmd þessa í starfsreglur.

36. gr.

- Á grundvelli samkomulags milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar 10. janúar 1997 um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar og samnings sömu aðila 4. september 1998 um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófaste, rekstrarkostnað Biskupsstofu, framlag til kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar skal íslenska ríkið standa skil á launum biskups Íslands, vígslubiskupanna í Skálholti og á Hólum, 138 starfandi presta og prófaste þjóðkirkjunnar og 18 starfsmanna Biskupsstofu.
- Fjölgi þeim sem skráðir eru í þjóðkirkjuna um 5.000 miðað við þjóðskrá í árslok 1996 skal ríkið greiða laun eins prests til viðbótar því sem greinir í 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki þeim sem skráðir eru í þjóðkirkjuna um 5.000 miðað við þjóðskrá í árslok 1996 lækkar tala starfandi presta í 1. mgr. um einn. Sama á við um frekari fækkun.
- Fjölgi prestum um tíu, sbr. það sem greinir í 2. mgr., skal ríkið greiða laun eins starfsmanns

á Biskupsstofu til viðbótar því sem greinir í 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki prestum um tíu, sbr. það sem greinir í 2. mgr., lækkar tala starfsmanna á Biskupsstofu um einn. Sama á við um frekari fækkun.

- Um greiðslu launa til framangreindra starfsmanna þjóðkirkjunnar fer eftir lögum um kjararáð eða lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eftir því sem við getur átt.
- Launagreiðslur annarra starfsmanna þjóðkirkjunnar eru ríkinu óviðkomandi.

37. gr.

- Þeir starfsmenn þjóðkirkjunnar sem íslenska ríkinu er skylt að standa skil á launum vegna, sbr. 36. gr., njóta réttinda og bera skyldur sem opinberir starfsmenn eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, svo og öðrum lögum er kveða á um réttarstöðu opinberra starfsmanna.

IX. kafli

Gildistaka o.fl.

38. gr.

- Kirkjuþingi er heimilt að setja starfsreglur um önnur málefni þjóðkirkjunnar en lög þessi taka til enda sé þess gætt að þær séu ekki í andstöðu við önnur lög um trúarleg og kirkjuleg málefni.

39. gr.

- Lög þessi öðlast gildi xxxxx ?

40. gr.

- Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar með áorðnum breytingum, lög nr. 36/1931 um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra með áorðnum breytingum og lög nr. 9/1882 um leysing á sóknarbandi með áorðnum breytingum. Jafnframt breytast við gildistöku laganna eftirfarandi lagaákvæði:

23. gr. laga nr. 35/1970 um Kristnisjóð o.fl. með síðari breytingum orðast svo:

Þjóðkirkjan hefur á hendi umsjá og stjórn Kristnisjóðs. Kirkjuþing setur nánari reglur um framkvæmdina í starfsreglur. Reikningsleg endurskoðun skal framkvæmd af Ríkisendurskoðun.

2. gr. laga nr. 138/1993 um kirkjumálasjóð orðast svo:

Ríkissjóði ber að skila kirkjumálasjóði árlega af tekjuskatti gjaldi er nemur 14,3% af gjöldum sem renna til þjóðkirkjusafnaða samkvæmt lögum um sóknargjöld. Gjaldið greiðist mánaðarlega.

3. og 4. gr. laga nr. 138/1993 um kirkjumálasjóð falla brott.

5. gr. laga nr. 138/1993 um kirkjumálasjóð orðast svo:

Þjóðkirkjan hefur á hendi umsjá og stjórn kirkjumálasjóðs. Kirkjuþing setur nánari reglur um framkvæmdina í starfsreglur. Reikningsleg endurskoðun skal framkvæmd af Ríkisendurskoðun.

7. gr. laga nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. orðast svo:

Þjóðkirkjan hefur á hendi umsjá og stjórn Jöfnunarsjóðs sókna. Kirkjuþing setur nánari reglur um framkvæmdina í starfsreglur. Reikningsleg endurskoðun skal framkvæmd af Ríkisendurskoðun.

14. mál kirkjuþings 2013

Flutt af Þórunni Júlíusdóttur, Stefáni Magnússyni, Sigurði Árna Þórðarsyni,
Leifi R. Jónssyni og Ingu Rún Ólafsdóttur

**Þingsályktun um endurskoðun starfsreglna nr. 1109/2011
um val og veitingu prestsembætta**

Kirkjuþing 2013 ályktar að nefnd sú sem kosin var á kirkjuþingi 2012 til að endurskoða starfsreglur nr. 1109/2011 um val og veitingu prestsembætta starfi áfram og skili endanlegum tillögum til kirkjuþings 2014. Kirkjuþing mælist til þess að kirkjuráð veiti fjárheimild allt að kr. 500 þús. til nefndarstarfanna.

15. mál kirkjuþings 2013

Flutt af biskupi Íslands

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í allsherjarnefnd:

Þingsályktun um fræðslustefnu Þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing 2013 samþykkir eftirfarandi fræðslustefnu Þjóðkirkjunnar:

Fræðslustefna Þjóðkirkjunnar

I. kafli. Fræðsla frá vöggu til grafar.

Markmið fræðslustefnu Þjóðkirkjunnar er að stuðla að góðu og markvissu fræðslustarfi í söfnuðum landsins.

Skipulag fræðslunnar gengur að öllum jafnaði út frá sókninni sem grunneiningu og miðar við að allir geti nálgast fræðslu við sitt hæfi. Eðlilegt er að útfæra þetta markmið innan hvers prófastsdæmis í samræmi við aðstæður, svo sem mannfjölda, vegalengdir og samgöngur. Samstarfssvæði geta í mörgum tilfellum verið heppilegur vettvangur.

Mikilvægt er að auka fjölbreytni í framboði fræðsluefnis svo það sé sem mest í samræmi við þarfir og þroska fólks á öllum aldri. Sömuleiðis gefur fjölbreytilegt efnisval, þeim sem starfa við fræðsluna kost á því að laga hana að eigin styrkleikum.

Á fjögurra ára fresti er ákveðið viðfangsefni fræðslumála dregið sérstaklega fram og áhersla lögð á endurskoðun og endurbætur í öllum þáttum þess starfs. Fjárhagsáætlanir til efnisgerðar taki mið af þeirri stefnu.

Ferlingarfræðslan og markviss tengsl við fjölskyldur ferlingarbarna verður áhersluþáttur næstu fjögurra ára.

Fræðsla og námskeið fyrir leiðtoga um eðli og afleiðingar kynferðisbrota og þjálfun um æskileg viðbrögð þegar greint er frá kynferðisbroti. Sérstök áherslu verður einnig lögð á þetta atriði næstu fjögur árin.

Greinargerð.

Í yfirskrift fyrsta kafla í gildandi stefnu er aðeins ein setning: „Í hverri sókn landsins skal bjóða upp á fræðslu frá vöggu til grafar.“

Lagt er til að breyta þessu og nota fremur það orðalag sem fram kemur hér að ofan. Þar er meginhugsunin sú að setja ekki fram kröfu sem í mörgum tilfellum er ógerlegt að uppfylla og setja strax í upphafi þann tón að stefnan sé ætluð til stuðnings og leiðsagnar en ekki sem bindandi krafa. Áhersla sé lögð á fjölbreytni og möguleika á mismundandi leiðum að því marki að veita aðgang að fræðslu frá vöggu til grafar. Enn fremur er sérstaklega

bent á samstarfssvæði sem vænlega einingu í samræmi við aðrar samþykktir sem gerðar hafa verið í þá átt á undanförunum árum. Loks er hér lagt til að gert sé ráð fyrir einum ákveðnum áherslupætti sem unnið verði sérstaklega að næstu fjögur ár.

Fræðslustarfinu er skipt í tvo meginflokka:

Æskulýðsfræðsla

- 1) Barnastarf
- 2) Fermingarstarf
- 3) Starf með unglíngum og ungu fólki

Fullorðinsfræðsla

- 1) Foreldrafræðsla
- 2) Almenn fræðsla
- 3) Eldri borgara starf

Greinargerð

Gerð er tillaga að breytingu á flokkun. Æskulýðsnefnd Þjóðkirkjunnar hefur fyrir sitt leyti samþykkt og ákveðið að ganga út frá þeirri flokkun að skilgreina æskulýðsstarf sem starf með börnum og unglíngum. Í samræmi við það er æskulýðsfræðsla sá meginflokkur er hýsir starf með börnum unglíngum og ungu fólki. Seinni meginflokkurinn felur í sér það sem í boði er fyrir fullorðið fólk, hvort sem það er foreldrar eða ekki eða komið á efri ár.

A1 Barnastarf – börn, 12 ára og yngri

Markmið:

Í barnastarfi Þjóðkirkjunnar læri barnið að þekkja Guð og upplifa samfélag við hann í samræmi við þroska þess og aldur[3].

Verkefni:

6 ára börn og yngri: Sunnudagaskóli, þ.e. barnastarf sem hluti almennrar guðsþjónustu safnaðarins eða sér fræðsla. Áhersla skal lögð á upplifun og að kenna bænir og vers.

6-9 ára börn: „Hópastarf“ – þ.e. barnastarf sem hluti almennrar guðsþjónustu safnaðarins eða sér fræðsla. Áhersla skal lögð á fela börnunum hlutverk í starfinu.

10-12 ára starf (TTT): Hópa- eða klúbbastarf. Áhersla á aukið hlutverk barnanna og á að starfið sé aðdragandi fermingarinnar.

Barnakórar: Efla barnakóra sem mikilvæga leið í barnastarfi Þjóðkirkjunnar. Áhersla á að tengja kórastarf og hefðbundið barnastarf. .

A2 Fermingarstarf

Markmið:

Fermingarstarfinu er ætlað að styrkja trúarvitund barnanna, kenna þeim grundvallartriði kristinnar trúar, virkja þau í starfi kirkjunnar og vekja með þeim áhuga og jákvæða sýn á starf og tilvist kirkjunnar.

Mikilvægt að taka mið af misjafnri getu barna til lestrar og þess að leysa skrifleg verkefni. Enginn ætti að þurfa að þola niðurlægingu vegna skorts á getu í samhengi kristinnar fermingarfræðslu.

Fjölbreytt námsefni og breidd í kennsluháttum.

Virkja fjölskyldu fermingar barnsins til þátttöku og samstarfs.

Greinargerð.

Almennt viðhorf fræðslustefnunnar var að mikilvægt væri að taka fermingarfræðsluna sérstaklega fyrir. Brýnt að vanda þar svo vel til verka sem kostur er. Reynsla nágrannaþjóða sýnir að hlutfall þeirra sem vilja fermast á kristnum forsendum getur fallið á stuttum tíma. Enn sem komið er hefur það ekki gerst hér á landi en þó gætir tilhneigingar í þá átt. Mikilvægt er að líta ekki á fermingarfræðsluna á sama hátt og hefðbundið skólustarf. Kirkjan fær aðgang að börnunum í takmarkaðan tíma og mikilvægt að nota þann tíma vel, ekki einungis til að fræða um tiltekna þætti heldur ekki síður að skapa jákvæða sýn á það starf sem unnið er í kirkjunni og það hlutverk sem köllun hennar er að rækja. Án þess að gert sé lítið úr hlutverki fræðslunnar þá er kannski enn mikilvægara markmið að sérhvert fermingar barn taki með sér góða minningu um áhugavert og gefandi starf og jákvæða mynd af þeim sem það starf leiddu. Gjarnan fer það svo að þarna mótast sú mynd sem viðkomandi einstaklingur gerir sér af kirkjunni í heild.

Verkefni:

Fermingarfræðslu fylgt eftir samkvæmt námsskrá

Þróa ítarefni og ólíkar aðferðir í fermingarfræðslu

Auka samstarf við foreldra

Fylgja fermingarstarfinu eftir með samskiptum og samveru.

A3 Unglingastarf – unglingar og ungt fólk

Markmið:

Starf Þjóðkirkjunnar meðal unglinga og ungs fólks miðar að því að efla þau og styðja og stuðla þannig að jákvæðri lífssýn og sterkri sjálfsmynd í trú á Guð. Jafnframt að ala upp framtíðarleiðtoga í kirkjulegu starfi.

Skapa raunhæfan valkost til þátttöku í kirkjulegu starfi eftir fermingu.

Verkefni:

Stuðla að samfélagi fyrir unglinga í kirkjunni s.s. með æskulýðsfélagi

Vera vettvangur fyrir tilvistarspurningar

Miðla kristnum lífsgildum

Stuðla að trúariðkun og helgihaldi á forsendum unglinga

Búa ungt fólk undir virka þátttöku í safnaðarstarfi

Efla unglingakóra sem leið í unglingastarfi Þjóðkirkjunnar.

Efla ber svo sem kostur er farskóla leiðtogaefna.

Tilboði kirkjunnar um námskeið í lífsleikni í framhaldsskólum verði viðhaldið og endurbætt.

Greinargerð.

Farskóli leiðtogaefna er eitt dýrmætasta verkfæri sem fundist hefur lengi til að styrkja og efla ungt fólk til að takast á hendur ábyrgðarhlutverk í æskulýðs og unglingastarfi. Mikilvægt er að tryggja þessu starfi nauðsynlegan rekstrargrundvöll. Sömuleiðis hefur tilboð kirkjunnar um aðkomu að lífsleikninámskeiði framhaldsskólanna verið mikilvægt tækifæri til að ná sambandi við þennan hóp ungs fólks sem gjarnan er móttækilegur fyrir neikvæðum áróðri í garð kirkju og trúar.

B1. Foreldrafræðsla

Markmið:

Þjóðkirkjan styðji foreldra í uppeldishlutverki sínu hvarvetna þar sem kirkjan og foreldrar mætast.

Verkefni:

Skírn undirbúin með viðtölum við foreldra og því fylgt eftir í kirkjulegu starfi

Stuðningur við uppeldi á heimilum, með fræðsluefni af ýmsum toga. Dæmi: DVD diskar, litlir bæklingar, netefni.

Samverur í kirkjum eða safnaðarheimilum. Svo sem eins og foreldramorgnar, krílasálmar. Námskeið þar sem veitt er fræðsla um ýmsar aðstæður er tengjast uppeldi. Og aðstæður fólks með börn á framfæri.

Í tengslum við barna- og æskulýðsstarf skal bjóða foreldrum fræðslu um uppeldi og trú og mikilvæg lífsgildi, t.d. með átaksverkefninu „verndum bernskuna!“[2]

Virkja foreldra í barna- og æskulýðsstarfi

B2 Almenn fræðsla

Markmið:

Fræðsla fullorðinna hjálpi fólki að iðka kristna trú á gefandi hátt, vaxa í tilbeiðslu og takast á við verkefni lífsins. Ennfremur að hvetja fólk til að taka að sér verkefni og axla ábyrgð á vettvangi Þjóðkirkjunnar.

Verkefni:

1. Almenn safnaðarfræðsla

a) Trúfræðsla

Námskeið um höfuðatriði kristindómsins

Biblíufræðsla

Fræðsla um aðra kristna söfnuði

Trúarbragðafræðsla

b) Kirkjufræðsla

Skipulag kirkjunnar

Kirkjustarf, söngur, tilbeiðsla

Kærleikspjónusta – hjálparstarf

Fræðsla fyrir kirkjukóra

2. Vöxtur og þroski einstaklinga og fjölskyldna

Viðtöl við verðandi hjón (hjá prest)í

Námskeið fyrir verðandi hjón og ung hjón

Námskeið fyrir „þroskuð“ hjón, á ýmsum lífsskeiðum

Hópastarf og sálgæsla fyrir fráskilið fólk

Sjálfsstyrking kvenna/karla- hópastarf

Tólf spora vinna

Sorgarhópar

Ýmis námskeið

B3 Fræðsluefni fyrir eldri borgara

Það sem almennt kallast eldri borgarar í dag er vaxandi hópur. Gróflega mætti skipta honum í tvennt: þ.e. fólk sem ekki stundar lengur fasta vinnu en er við góða heilsu oft fjárhagslega sjálfstætt og hefur löngun til að fræðast og láta gott af sér leiða.

Seinni hópurinn er fólk sem býr við margvíslega hömlun af völdum hrörnunar og sjúkdóma, er gjarnan tengist hækkuðum lífaldri. Þar er minni þörf og eftirspurn eftir beinni fræðslu en frekar eftir helgihaldi og samverum.

Greinargerð.

Mikið starf hefur nú þegar verið unnið í því að draga saman efni sem að gagni má koma í starfi með eldri borgurum. Þessi kafli er því fremur staðfesting á því sem þegar er orðið að veruleika. Ennfremur til að árétta mikilvægi þessa aldurshóps í starfi kirkjunnar hvort heldur sem er í helgihaldi námskeiðum eða sjálfboðnu starfi.

II. Kafli: Starfsmannaþjálfun

Markmið:

Að allir sem koma til starfa eða þjónustu á vettvangi þjóðkirkjunnar fái viðeigandi fræðslu og þjálfun.

Sérmenntað starfsfólk innan kirkjunnar eigi reglulega kost á sí og endurmenntun til að efla og viðhalda starfshæfni og verjast kulnun í starfi.

Að öllum er sinna sjálfboðnu starfi innan kirkjunnar sé boðið (sé gert) að sækja námskeið er eflir þau í hlutverki sínu og veiti fræðslu um grundvöll og starfsemi kirkjunnar.

Greinargerð.

Helsta breyting sem taka verður mið af í þessu tilviki er tvenns konar. Auknar kröfur til allra þeirra er koma að starfi með börnum og unglingum.

Sömuleiðis það stóra mál er varðar námsframboð Háskóla Íslands í fögum er tengjast prestsstarfinu beinlínis.

Verkefni:

Starfsfólki þjóðkirkjunnar, launuðu sem ólaunuðu, sé boðið upp á grunnfræðslu um kristna trú og miðlun hennar, svo og mannleg samskipti og um sálgæslu. Námskeið séu lögð að hlutverki ólíkra starfshópa.

Guðfræði- og djáknanemum sé tryggð þjálfun í safnaðarstarfi.

Í ljósi breytinga á háskólamenntun í guðfræði er brýnt að byggja upp nám á forsendum kirkjunnar er lúta að siðum hennar og starfsháttum.

Símenntun starfsfólks í samvinnu við guðfræðideild H.Í., Skálholtsskóla og aðrar menntastofnanir.

Fræðsla um eðli og afleiðingar kynferðisbrota og þjálfun um æskileg viðbrögð þegar greint er frá kynferðisbroti. Sérstök áherslu verður lögð á þetta atriði næstu fjögur árin. Námskeið fyrir fólk í sóknarnefndum.

Sérstök námskeið fyrir starfsfólk, s.s. meðhjálpara/kirkjuverði/tónlistarfólk.

Áætlun um eflingu sjálfboðaliðastarfs innan þjóðkirkjunnar.

III. Kafli: Kirkja og stofnanir samfélagsins.

Markmið:

Kirkjan vill eiga jákvætt samstarf við allar helstu lykilstofnanir samfélagsins. Láta í té og styðja gerð fræðsluefnis er tengist kristinni trú og hentað getur í hverju tilviki og hverjum aðstæðum.

Verkefni:

- Í hverri kirkju þarf að vera til fræðsluefni um kirkjuna, sögu hennar og þá muni og tákni sem þar ber fyrir augu. Efni þetta væri fyrst og fremst hugsað til nota við heimsóknir nemenda í kirkjuna, markmið þess að börnin læri að þekkja sína heimakirkju og þá sögu sem henni tengist.
- Koma að gerð námsefnis er hentar til fræðslu um kristna trú í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum.
- Þjóða fyrirtækjum og stofnunum námskeið um samskipti og virðingu byggða á kristinni siðfræði.

Greinargerð.

Í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á undanförunum árum í samskiptum skóla og kirkju er hér lagt til að þessi kafli hafi aðra yfirskrift og fremur sé höfðað til víðara samhengis um samstarf við sem flestar stofnanir og félög samfélagsins. Tilboð kirkjunnar áréttað um samstarf og faglegt framlag þar sem þess er óskað.

Sóknir og stofnanir þjóðkirkjunnar eigi samstarf við leikskóla/skóla um heimsóknir og fræðslu, sálgæslu, áfallahjálp og kærleikspjónustu.

Þjónusta í kringum hátíðir kirkjuársins

Gerð ítarefnis um kristinfræði og trúarbragðafræði, t.d. um kirkjulegar athafnir

Fræðsla og fyrirlestrar hjá foreldrafélögum, m.a. um áföll og gildismat

Sjálfstyrking fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla

Lífsleikni fyrir framhaldsskóla þar sem áhersla er á tilvistarspurningar, Þjálfala leiðtoga og endurskoða námsefni.

IV. Kafli: Skipulag fræðslumála þjóðkirkjunnar

a. Heimilið og kirkjan

Foreldrar og heimili bera frumábyrgð á uppfræðslu barna sinna, fræðslu hinna skírðu. Sóknin styður og hvetur foreldra og heimili við það uppeldi.

Sóknin er grunneining hins skipulega fræðslustarfs kirkjunnar. Allar sóknir styðji foreldra og heimili við uppeldishlutverk sitt.

b. Sóknin- prestakallið- samstarfssvæðin

Sóknin er grunneining safnaðarstarfs og að jafnaði er gert ráð fyrir því að grunnþjónusta kirkjunnar sé í boði í hverri sókn. Þar sem prestakall er samsett úr fleiri en einni sókn gengur skipulag starfsins út frá þeirri einingu. Enn fremur er eðlilegt að samstarfssvæði leggi krafta sína saman og eigi samstarf um þá fræðslu sem hagkvæmt þykir að bjóða fram í stærra samhengi.

c. Hlutverk prófastsdæma

Innan hvers prófastsdæmis er sett saman áætlun um fræðslumál. Skilgreint hvað gert er í hverri sókn eða prestakalli, hvað innan samstarfssvæðis og hvað á vettvangi prófastsdæmisins í heild.

Prófastsdæmi sinni sérstökum verkefnum í unglिंगastarfi svo sem lífsleikni í framhaldsskólum, eftir því sem aðstæður leyfa.

Á vegum prófastsdæmis sé starfrækt fræðsla meðal fullorðinna í samvinnu við fræðslusvið Biskupsstofu þar sem sókn eða prestakall hafa ekki bolmagn til þess.

Í prófastsdæmum sé boðið upp á starfsmannaþjálfun svo og námskeið fyrir kennara og annað starfsfólk í fræðslu og uppeldismálum, í samvinnu við fræðslusvið Biskupsstofu.

Greinargerð: hér er reynt að skerpa á þeirri sýn að innan hvers prófastsdæmis sé ákveðin heildarsýn sett fram í samræmi við aðstæður og mögulegan mannafla.

d. Fræðslusvæði - fræðslufulltrúar

Prófastsdæmi geta myndað fræðslusvæði til að sinna fræðsluhlutverki sínu.

Innan hvers prófastsdæmis eða fræðslusvæðis sé fræðslufulltrúi sem annist fræðsluna undir umsjón prófasts og í samvinnu við fræðslusvið Biskupsstofu.

e. Kirkjumiðstöðvar

Þar sem starfsráttar eru kirkjumiðstöðvar geta þær með samþykki héraðsfunda og eða sókna tekið að sér einstaka fræðsluverkefni svo sem barnastarf á sumrin, skipuleggja fermingarbarnamót og fræðslu fullorðinna á svæðinu.

Í Skálholti verði hugað að uppbyggingu miðstöðvar fyrir fræðslu og þjálfun starfsfólks, hagnýtt nám djákna- og guðfræðinema, og símenntun presta og djákna, allt eins og við verður komið.

f. Fræðslusvið Biskupsstofu - fræðsluþing

Fræðslusvið Biskupsstofu hefur það hlutverk að fylgja eftir fræðslustefnu Þjóðkirkjunnar í umboði biskups Íslands.

Fræðslusvið Biskupsstofu skiptist í eftirfarandi fimm megin ábyrgðarsvið:

- Barnafræðslu – foreldrafræðslu
- Fermingarfræðslu
- Unglingastarf - fræðslu fyrir unglिंगa og ungt fólk
- Fræðslu fullorðinna (Leikmannaskólinn)
- Starfsmannaþjálfun kirkjunnar
- Efnisgerð, menntun leiðtoga og starfsfólks Þjóðkirkjunnar verði fyrst og fremst á ábyrgð fræðslusviðs Biskupsstofu.

Á vegum fræðsluviðs er reglulega boðið til funda þar sem lagt er mat á fræðslustarfið á viðkomandi svæði.

Á fjögurra ára fresti skal boða til fræðsluþings kirkjunnar, þar sem lagt skal mat á fræðslustefnu Þjóðkirkjunnar innihald og framkvæmd, hvern þátt þess, svo og á það starf sem unnið er í einstaka starfseiningum kirkjunnar er sinna fræðslustarfi.

V. Kafli: Gildistaka

Endurskoðuð fræðslustefna þjóðkirkjunnar taki gildi 1. janúar 2014.

Greinargerð.

Samkvæmt ákvörðun Biskups Íslands var boðað til fræðsluþings dagana 23. og 24. maí 2013. Samkvæmt gildandi fræðslustefnu sem tók gildi 1. júlí 2005 átti að endurskoða stefnuna á fjögurra ára fresti. Það hefur ekki verið gert fyrr en nú. Ekki er kveðið á um það í fræðslustefnunni hvernig eigi að manna eða skipa fulltrúa á fræðsluþing. Nauðsynlegt er að kveða á um slíkt í endurskoðaðri stefnu. Það varð því verkefni fræðsludeildar biskupsstofu að setja fram tillögu að vinnulagi. Óskað var eftir tilnefningum af hálfu prófastsdæmanna, einn fulltrúa af hálfu landsbyggðarprófastsdæmanna sex og tvo fulltrúa af hálfu þriggja fjölmennustu prófastsdæmanna á höfuðborgarsvæðinu og þar í kring. Samtals 12 fulltrúa. Lagt var til að skipta þinginu á tvo daga annars vegar að boða til opinna umræðu þar sem öllu þjóðkirkjufólki var frjálst að koma og tjá sig ásamt hinum tilnefndu fulltrúum og starfsfólki fræðsludeildar biskupsstofu en síðan seinni daginn komu einungis hinir tilnefndu fulltrúar saman og leituðust við að vinna úr gögnum og hugmyndum og skerpa sýn á það sem þyrfti að breyta.

Drög að endurskoðun var síðan send fulltrúum til yfirferðar og viðbragða. Í ljósi skýrslu úrbótanefndar kirkjuþings frá 2012, leggur biskup það til að áhersla verði lögð á fræðslu fyrir leiðtoga um eðli og afleiðingar kynferðisbrota og þjálfun um æskileg viðbrögð þegar greint er frá kynferðisbroti. Áhersla verði lögð á þetta atriði næstu fjögur árin.

Biskup og starfsfólk Þjónustusviðs unnu endanleg drög að endurskoðaðri fræðslustefnu sem nú liggur fyrir kirkjuþingi.

16. mál kirkjuþings 2013
Flutt af kirkjuráði

Þingsályktun um samkirkjunefnd

Kirkjuþing 2013 samþykkir að skipaður verði þrjú manna starfshópur til að fara yfir núgildandi starfsreglur um Samkirkjunefnd þjóðkirkjunnar nr. 1006/2005. Starfshópurinn skili skýrslu og tillögum sínum í til kirkjuráðs/biskups í september nk. sem leggur þær fyrir kirkjuþing 2014.

17. mál kirkjuþings 2013

Flutt af Katrínu Ásgrímsdóttur og Solveigu Láru Guðmundsdóttur

Þingsályktun um kyrrðarstarf

Kirkjuþing 2013 samþykkir að skipa 3ja manna nefnd sem skuli gera tillögur til biskups um eflingu kyrrðarstarfs.

18. mál kirkjuþings 2013
Flutt af kirkjuráði

Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna

Kirkjuþing 2013 heimilar sölu eftirtalinna fasteigna í eigu kirkjumálasjóðs:

Suðurprófastsdæmi

1. Jörðin Kálfafellsstaður, Sveitarfélaginu Hornafirði
2. Jörðin Holt undir Eyjafjöllum, Rangárþingi eystra
3. Jörðin Mosfell í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi
4. Brattahlíð 5, Hveragerði, Hveragerðisbæ
5. Túngata 20, Eyrarbakka, Árborg
6. Háaleiti, Þorlákshöfn, Ölfus
7. Jörðin Hraungerði og Voli, Flóahreppi

Kjalarnesprófastsdæmi

8. Ránargata 1, Grindavík
9. Keilisbraut 775 (Kapella ljóssins), Reykjanesbæ
10. Skagabraut 30, sveitarfélaginu Garði
11. Mosfell I, (íbúðarhús ásamt leigulóð) Mosfellsbæ
12. Tvær lóðir úr Mosfelli II, (Dalsgarður og Víðigerði) Mosfellsbæ

Vesturlandsprófastsdæmi

13. Laugarbraut 3, Akraneskaupstað
14. Staðarhóll, Hvanneyri, Borgarbyggð

Vestfjarðaprófastsdæmi

15. Spilda úr prestssetrinu á Reykhólum
16. Bakkatún 1, Bíldudal
17. Miðtún 12, Ísafirði, Ísafjarðarbæ
18. Jörðin Árnes I, Árneshreppi

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

19. Barmahlíð 7, Sauðárkróki
20. Eldri prestsbústaður í Glaumbæ í Skagafirði

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

21. Austurvegur 9, Hrísey, Akureyri

Austurlandsprófastsdæmi

22. Hraungarður 8, Eiðum,

23. Kolfreyjustaður, Fjarðabyggð

Reykjavíkprófastsdæmi vestra

24. Laugavegur 31, Reykjavík

Heimildarákvæði um sölu fasteigna gilda fram að kirkjuþingi 2014.

19. mál kirkjuþings 2013

Tillaga til þingsályktunar um miðaldadómkirkju í Skálholti

Málið var ekki flutt á kirkjuþingi 2013.

20. mál kirkjuþings 2013

Flutt af Magnúsi E. Kristjánssyni, Ingu Rún Ólafsdóttur, Stefáni Magnússyni

**Tillaga að starfsreglum um brotfall
starfsreglna um þjóðmálanefnd nr. 1028/2007**

1. gr.

Starfsreglur um þjóðmálanefnd nr. 1028/2007 falla brott.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast þegar gildi.

Málið fékk ekki framgang á kirkjuþingi.

21. mál kirkjuþings 2013

Flutt af Magnúsi E. Kristjánssyni, Ingu Rún Ólafsdóttur, Stefáni Magnússyni

Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009

1. gr.

2. ml. 2. mgr. 1. gr. orðist svo:

Heimilt er að gera allt að sex mánaða hlé á þingfundum milli umræðna eða áður en síðari umræðu um þingmál lýkur.

2. gr.

13. gr. orðist svo:

Þingmál skulu almennt hafa borist forseta kirkjuþings fjórum vikum fyrir upphaf þings.

Þó er nægilegt að skýrslur kirkjuráðs, þjóðmálanefndar og um fjármál þjóðkirkjunnar berist forseta þremur vikum fyrir upphaf þings.

Ef kirkjuþingi er frestað um meira en einn mánuð er einnig heimilt að leggja fram ný þingmál fjórum vikum fyrir þann tíma að kirkjuþing, sem frestað hefur verið samkvæmt heimild í 1. gr., kemur saman að nýju. Einungis verða lögð fram þingmál skv. þessari málgrein sem eiga rót að rekja til samþykktar á fundum kirkjuþings þess sem frestað var og telja má í rökréttu og eðlilegu samhengi við samþykktir þess þings. Að öðru leyti fer um framlagningu, kynningu og málsmeðferð samkvæmt því er greinir í starfsreglum þessum um þingmál kirkjuþings.

Forsætisnefnd getur veitt undanþágu frá greindum tímamörkum ef sérstök rök mæla með því.

3. gr.

1. mgr. 14. gr. orðist svo:

Kirkjuþingsmenn geta boðað til sérstaks þingmálafundar í kjördæmum sínum til kynningar á þingmálum sem þeir hyggjast flytja, áður en málið er sent forseta, sbr. 1. mgr. 13. gr. Aðrir sem hafa tillögurétt og málfrelsi á kirkjuþingi, skulu eiga þess kost að mæta á þá fundi og kynna mál ef þeir óska þess. Kirkjumálasjóður greiðir hóflegan kostnað við fundaraðstöðu.

4. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott ákvæði til bráðabirgða frá sama tíma.

22. mál kirkjuþings 2013

Flutt af Margréti Jónsdóttur og Þórunni Júlíusdóttur

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um
þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009**

1. gr.

22. gr. hljóði svo:

Skylt er kirkjuþingsmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni eða leyfi forseta komi til. Í forföllum kirkjuþingsmanns skal ávallt kalla til varamann hans, hafi tilkynning um forföll borist skriflega til forseta eigi síðar en einni viku fyrir boðaðan þingfund.

23. mál kirkjuþings 2013

Flutt af Þóru Björgu Sigurðardóttur f.h. kirkjuþings unga fólksins

Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins nr. 952/2009

1. gr.

1. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Biskup Íslands boðar til kirkjuþings unga fólksins í samráði við forseta kirkjuþings. Þingið skal haldið á laugardegi á hverju vori. Þingmál skulu hafa borist þingfulltrúum a.m.k. fimm virkum dögum fyrir þingdag.

2. gr.

3. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Biskupsstofa annast undirbúning kirkjuþings unga fólksins í samvinnu við stjórn Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar sem kýs verkefnisstjóra til að annast framkvæmd þingsins.

3. gr.

4. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Á kirkjuþingi unga fólksins eiga sæti fulltrúar prófastsdæmanna og KFUM og KFUK með málfrelsi, tillögurétti og atkvæðisrétti, alls 29 fulltrúar. Fulltrúarnir skulu vera á aldrinum 14 til 30 ára og skráðir í þjóðkirkjuna.

Prófastar bera ábyrgð á tilnefningum og vali fulltrúa til kirkjuþings unga fólksins í samráði við sóknarpresta, presta, djákna, æskulýðsfulltrúa og aðra sem bera ábyrgð á kirkjustarfi í hverju prófastdæmi. Hafa allir fyrrnefndir aðilar rétt til að tilnefna fulltrúa á kirkjuþing unga fólksins og ber því að senda öllum fyrrnefndum bréf frá biskupi þegar boðið er til Kirkjuþings unga fólksins til að allir aðilar séu upplýstir um stöðuna. Það er í höndum prófasts að velja úr tilnefndum ungmennum og tilkynna valda fulltrúa til verkefnisstjóra Kirkjuþings unga fólksins.

Komi ekki tilnefningar úr héraði a.m.k. sex vikum fyrir þingdag frá próföstum skal vísa tilnefningunum til verkefnisstjóra Kirkjuþings unga fólksins.

Skulu fulltrúar Kirkjuþings unga fólksins vera valdir til tveggja ára. Geti fulltrúi ekki komist á kirkjuþing unga fólksins af einhverjum orsökum skal nýr fulltrúi (varamaður) vera valinn í hans stað sem hefur þá seturétt til tveggja ára.

Boða skal til kirkjuþings unga fólksins í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir upphaf kirkjuþings. Verkefnisstjóra Kirkjuþings unga fólksins ber að tilkynna völdum þingfulltrúum um rétt sinn til setu á kirkjuþingi unga fólksins 4 vikum fyrir þingdag.

4. gr.

7. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Kirkjuþing unga fólksins starfar á boðuðum þingfundum og í þremur þingnefndum. Í upphafi þingsins skulu lögð fram mál sem fjalla á um á þinginu. Fulltrúum ber að skila inn þingmálum til verkefnisstjóra Kirkjuþings unga fólksins og biskupsstofu a.m.k. tíu dögum fyrir upphaf þings. Þessum aðilum ber að koma málunum fullunnum til þingmanna ekki síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf þingsins.

Eftir fyrri umræðu skal málinu vísað til nefndar. Forseti og varaforsetar skipa fulltrúa í nefndinar svo og formenn þeirra. Formaður nefndar ber ábyrgð á skipulagningu nefndarstarfsins og getur kallað til utanaðkomandi aðila inn á nefndarfund. Formaður kynnir á þingfundi niðurstöðu nefndar. Mál eru samþykkt með handauppréttingu eða skriflegri atkvæðagreiðslu ef einhver óskar þess og dugir einfaldur meirihluti. Ályktanir og samþykktir kirkjuþings unga fólksins skulu sendar kirkjuráði til umfjöllunar og meðferðar.

5. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2014.

24. mál kirkjuþings 2013
Flutt af biskupi Íslands

Þingsályktun um breytingu á siðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing 2013 samþykkir að við siðareglur vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar, sem samþykktar voru á kirkjuþingi 2009, bætist eftirfarandi ákvæði:

Hver sá sem telur að vígður þjónn eða annar starfsmaður þjóðkirkjunnar hafi brotið framangreindarsiðareglur getur leitað til biskups Íslands eða kært eftir atvikum.

Ákvæðinu skal skeytt inn í texta siðareglanna fremst í þann kafla, er ber heitið Almenn ákvæði.

25. mál kirkjuþings 2013
Flutt af Gísla Gunnarssyni

Þingsályktun um prestþjónustu fyrir Íslendinga í Danmörku og Svíþjóð

Kirkjuþing 2013 samþykkir að stofnuð verði þriggja manna nefnd til að afla tengsla og upplýsinga um hvernig megi efla kirkjustarf og auka prestþjónustu fyrir Íslendinga í Danmörku og í Svíþjóð. Nefndin verði skipuð af kirkjuráði og skili tillögum til kirkjuráðs í janúar svo hægt verði að leggja þær fyrir vorfund kirkjuþings 2014.

26. mál kirkjuþings 2013

Flutt af Steindóri Haraldssyni og Birgi Rafni Styrmissyni

Tillaga til þingsályktunar um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa

Kirkjuþing 2013 ályktar að nefnd sú sem kosin var á kirkjuþingi 2012 til að endurskoða starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa starfi áfram og skili tillögum til kirkjuþings að vori 2013.

Greinargerð.

Á 49. kirkjuþingi 2012 var kjörin nefnd til að endurskoða starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa.

Í nefndina voru kjörin sr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, og kirkjuþingsmennirnir Margrét Björnsdóttir, Pétur Björgvin Þorsteinsson og Steindór Haraldsson. Pétur Björgvin lét af störfum og flutti utan á tímabilinu, í hans stað var kjörinn Birgir Rafn Styrmisson kirkjuþingsmaður. Margrét Björnsdóttir sagði sig úr nefndinni í októbermánuði 2013 og voru ekki tók á að kjósa annan fulltrúa í hennar stað.

Nefndin hefur ekki lokið við endurskoðun starfsreglnanna en leggur hér fram til umræðu eftirfarandi fjóra meginþætti sem nefndin er sammála um að beri að hafa í huga við endurskoðun starfsreglna um kjör biskups Íslands og vígslubiskupa:

1. Mikilvægi þess að tryggja gegnsæi og lýðræðislegt fyrirkomulag í biskupskosningum.
 - a) Semja þarf siðareglur um kosningar innan þjóðkirkjunnar
2. Jafna vægi atkvæða.

Tillögur um hvernig jafna megi atkvæðavægi

- a) Binda ákveðinn fjölda kjörmanna við hvert prófastsdæmi.

Til er reiknilíkan (sjá fylgiskjal) til að velja á kirkjuþing sem gengur út frá núverandi prófastsdæmaskipan. Þetta er reikniregla sem búið er að samþykkja.
 - b) Binda atkvæðafjölda við prestaköll. Meginregla: Eitt prestakall hefur eitt atkvæði fyrir hvern starfandi prest. Að auki hefur hvert prestakall atkvæði leikmanns, hér kallað „kjörmannaatkvæði“, sem fjölgar eftir stærð. Er þá miðað við fjölda sóknarbarna. Ákveða þarf fjölda sóknarbarna á bak við hvern kjörmann. 2000, 3000 eða 4000 sóknarbörn (sjá fylgiskjal).
 - c) Halda núverandi kerfi, þ.e. að hver sókn hafi atkvæði, en fjölga í stærri sóknum.
3. Biskupskandidatar þurfi tilnefningu kjörmanna. Lagt er til að tilnefningin sé 5% kjörmanna, þar af minnst 10 vígðir og 10 leikmenn.
 - a) Tryggja verður að biskupskandidatar hafi bakland í þjóðkirkjunni.
 4. Nefndin leggur til að fjöldi kjörmanna verði um 600.
 - a) Með þessum fjölda kjörmanna ætti að vera tryggt að allir sóknarnefndarformenn geti haldið nýfengnum kosningarétti sínum.

Málið var dregið til baka

27. mál kirkjuþings 2013
Flutt af Steindóri Haraldssyni

Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um um presta nr. 1110/2011

1.gr. starfsreglnanna hljóði svo:

Almennt

1. gr.

- a) Prestsembættið skiptist í starf sóknarprests, héraðsprests, sérþjónustuprests og prests. Sú skipting er byggð á lögum og starfsreglum kirkjunnar og varðar starfssvið og ábyrgð einungis.
- b) Starf sóknarprest skal að öllu jöfnu vera fullt 100% starf. Gera má undantekningu á þessari reglu ef um afleysingu sóknarprests, allt að þrem mánuðum, er að ræða.

Athugasemdir við tillögu þessa:

Staða sókna um landið er mjög ólík, að stærð og gerð. Samkvæmt núverandi skipan er sóknin grunneining þjóðkirkjunnar og hornsteinn hennar. Þessi tillaga er sett fram til að standa vörð um þessa undirstöðu. Tilhneiging er í þá átt að skera niður allt sem hönd á festir. Það er hins vegar ekki gott ef molað er úr undirstöðunni. Hætta er á að ef starf sóknarprests verður gert að hlutastarfi muni safnaðarstarfið, sem við þekkjum í dag, breytast verulega. Fólk sem býr við þær aðstæður mun ekki sjá ástæðu til að vera skráð í þjóðkirkjuna. Líkleg þróun hjá sókn sem hefur sóknarprest í hlutastarfi er að hún fái ekki prestinn til að setjast að í sókninni. Sú safnaðarskipan í dreifbýlinu sem við þekkjum í dag er að sóknarprestur búi á meðal sóknarbarna sinna.

Málið var dregið til baka

28. mál kirkjuþings 2013
Flutt af Steindóri Haraldssyni

Þingsályktun um auglýsingar prestsembætta

Kirkjuþing 2013 samþykkir að vísa málinu til kirkjuráðs.

Tillaga til þingsályktunar um auglýsingar prestsembætta

Kirkjuþing 2013 ályktar að leggja til við biskup Íslands að embætti presta verði að jafnaði auglýst laus til umsóknar 1. mars og valnefndir ljúki vali fyrir 1. maí. Prestar taki við embætti sínu 1. ágúst.

Þau embætti sem þannig verða laus má ýmist auglýsa 15. maí og búa svo um að niðurstaða valnefndar verði kunn 15. júlí hið síðasta eða auglýsa þau laus til afleysingar, þar til auglýst verður 1. mars.

29. mál kirkjuþings 2013
Flutt af Steindóri Haraldssyni

**Þingsályktun um skipun starfshóps
til að vinna að stefnumótun um stjórnslu þjóðkirkjunnar**

Kirkjuþing 2013 samþykkir að skipa þriggja manna starfshóp til að vinna að stefnumótun á stjórnslu þjóðkirkjunnar.

Niðurstöður verði lagðar fyrir 51. kirkjuþing haustið 2014 að því gefnu að fjármagn fáiist í verkið.

30. mál kirkjuþings 2013

Flutt af Birgi Rafni Styrmissyni, Birnu Guðrúnu Konráðsdóttur, Bjarna Kr. Grímssyni, Dagnýju Höllu Tómasdóttur, Agli H. Gíslasyni, Ingu Rún Ólafsdóttur, Marinó Bjarnasyni, Margréti Jónsdóttur, Ragnheiði Magnúsdóttur, Stefáni Magnússyni, Steindóri R. Haraldssyni og Þórunni Júlíusdóttur

Þingsályktun um skipan nefndar til að vinna tillögur um fjármál og rekstur

Kirkjuþing 2013 samþykkir að skipa þriggja manna vinnuhóp er meti árangur og leiti nýrra leiða til þess að ná jafnvægi í fjármálum þjóðkirkjunnar. Niðurstöður hópsins verða lagðar fyrir kirkjuráð sem leggur á það endanlegt mat hvort þeim verði fylgt að fengnu samþykki kirkjuþings á vorþingi 2014.

Kirkjuráð veitir nefndinni alla þjónustu og fjármuni til þess að sinna starfi sínu.

31. mál kirkjuþings 2013

Flutt af Ragnheiði Ástu Magnúsdóttur og Skúla S. Ólafssyni

Þingsályktun um mótun gæðastefnu þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing 2013 samþykkir að fela kirkjuráði að sjá til þess að mótuð verði gæðastefna þjóðkirkjunnar og að unnið verði samkvæmt henni.

Þingsályktun um viðaukasamning við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997

Kirkjuþing samþykkir viðaukasamning frá 1. janúar 2014 við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997. Jafnframt samþykkir kirkjuþing 2013 nauðsynlegar breytingar á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 til að viðaukasamningurinn nái fram að ganga. Þær breytingar gildi sama tíma og viðaukasamningurinn.

Viðaukasamningur

um tímabundna breytingu á fjárframlögum frá ríkinu samkvæmt samkomulagi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997, sbr. 60. gr. laga nr. 78/1997.

1. gr.

Við hrun fjármálakerfisins í október 2008 komust fjármál ríkisins í uppnám. Tekjur ríkisins hafa síðan dregist verulega saman og útgjöld aukist og ríkissjóður er rekinn með meiri halla en nokkur dæmi eru um. Til þess að ná árangri í ríkisfjármálum er nauðsynlegt að grípa til margþættra aðgerða til lækkunar á útgjöldum ríkisins.

Í þessu skyni fellst þjóðkirkjan á að leggja sitt af mörkum og hreyfir ekki andmælum við að framlög ríkisins samkvæmt samningi frá 10. janúar 1997 verði lækkuð á árinu 2014 til samræmis við almennan niðurskurð á flestum sviðum ríkisins.

Skerðing á umsömdum framlögum til þjóðkirkjunnar á fjárlagaliðnum 06-701 Þjóðkirkjan/Biskup Íslands á árinu 2014 er 1% miðað við fjárlög 2013 eða 14,1 milljónir króna. Niðurskurður 2013 var 16 milljónir króna. Niðurskurður 2014 verður því samtals 327,3 milljónir króna miðað við fjárlög 2009.

2. gr.

Þrátt fyrir að aðilar samkomulagsins líti á framangreint samkomulag um eignaafhendingu og skuldbindingu sem fullnaðaruppgjör þeirra, vegna þeirra verðmæta sem ríkissjóður tók við árið 1907, eru aðilar sammála um að ofangreind skerðing á framlagi ríkisins vegna launagreiðslna samkvæmt 3. gr. samkomulagsins, leiði ekki til riftunar kirkjujarðasamkomulagsins.

3. gr.

Samkomulag þetta hefur til þessa einnig leitt til þess að hagræðingarkrafa er gerð gagnvart Kristnisjóði. Á árinu 2013 var hún 0,9 millj. kr. miðað við fjárlög 2012 umfram þá lækkun sem lágmarkslaun 15 prestsembætta hefur tekið. Niðurskurður árið 2012 var 2,3 milljónir kr. Að þessu sinni er ekki gerð hagræðingarkrafa gagnvart Kristnisjóði og uppsafnaður niðurskurður 2014 verður því hinn sami og 2013 eða samtals 18,1 milljónir kr. miðað við fjárlög 2009.

4. gr.

Samkomulagi þessu sem gert er með fyrirvara um samþykki kirkjuþings og Alþingis er ætlað að gilda fyrir árið 2014.

33. mál kirkjuþings 2013
Flutt af biskupi Íslands

Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007

1. gr.

12. gr. starfsreglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Hríseyjarsókn, Stærra-Árskógssókn, Möðruvallaklausturssókn í Hörgárdal, Miðgarðasókn, Tjarnarsókn, Upsasókn, Urðasókn og Vallasókn mynda nýtt prestakall, Dalvíkurprestakall.

Prestssetur sóknarprests: Dalvík.

Prestssetur prests: Möðruvellir

2. gr.

12. gr. starfsreglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Austurlandsprófastsdæmi

Prestssetur Kolfreyjustaðarprestakalls verður á Búðum, Fáskrúðsfirði.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 59. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlist gildi 1. júlí 2014.

34. mál kirkjuþings 2013
Flutt af kirkjuráði

Þingsályktun um sölu fasteignar í eigu kirkjumálasjóðs

Kirkjuþing 2013 heimilar sölu prestsbústaðarins að Blómsturvöllum 35, Neskaupsstað í Norðfjarðarprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi. Prestsbústaðurinn er í eigu Kirkjumálasjóðs.

Heimildarákvæði um sölu fasteignarinnar gildir fram að kirkjuþingi 2014.

Kjör í nefndir í lok kirkjuþings 2013

Starfshópur þriggja manna til að fara yfir nógildandi starfsreglur um samkirkjunefnd þjóðkirkjunnar nr. 1006/2005 (16. mál)

Magnea Sverrisdóttir, formaður
Irma Sjöfn Óskarsdóttir
Sveinn Valgeirsson

Nefnd um eflingu kyrrðarstarfs (17. mál)

Katrín Ásgrímsdóttir, formaður
Guðrún Eggertsdóttir
Vigfús Ingvar Ingvarsson

Starfshópur þriggja manna til að vinna að stefnumótun um stjórnarsýslu þjóðkirkjunnar (29. mál)

Steindór Haraldsson, formaður
Sveinbjörg Pálsdóttir
Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir

Nefnd um fjármál og rekstur (30. mál)

Birna Guðrún Konráðsdóttir, formaður
Guðmundur Einarsson
Þráinn Þorvaldsson

Kjörstjórn við kirkjuþingskjör

Fulltrúar kirkjuþings

Aðalmenn: Halla Bachman Ólafsdóttir lögfræðingur og Karl M. Kristjánsson

Varamenn: Anna Guðmunda Ingvarsdóttir og Vigfús Ingvarsson

Biskup skipar formann og varamann hans án tilnefningar.

Formaður: Hjördís Stefánsdóttir

Varaformaður: Hjalti Zóphóníasson

Þjóðmálanefnd - formaður

Þorvaldur Víðisson